

Staðráðin í að lifa þetta af

Ragnildur Ágústsdóttir og eiginnmaður hennar settu fyrirtækishugmynd á ís, þegar báðir synir þeirra voru greindir einhverfir. Hún var svo endurlifguð þegar betur gekk en þau höfðu þorað að vona, og Icelandic Lava Show varð að veruleika. Svo kom heimsfaraldur. ➔ 18



Mér finnst þeir alveg dásamlegir og þeir hafa gefið mér sýn á heiminn sem ég er heppin að hafa.



Rændur barnæskunni

Ólafur Einarsson greindist með bráðahvítblæði aðeins átta ára gamall. ➔ 20



Afhjúpaði hulinn heim

Dalrún J. Eygerðardóttir skráði sögu jaðarsettra kvenna í gamla bændasamfélaginu. ➔ 22



Ekki heilagur sannleikur

Hjónin Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét opna Vínlandssetur í Búðardal. ➔ 24




FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



ALVÖRU MATUR Á ÖRFÁUM MÍNÚTUM

Hollta
KJUKLÍNGUR

Veður



Austlæg eða breytileg átt 3-8 m/s, en 8-13 með suðurströndinni. Skýjað með köflum og stöku skúrir á Suður- og Vesturlandi, og sums staðar þokubakkar austan til, en bjartviðri norðanlands. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast í innsveitum fyrir norðan. **SJÁ SÍÐU 30**



Brynjar Eldon Geirsson, framkvæmdastjóri Gólfsambandsins.

Golfklúbbar fá fjölda umsókna

ÍÞRÓTTIR „Við spáðum að þetta yrði eitt stærsta gólfsumar í manna minnum, því ef landið yrði lokað þyrfti fólk að finna sér eitthvað að gera og okkur sýnist að það sé að verða raunin,“ segir Brynjar Eldon Geirsson, framkvæmdastjóri Gólfsambands Íslands.

Brynjar sér mikla aukningu í eftirspurn eftir því að gerast meðlimur í golfklúbbunum. „Einhverjir klúbbar eru fullir og geta ekki tekið við fleirum, en svo eru aðrir sem eru ennþá með laus pláss, bæði úti á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu,“ segir hann.

Að sögn Brynjars voru samtals skráðir um átján þúsund félagar í rúmlega sextíu golfklúbba landsins. „Við erum spennt fyrir því að fá í hús á næstu vikum tölur frá klúbbunum og sjá hvernig aukningin er.

Aðspurður hvort þessi staða þýði ekki að mun erfiðara sé að komast að á golfvöllum en áður, segir Brynjar þá ekki endilega vera svo.

„Það er augljóslega meiri trafik á golfvöllum landsins og í einhverjum tilfellum þýði það að erfiðara sé að komast að. Vellirnir voru opnaðir á mismunandi tímum í vor og þar af leiðandi myndadist töluverður þrýstingur á þeim völlum sem var búið að opna. En það er örugglega mismunandi eftir golfklúbbum hvernig umferðin hefur þróast, segir Brynjar. – gar

Róður í rjómabliðu



„Hafið, bláa hafið...“ söng skáldið forðum og dróg ef til vill huga þessara ungu ræðara til þess sem liggur bak við ystu sjónarrönd. Siglinganámskeið hjá Siglingaklúbbnum Þyti fór fram í blíðviðrinu í Flensborgarhöfn í gær. Hefur þú heimsótt æskudraumalönd í sumar? **MYND/ERNIR**

Icelandic til Asíu

VIÐSKIPTI Samið hefur verið um að dótturfélög Brims í Asíu sem starfa í Japan, Hong Kong og Kína, geti notað vörumerkið Icelandic við sölu og markaðssetningu íslenskra sjávarafurða. Í samræmi við ákvörðun sem tekin var þegar Framtakssjóður Íslands afhenti ríkissjóði vörumerkin Icelandic og Icelandic Seafood árið 2018, hefur Íslandsstofa nú umsýslun með vörumerkjunum.

Þá hefur einnig verið gengið frá samningi við bandaríska dreifingarfyrirtækið Greenwood Group um sölu á fiskolium undir nafninu Icelandic Wild Fish Oil, sem SagaNatura framleiðir.

„Árangursríkir samningar um notkun Icelandic vörumerkisins hafa legið fyrir um árabíl við High Liner Foods í Norður-Ameríku. Iceland Seafood og Ibérica á Spáni og Suður-Evrópu nýta einnig vörumerkið,“ er haft eftir Þorkeli Sigurlaugssyni, formanni stjórnar Icelandic í tilkynningu. – bp

Listaverk Ólafar hefur verið fjarlæggt tvisvar

Listaverk á horni Freyjugötu og Óðinsgötu er horfið í annað sinn á stuttum tíma. Í fyrra skiptið söguðu starfsmenn borgarinnar það niður fyrir mistök. Listamaðurinn segir marga hafa pirrað sig á verkinu og nágrannar kvartað.

MENNING Listaverk á horni Freyjugötu og Óðinsgötu er horfið í annað sinn á stuttum tíma. Í fyrra skiptið var það fjarlæggt af borgarstarfsmönnum, en fyrir heppni tókst að bjarga því frá förgun.

„Ég vissi ekki að þetta yrði svona stuðandi. Það hafa margir verið að pirra sig á þessu, nágrannar hafa kvartað og aðrir leikið sér á því. Ég er búin að þurfa að gera við það nokkrum sinnum. Nú er það bara horfið,“ segir Ólöf Bóadóttir, listamaður.

Verkið heitir Ferró skiltagerð og var tómt vindskilti með langa fætur, sem skorðaðir voru undir bekkji á torginu. Það er hluti af sýningunni Skúlptúr í formi hárbolta sem fer fram í sýningarrými Harbinger, hinum megin við götuna. „Vindskiltin eru út um allt og það er allt í lagi ef þau eru neytendavæn: verkið inniheldur engan kapitalískan áróður. Mér finnst svo fyndið að jafn klossaður hlutur og vindskilti er, sé notaður til að stýra hegðun fólks í dag þegar upplýsingaöflun gerir algörþmum kleift að sinna því á mun hlédrægari hátt.“

Verkið var sett upp fyrir þremur vikum og átti að standa fram yfir helgi, en þetta er síðasta sýningarhelgin. Skúlptúr í formi hárbolta er opin á föstudag, laugardag og sunnudag á milli klukkan 14 og 17 í Harbinger á Freyjugötu 1.

Í fyrra skiptið sem verkið hvarf höfðu starfsmenn borgarinnar verið að verki, þó svo að listaverkið sé með leyfi frá borgaryfirvöldum. „Þeir tóku það niður,“ segir Ólöf og hlær hátt. „Ég fékk samt frá Steinunni Önnudóttur sem rekur sýningarrýmið og fór í gegnum fimm skref sorgarinnar á augnabliki.“



Listaverkið Ferró skiltagerð hefur staðið á horni Freyjugötu og Óðinsgötu.

Ég vissi ekki að þetta yrði svona stuðandi, það hafa margir verið að pirra sig á þessu.

Ólöf Bóadóttir, listamaður

þeirra þar sem ég sauð það aftur saman.“

Í svari frá umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar segir að mistökin séu afskaplega leiðinleg.

Ólöf fékk góðar sárabætur frá borginni, þar á meðal aðstoð við að laga verkið og koma því aftur fyrir. „Ég innti eftir því hvort ekki vantaði starfskraft á verkstæðið og fékk samt klukkutíma síðar, þar sem mér var boðin staða. Ég vinn nú við að gera borgina snyrtilega yfir sumartímamann.“

Nú er búið að taka verkið niður aftur, í þetta skipti var það ekki borgin. Ólöf hefur engan ákveðinn grunadán, en er með kenningar. „Líklegt er að einhverjum nágrannanum hafi ekki þótt mikið til verksins koma og tekið málin í eigin hendur.“ **arib@frettabladid.is**

GÓÐA FERÐ INNANLANDS

TAX FREE*

af förðunavörum, ilmvötnum og völdum húðvörum

19,35% verðlækkun

Gildir 15. júní - 27. júlí 2020 í verslunum og í netverslun Lyfju

LYFJA



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR
ÞIG

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Allt að **50%** afsláttur

ÚTSALA

Sumarblóm -20-50% • Trjáplöntur -20-50% • Útipottar -25% • Gervisumarblóm -25%
Gasgrill (Gildir ekki af Weber) -20% • Kolagrill -20% • Reiðhjól (Gildir ekki af rafmagnshjólum) -20% • Keðjusagir -20%
Garðhúsgögn -20% • Áltröppur/stigar -20-25% • Sláttuvélar -20-25% • Sláttuorf -20-30%
Rafmagns- og bensín hekkklippur -20-30% • Hekk- og greinaklippur -30% • Háprýstidælur (Nilfisk) -20-25%
Slönguhjól (Claber) -30% • LADY málning -20% • Viðarvörn (Jotun) -20% • Pallaolía -20% • Viðarvörn (Gori) -30%
Útimálning -20% • Hnífapör og ýmis eldhúsáhöld -30% • Matarstell, glös og könnur -30%
Pottar, pönnur og hitakönnur -30% • Regnföt -30% • Útivistarfatnaður -25% • Vinnufatnaður -25%
Barnaöryggi -20% • Vinnuhanskar -20% • Vinnuöryggisvara (hjálmar, grímur o.fl.) -20%



Gefum ÍS
í Skútuvoði á
laugardag kl. 12-17.



Kaupauki

Kassi af Sumar Kristal fylgir
öllum grillum í Skútuvoði.
Á meðan birgðir endast.



TÖLUR VIKUNNAR 28.06.2020 TIL 04.07.2020

**2.200**

manns sóttu rafrænt ökuskirteini á sömu sekúndu á miðvikudagskvöldið. Nokkuð álag var á kerfinu.

**92,2**


prósent gilda atkvæða í forseta- kosningunum síðustu helgi, féllu í hlut Guðna Th. Jóhannessonar.

**465**

Teslu-bílar hafa selst á Íslandi það sem af er árinu. Er það næstmest selda bílategundin á eftir Toyota.

**84**

ár er meðalævilengd íslenskra kvenna. Íslenskir karlar lifa að meðaltali í 81 ár.

**3**

milljarða króna kosta endurbætur á Lundarskóla á Akureyri, eftir að mygla kom upp í byggingunni.

Þrjú í fréttum formaður, þingmaður og söngstjarna

Einar Hermannsson

formaður SÁÁ

var kosinn formaður samtakanna á aðalfundi á þriðjudag. Tvær fylkingar tókust á og fjöldi manna lýsti stuðningi við framboð Einars, sem sigraði Þórarin Tyrtingsson, fyrrverandi formann SÁÁ, með miklum yfirburðum. Arnþór Jónsson, fráfarandi formaður, sóttist ekki eftir endurkjöri.



Haldóra Mogensen

þingmaður Pírata

barðist hart fyrir frumvarpi um afgangspáveðingu neysluskammta á fíkniefnum. Frumvarpið var fellt og í kjölfarið brutust mikil mótmæli út á samfélagsmiðlum. Þá kallaði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra frumvarpið ónothæft. Stjórnarliðar hafa boðað annað frumvarp í opnu samráði.



Sigrít Ericksdóttir

söngkona

söng sig inn í hug og hjórtu heimsbyggðarinnar með lagi um samnefndan heimabæ sinn Húsavík, í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem sýnd er á Netflix. Myndin fær misjafna dóma og sitt sýnist hverjum.



Höfundar vantreysta Storytel

Fákeppni gæti ríkt í íslenskri bókaútgáfu, segir formaður Rithöfundasambandsins. Stjórn þess óttast að lítil samkeppni verði á íslenskum hljóðbókamarkaði með kaupum Storytel á meirihluta í Forlaginu.

VIÐSKIPTI „Þetta var einróma afstaða,“ segir Karl Ágúst Úlfsson, formaður Rithöfundasambands Íslands, RSÍ, um harðorða ályktun stjórnar sambandsins vegna kaupa sænska fyrirtækisins Storytel á 70 prósentu hlut í Forlaginu, stærstu bókaútgáfu Íslands.

Kaup Storytel eru nú til skoðunar hjá samkeppnisfyrirvöldum. Stjórn Rithöfundasambandsins kveðst hafa áhyggjur af „enn meira valda-ójafnvægi á bókamarkaði,“ ef kaupin gangi eftir, því stærsta bókaútgáfa landsins og eina streymisveita hljóðbóka verði í eigu sama aðila.

„Samruni stórra aðila á markaði leiðir iðulega til skerðingar á virkri samkeppni, sem kemur neytendum og öðrum á markaði illa,“ segir í ályktun stjórnarinnar.

„Stjórn RSÍ vantreystir hinu sænska móðurfélagi og stjórnendum þess, því reynsla höfunda af dótturfélaginu Storytel á Íslandi er ekki góð og sömu sögu má heyra frá félögum okkar á hinum Norðurlöndunum,“ segir áfram í ályktuninni. Greiðslur til þeirra sem eiga verk hjá Storytel á Íslandi séu afar lágar og tekjumódelið ógegnsett.

„Stjórnin óttast að tilgangur eiganda Storytel á Íslandi, Storytel AB í Svíþjóð, sé að komast nær höfundarverki íslenskra höfunda og eyða allri samkeppni á hljóðbókamarkaði,“ segir áfram. Höfundar og útgefendur ytra hafi borð þvi vitni að frelsi þeirra og menningarleg áhersla hafi beðið hnekki með eignarhaldi Storytel AB. „Slíkt vekur ugg í brjósti höfunda hér á landi, sporin ytra hræða, en reynslan ein mun leiða í ljós hvort sama öfugþróun verði hérlandis.“

Fundur stjórnarinnar í gær stóð í yfir fjórar klukkustundir. Karl Ágúst segir að þurft hafi að fara yfir



Stjórn Rithöfundasambands Íslands ræddi kaup Storytel á Forlaginu á löngum fundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þegar tvö stórfyrirtæki sameinast á svona örmarkaði eins og á Íslandi, þá hlýtur það að bitna á þeim sem taka ekki jafn mikið pláss.

Karl Ágúst Úlfsson, formaður Rithöfundasambands Íslands



mikið af gögnum. „Meðal annars frá hinum Norðurlöndunum, þar sem hafa verið svipaðir hlutir að gerast. Við erum að reyna að læra af reynslu kollega okkar þar og líka reynslu smærri útgefenda á Norðurlöndum,“ útskýrir hann. Þar að auki hafi stjórnin rætt ýmis samningamál sambandsins við Félag bókaútgefenda.

Aðspurður um stöðu annarra bókaútgefenda á Íslandi segist Karl Ágúst hafa þungar áhyggjur af litlu forlögnum. „Þegar tvö stórfyrirtæki sameinast á svona örmarkaði eins og á Íslandi, þá hlýtur það að

bitna á þeim sem taka ekki jafn mikið pláss. Þarna eru orðnir ákveðnir yfirburðir og í raun og veru fákeppni með svona samruna,“ segir hann.

Þá undirstrikar Karl Ágúst að hlutverk Rithöfundasambandsins sé að standa vörð um kjör rithöfunda.

„Ef eitthvað gerist sem vekur hjá okkur áhyggjur um að til dæmis samningsstaða rithöfunda gæti versnað, andspánis svona stóru batterii, verðum við að taka mark á því og láta þær áhyggjur í ljós.“ gar@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBODSADILI

Jeep**RAM****ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA****ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.****FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI****BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM****ALLIR BÍLAR SÓTTBREINSADIR****STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323**

Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og ihluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.

**ISBAND**ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00

Jafnrétti alla leið



Sömu laun fyrir sambærileg störf

Jafnlaunakerfi N1 hefur nú undirgengist endurúttekt og hlotið vottun samkvæmt staðlinum ÍST 85:2012. Við erum stolt af starfsfólkinu okkar og greiðum því sömu laun fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf. N1 hefur verið jafnlaunavottað frá árinu 2015.

440 1000 n1.is



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023



sushi
social

CARNIVAL

fimmtudaginn 9. júlí

ÞÉR ER BOÐIÐ Í CARNIVAL
Á FIMMTUDAGINN

Amabadama, Dj Goggi, Bríet, Auður, Dj Dóra Júlía, Sirkus Íslands, Gógó Starr, Einar Mikael, Carnival drottningin Josy Zareen og fleiri frábærir gestir halda uppi sjóðheitri stemningu.

SMÁRÉTTIR

Avokadó franskar	1.290 kr.
Laxa ceviche	1.890 kr.
Japönsk BBQ Baby back rif	2.490 kr.
Kjúklinga Yakitori	2.390 kr.
Social style nauta carpaccio	1.990 kr.
Nautaspjót Anticucho	2.390 kr.

DJÚSÍ SUSHI

Surf'n turf - 4 bitar	1.690 kr.
Samba - 4 bitar	1.590 kr.
Lax - 4 bitar	1.490 kr.

EFTIRÉTTUR

Karamellu fudge	1.490 kr.
-----------------	-----------

Matur
og drykkur
á hátíðar-
verðiTónlist
gleði og
glimmer-
barinn

@SushiSocialReykjavik

Borðapantanir á sushisocial.is og í síma 568 6600

ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!



Sjö dómarmar skipa Hæstarétt eftir að hann fékk nýtt hlutverk með nýjum dómstólalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kynjahlutföllin gætu
jafnast við Hæstarétt

Tveir nýir dómarmar verða skipaðir við Hæstarétt í haust þegar Þorgeir Örlygsson og Gréta Baldursdóttir láta af embætti. Mikil endurnýjun hefur orðið í réttinum og nokkur ár gætu liðið áður en næsti dómari lætur af embætti.

DÓMSTÓLAR Þorgeir Örlygsson, forseti Hæstaréttar, og Gréta Baldursdóttir hafa óskað lausnar frá embætti hæstaréttardómara frá 1. september næstkomandi.

Mikil kynslóðaskipti hafa orðið við réttinn á undanförunum missurum. Markús Sigurbjörnsson, sem gegnt hafði embætti hæstaréttardómara í aldarfjórðung, lét af embætti síðastliðið haust og á sama tíma Viðar Már Matthíasson eftir tæpan áratug. Fyrr í vor lét Helgi I. Jónsson af embætti eftir tæp átta ár í réttinum.

Ingveldur Einarsdóttir var ein skipuð dómari í stað þeirra Markúsar og Viðars Márs, vegna fækkunar dómara við Hæstarétt sem kveðið var á um í nýjum lögum um dómstóla sem samþykkt voru árið 2016.

Í stað Helga I. Jónssonar var Sigurður Tómas Magnússon, þá landsréttardómari, skipaður við réttinn.

Þegar Helgi lét af störfum í vor sóttu fimm um embættið, Aðalsteinn E. Jónasson landsréttardómari, Davíð Þór Björgvinsson landsréttardómari, Jóhannes Sigurðsson landsréttardómari, Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari og Sigurður Tómas. Aðalsteinn og Davíð Þór drógu umsagnir sínar til baka.

Þegar laus staða við réttinn var auglýst í fyrra sóttu einnig um þau Ása Ólafsdóttir prófessor, Guðni Á. Haraldsson lögmaður og Oddný Mjöll Arnardóttir landsréttardómari.

Gréta Baldursdóttir var skipuð dómari við Hæstarétt árið 2011 og

Aldur og skipunartími

- Ólafur Þórkur Þorvaldsson (f. 1961) skipaður 1. september 2003
- Benedikt Bogason (f. 1965) skipaður 1. september 2012
- Karl Axelsson (f. 1962) skipaður 1. október 2015
- Ingveldur Einarsdóttir (f. 1959) skipuð 1. janúar 2020
- Sigurður Tómas Magnússon (f. 1960) skipaður 18. maí 2020
- Tveir dómarmar verða skipaðir 1. september 2020

» Kjösa þarf nýjan forseta réttarins þegar Þorgeir Örlygsson lætur af embætti 1. september næstkomandi

hefur setið í réttinum í níu ár. Hún var um tíma eina konan í Hæstarétti þar til Ingveldur Einarsdóttir var skipuð hæstaréttardómari í fyrra. Nú eru tvær konur skipaðar við réttinn og fimm karlar.

Þar sem skipa þarf í tvær stöður við réttinn nú er mögulegt í fyrsta skipti í sögu hans að kynjahlutföll verði eins jöfn og kostur er, með

þremur konum og fjórum körlum.

Þorgeir Örlygsson hefur setið jafnlengi Grétu í Hæstarétti, frá 1. september 2011. Hann var kjörinn forseti réttarins 1. janúar 2017. Hann hefði gegnt því hlutverki út næsta ár hefði hann ekki kosið að óska lausnar frá dómaraembætti nú.

Benedikt Bogason var kjörinn varaforseti Hæstaréttar þegar Helgi I. Jónsson hvarf úr réttinum í vor og má gera ráð fyrir því að hann verði kjörinn forseti réttarins þegar Þorgeir lætur af embætti.

Sem fyrr segir hafa mikil kynslóðaskipti orðið við réttinn undanfarin ár. Af núverandi dómurum við Hæstarétt hefur Ólafur Þórkur Þorvaldsson gegnt embætti langlongst en hann var skipaður árið 2003 og hefur því setið í réttinum í átján ár. Á eftir honum koma þau Gréta og Þorgeir sem nú hafa óskað lausnar en þau voru skipuð árið 2011.

Samkvæmt stjórnarskrá geta dómarmar við Hæstarétt óskað lausnar frá Hæstarétti við 65 ára aldur án þess að missa neins af eftirlaunum sínum. Flestir dómarmar hafa nýtt þennan rétt sinn og farið á eftirlaun um 65 ára aldurinn. Af þeim dómurum sem nú sitja við réttinn, að frátöldum þeim Grétu og Þorgeiri, er Ingveldur elst en kemst þó ekki á leyfilegan eftirlaunaaldur fyrr en eftir fjögur ár. Því má ætla að mannabreytingum ljúki í bili við réttinn þegar skipað hefur verið í stöður þeirra Grétu og Þorgeirs. adalheidur@frettabladid.is

Vissu af rakavandamálunum í janúar

KÓPAVOGUR Farið verður í framkvæmdir við heilsuleiksskólann Kór í Kórahverfi í Kópavogi í sumar eftir að mygla fannst í austur- og suðurhluta skólans. Þetta kom fram á opnum fundi með foreldrum í gær. Skólinn er rekinn af Skólum ehf. en byggingin er í eigu Kópavogsbæjar.

Samkvæmt tölvupóstum, sem ræddir voru á fundinum, kom fram að stjórnendur Skóla ehf. fengu vitneskju um leka- og rakavandamál í skólanum í janúar. Starfsmaður skólans tók sýni í vor sem send voru á Náttúrufræðistofnun Íslands og kom þá í ljós mygla.

» Foreldrar fullyrtu á fundinum að börn hefðu sýnt einkenni sem rekja mætti til myglunnar.



Þeir foreldrar sem tóku til máls á fundinum voru nokkuð reidir og fullyrtu margir að börn hefðu sýnt mikil einkenni sem rekja mætti til myglunnar.

Fram kom í máli Gunnars Márs Karlssonar, deildarstjóra fasteigna bæjarins, að farið yrði í fram-

kvæmdir í sumarlokun leiksskólans. Hefði bærinn verið bedinn að bíða með vinnuna til sumarlokunar.

Rifnir verða upp dúkar undir gluggum á austurhlíðinni og heilbrigðisfirtlit mun taka skólann út áður en starfsemi hefst í ágúst. Sagði hann að margt hefði mátt gera betur en málið væri ekki sambærilegt því sem kom upp í húsnæði Íslandsbanka við Kirkjusand.

„Auðvitað er hægt að læra af öllum mistökum sem gerð voru en ekkert benti til þess að þetta væri eitthvað hættulegt fyrir starfsmenn eða börn,“ sagði Gunnar. – ab



útsala 40%

afsláttur af öllum
útsöluvörum





Atvinnuleysi hefur aukist mikið í kjölfar COVID. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

5,4 milljarðar í bætur fyrir júní

VINNUMARKAÐUR Vinnuálagstofnun greiddi út um 5,4 milljarða króna í atvinnuleysisbætur fyrir nýliðinn júnímánuð. Þar af voru 1,3 milljarðar vegna hlutabóta-leiðarinnar. Þetta kemur fram í svörum stofnunarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Til samanburðar voru um 8,6 milljarðar greiddar út vegna má, en rúmur helmingur fjárhæðarinnar þá, eða 4,4 milljarðar, var vegna hlutabóta.

Vinnuálagstofnun hefur aldrei afgreitt fleiri umsóknir um atvinnuleysisbætur en undanfarnar vikur og mánuði.

„Þrátt fyrir það er afgreiðslutími stofnunarinnar í sumum málum of langur. Það má því segja að afgreiðsla á umsóknum hafi almennt gengið vel, en samt hefur ekki tekist að afgreiða allar umsóknir á viðunandi tíma,“ segir í svari Vinnuálagstofnunar.

Brugðist hefur verið við stöðunni með enn frekari fjölgun starfsfólks sem sinnir úrvinnslu umsókna og móttöku gagna. Nærri allir einstaklingar sem hafa fengið umsóknir sínar samþykktar, hafa fengið greitt fyrir júní. Í svari stofnunarinnar segir að misræmi í skráningu, eða leiðrétting á tímabili, kunní í einhverjum tilvikum að teja greiðslur.

Þrjár hópuppsagnir voru tilkynntar til Vinnuálagstofnunar í júnímánuði. Alls misstu 147 manns vinnuna í þessum uppsögnum. Í tilkynningu frá stofnuninni segir að þar með virðist sú hrina hópuppsagna sem hófst í tengslum við COVID-19, vera gengin niður.

Í hópuppsögnum síðustu mánaða misstu um 7.400 manns hjá 110 fyrirtækjum vinnuna. Stærsta hópuppsögnin í júní var hjá PCC á Bakka þar sem um 85 misstu vinnuna. –sar, bdj

Réttarhöld vegna Khashoggis eru hafin í Tyrklandi

TYRKLAND Réttarhöld vegna morðsins á sádi-arabíska blaðamanninum Jamal Khashoggi, hófust í Tyrklandi í gær. Tuttugu Sádar eru ákærðir, en enginn sakborninganna er viðstaddur réttarhöldin.

Khashoggi var myrtur í október árið 2018 á ræðisskrifstofu Sádi-Arabíu í Ístanbul. Hann hafði lengi verið gagnrýninn á stjórnvöld Sádi-Arabíu, meðal annars á krónprinsinn Mohammad bin Salman og konunginn Salman af Sádi-Arabíu.



Khashoggi var myrtur á ræðisskrifstofu Sádi-Arabíu í Ístanbul 2018.

Tveir afsakborningunum eru nánir aðstoðarmenn krónprinsins.

Í fyrstu neituðu sádi-arabísk stjórnvöld að hafa nokkuð með hvarf Khashoggis að gera, en viðurkenndu síðar meir að hann hefði látist á skrifstofunni. Lík hans fannst aldrei, en talið er að hann hafi verið bútaður niður.

Réttarhöld vegna málsins fóru fram í Sádi-Arabíu í fyrra, þar sem átta manns voru dæmdir fyrir morðið. Þar af voru fimm dæmdir

til dauða fyrir að taka þátt í morðinu, en þrír til fangelsisvistar fyrir að breiða yfir það. Enginn sakborninganna hefur verið nafngreindur og hafa margir kallað réttarhöldin í Sádi-Arabíu farsa.

Meðal vitna í réttarhöldunum í gær var starfsfólk sem starfaði við ræðismannsskrifstofu Sáda í Ístanbul um það leyti sem Khashoggi var myrtur. Þau sögðust hafa fengið fyrirmæli um að halda sig fjarri skrifstofunni þann dag. –atv

Milljarðasamstarf við Pfizer

Bandaríski lyfjafyrirtækið Sidekick Health í vikunni. Umsvif íslenska fyrirtækisins munu stórukast og starfsmannafjöldi gæti tvöfaldast næsta árið.

VIÐSKIPTI „Þetta er einn af stærri samningum í okkar geira og afar stór viðurkenning fyrir okkar starf. Með þessum samningi erum við orðin þátttakendur á stóra sviðinu,“ segir lækurinn Tryggvi Þorgeirsson, framkvæmdastjóri og annar af stofnendum Sidekick Health.

Pfizer er eitt stærsta og öflugasta lyfjafyrirtæki heims en í einfölduðu máli snýst samstarfið við Sidekick Health um að bæta þjónustu við fólk með ýmsa langvinna sjúkdóma með stuðningi í gegnum fjarheilbrigðiskerfi á sviðum sem lyfin hafa ekki áhrif á.

Í byrjun árs 2018 var íslenska fyrirtækið valið úr stórum hópi umsækjenda til tilraunasamstarfs við Pfizer.

„Sú samvinna hefur gengið afar vel. Sjúklingaprófanir sem við gerðum á fyrri helmingi ársins 2019 komu afar vel út og ánægja sjúklinga var mikil,“ segir Tryggvi. Í kjölfarið vildi Pfizer útvíkka samstarf fyrirtækjanna og nú er ráðgert að lausnir sem Sidekick Health hefur þróað verði innleidd í fimm sjúkdómaflokkum í 5-10 Evrópulöndum á næstu misserum.

„Mikill meirihluti allra sjúkdóma sem við glimum við eru langvinnir sjúkdómar þar sem lífsstíll getur haft afgerandi áhrif.“

Sidekick Health hefur því þróað lausnir í gegnum fjarheilbrigðiskerfi sem veitir sjúklingum margskonar stuðning. „Sá ávinningur sem Pfizer sér í samstarfi við okkur er að auka



Tryggi Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Sidekick Health.

líkurnar á því að meðhöndlun sjúkdóma með lyfjagjöf beri tilætlaðan árangur,“ segir Tryggvi.

Lyfjafyrirtæki heimsins horfa í auknum mæli til tæknilausna sem geti hjálpað til við lyfjamedferðina. Þar kemur Sidekick Health til skjalanna en rannsóknir og sjúklingaprófanir hafa sýnt að með því að bæta lausn fyrirtækisins inn í hefðbundna meðferð megi bæta ýmsar útkomur svo sem þyngdar- og blóðsykurstjórn, streitueinkenni, þunglyndis- og kvíðaekenni, lífsgæði og dánarlíkur.

Þá hjálpar tæknin einnig til við lyfjaheldni sjúklinga sem er afar mikilvægt enda deyja um 300 þúsund manns árlega í Evrópu og Bandaríkjunum vegna þess að lyf eru ekki tekin með reglubundnum hætti. „Að auki hjálpum við fólk að skilja og takast á við sjúkdóm sinn í daglegu lífi, svo sem með fræðslu og samskiptum við aðra sjúklinga. Loks býður kerfið upp á fjareftirlit og fjarstuðning heilbrigðisstarfsfólks.“ Virði samningsins er áætlað um 8 milljónir evra á næstu tveimur árum eða um 1,3 milljarðar króna.

Stöðugildi hjá Sidekick Health eru 25 en Tryggvi reiknar með að sú tala tvöfaldist á næstu tólf mánuðum. bjornth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐID

Meira á frettabladid.is

Opel Grandland X – takmarkað magn

FRÁBÆR FERÐAFÉLAGI



45

1975 | Sérfræðingar í bílum | 2020

Verð 4.490.000 kr.
Sjálfskiptur



THE FUTURE IS EVERYONE'S

opel.is

Reykjavík
Krókhálsi 9
Sími: 590 2020

Opið
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

ht.is

OPIÐ ALLA HELGINA

HELGARTILBOÐ

Í HEIMILISTÆKJUM OG TÖLVULISTANUM!



20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RYKSUGUM

YFIR 50 GERÐIR Í BOÐI FRÁ HEIMSPEKKTUM VÖRUMERKJUM

iRobot PHILIPS dyson Electrolux BOSCH SIEMENS

SEVERIN CANVAC OBH NORDICA **Ariete** Nilfisk

Gildir 3.-5. júlí eða á meðan birgðir endast



Heimilistæki

10%

AFSLÁTTUR

ALLAR APPLE VÖRUR
Á FRÁBÆRU VERÐI UM HELGINA
TAKMARKAÐ MAGN!

tl.is



TÖLVU
LISTINN

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · AKRANES

Aðeins 1 stk af hverri vöru per viðskiptavin

Eftirlitið



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Því hefur verið haldið fram að eftirlitsiðnaðurinn hér á landi sé fyrirferðarmikill og sögi til sín of mikið fé. Það má rökstyðja það. En það má líka benda á að eftirlit sé nauðsyn, ekki síst þegar líf og limir eru undir.

Tvennt hefur nýlega gerst sem koma hefði mátt í veg fyrir hefði eftirliti verið sinnt. Annars vegar er mannskæður brunni í Vesturbænum í Reykjavík í liðinni viku þar sem þrjár fórust. Hins vegar banaslys á Kjalarnesi þar sem tvennt fórst.

Í fjölmiðlum hefur verið rifjað ýmislegt upp um sögu hússins sem brann. Það er dapurlegur lestur. Af honum má ráða að árum saman hafi brunavörnum verið áfátt og flóttaleiðir fátæklegar. Samt viðgekkst að þar væri fólki búin vist, fólki sem hingað hafði flust. Upplýst var að fyrir skipulagsyfirvöldum lægi erindi um að auka enn frekar ábúð í húsinu. Það verður ekki. Það skortir ekki á fyrirmæli í byggingarreglugerðum um öryggi og aðbúnað þegar nýbyggingar eiga í hlut. En það virðist auðvelt að taka löngu byggð hús úr byggingarefnum sem þá tíðkuðust eða hús sem ætluð voru til annarra nota og breyta þeim í dauðagildur og bjóða erlendu vinnuafl, sem hingað leitar betra lífs, og leigja dýru verði. Jafnvel greiða fyrir dvölinna með lífi sínu. Þegar ekki má reisa pall, girðingu eða saga niður tré án leyfis, hvernig getur þetta þá gerst?

Víkur þá sögunni að Kjalarnesi. Vegagerðin fer fyrir vegabótum og uppbyggingu vegakerfisins. Hluti þeirra verkefna er boðinn út og lagt fyrir verktaka að fylgja fyrirskrift stofnunarinnar um hvernig verkið skuli innt af hendi, í því skyni að hámarka nýtingu á takmörkuðu fé sem til ráðstöfunar er í nauðsynleg verkefni. Síðla síðustu viku hafði verktaki malbikað spotta á Kjalarnesi. Svo verður um helgina þetta hörmulega atvik sem kostaði tvö mannlíf. Í Fréttablaðinu sagði umferðaröryggissérfræðingur að ljóst væri að ekki hefði verið farið eftir uppskrift við gerð malbiksins. Sambærileg blanda væri notuð til að útbúa hálkusvæði við öskuskóla í öðrum löndum.

Í fréttum hafa fyrirsvarsmenn Vegagerðarinnar sagt að stofnunin beri endanlega ábyrgð. Rannsaka þurfi bikið og senda í greiningu, helst til útlanda. Vegagerðin ætlar þannig sjálf að rannsaka málið sem hún ber ábyrgð á.

En það er ekkert nýtt að hættulegt yfirlag sé lagt út á íslenskar akbrautir. Í kjölfar kvartana varð niðurstaðan sú að fræsa ofan af flughálu yfirlagi sem lagt var á Hafnarfjarðarveg. Það var árið 2015.

Því fer fjarri að hægt sé að setta sig við að ítrekað sé notað bik sem veldur slyshættu. Hvers vegna var þetta bik, sem öllum mátti vera ljóst að væri stórvarasamt, notað enn og aftur – að fyrirmælum Vegagerðarinnar?

Bedið verður niðurstöðu rannsókna um hvers vegna nýlagt bik varð dauðagildra. En það dugar ekki að Vegagerðin rannsaki sjálf mál sem hún hefur lýst yfir að bera ábyrgð á.

Til þess þarf einhvern annan.



Vegagerðin ætlar þannig sjálf að rannsaka málið sem hún ber ábyrgð á.

Gunnar



Mín skoðun Lára G. Sigurðardóttir



COVID-glíman

Áður en ég vissi af var ég komin í faðminn á konunni. Hún hafði teyg út handleggina og í einföldni minni hélt ég að hún væri að bjóða mér faðm. Þegar ég greip um axlirnar á konunni skynjaði ég að hún spenntist upp og steig til hliðar. Í stað þess að fá innilegt faðm lag vorum við komnar í einskonar glímu, COVID-glímu. Mér leið strax kjánalega og sagði við sjálf mig: „mikið geturðu verið taktlaus, svona gerir maður ekki í ljósi aðstæðna.“ En það var of seint því snerting hafði átt sér stað. Hið snarasta bryddaði ég upp á umræðuefni til að taka athyglina af hinu vandræðalega „faðm lagi“. Eftir þriggja mánaða stofufangelsi í Kaliforníu þyrsti mig í félagsleg tengsl. Þau eru ekki auðsött á þessum tímum.

Sýklar á fyrsta farrými

Þó margt sé komið í eðlilegt horf hér á landi þá getur það að heilsast verið snúið. Snerting hefur mikið félagslegt gildi. Meira að segja dýrin nota snertingu til að tengjast hvert öðru. Í okkar samfélagi hefur tíðkast að heilsast með handabandi. Sagt er að það sé ekki einungis kurteisi heldur vekji það traust og styrki félagsleg tengsl. Juliana Schroeder við Berkeley háskóla hefur rannsakað handabandið og segir menn ná meiri árangri í viðskiptum takist þeir í hendur: „Það breytir ekki einungis hvernig þú skynjar hinn aðilann, heldur hvernig þú lítur á aðstæðurnar. Þú segir við sjálfan þig: Nú erum við að vinna saman en ekki gegn hvor öðrum.“

Kostir og gallar

Handabandið hefur kosti og galla. Þar sem hendur eru notaðar til að bora í nef, skeina rass og plokka leifar úr tönnum, þá ferjum við sýkla á fyrsta farrými til næsta manns. Kannanir sýna að margir þvo hendur illa eða

alls ekki eftir salernisferðir. Rannsókn frá 2011 sýndi að handþvottur með sápu dregur mikið úr saurbakteríum en tryggir samt ekki að þær hverfi með öllu. Síðustu ár hafa menn þó bent á að með handabandi fáum við einnig nýtsamlegar bakteríur sem verja okkur gegn skadlegum sýklum.

Hvaðan kemur handabandið?

Móðir mín kenndi mér að heilsa. Því þéttingsfastara og ákveðnara handaband, því meira mark er tekið á manni. Og ég kenndi sonum mínum slíkt hið sama. Út frá handabandi ályktum við gjarnan um persónuleika þess sem snertir lófa okkar. En hvaðan kemur sá vani að heilsast með því grípa um hönd annarra? Sú kenning sem hefur líklega notið mestrar hylli er að handaband sé tákn friðar. Með því að rétta fram höndina sýndirðu að þú bærir ekki vopn og þegar þú hrístir höndina hressilega vissir þú að handabandsfélaginn hefði ekkert að fela í erminni. Sú iðja að takast í hendur sést á ævafornum grafreitum og steinhellum, m.a. á myndum af guðum að gera með sér samning. Það teygir sig meira að segja aftur til Ódysseífskiðu Hómers frá um 750 f. Kr.

Nýjar leiðir

Íslendingar hafa þó nýtt sér aðrar leiðir til að heilsast. Í sögubókum er sagt frá því að menn hafir hér áður fyrr lyft hatti eða hneigt sig. Eitt er ljóst að það er eðlilegt að við setjum handabandið í hlé, en það væri hjálplegt ef við kæmum okkur saman um hátt til að heilsast án handabands. Hvort heldur með því að horfast í augu, brosa og kinka kalli, eða reka út tunguna eins og tíðkast í Tibet. Fyrir mér má handabandið hverfa, en án faðmlagsins mun tilveran tapa hlýju.

SPJALL & STYRKING

Opin fræðsla fyrir alla sem nýlega hafa greinst með krabbamein fer fram í Ljósinu, Langholtiavegi 43, næstu mánudaga milli 10:30 - 12:00:

- 6. júlí: Líðan, virkni og stuðningur
- 13. júlí: Þreyta - Orkusparandi aðferðir
- 20. júlí: Sjálfstyrkur, sjálfsmýnd
- 27. júlí: Slökun
- 10. ágúst: Streita og bjargráð
- 17. ágúst: Fjölskyldan og samskipti
- 24. ágúst: Markmiðasetning

Frekari upplýsingar á www.ljosid.is



5

Öflugra
og ódýrara
4G Net

Þú borgar bara fyrir það sem þú notar í 4G netáskrift hjá Vodafone.

Grunnáskrift er aðeins 2.990 kr. og við færum þig sjálfkrafa
í hagkvæmasta þrep eftir notkun í hverjum mánuði.

Starfsfólk Vodafone

vodafone.is/nyttupphaf

 **vodafone**

Jóhann mögulega í hóp á morgun

ENSKI BOLTINN Jóhann Berg Guðmundsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, og leikmaður enska úrvalsdeildarliðsins, gæti verið í leikmannahópi liðsins þegar Burnley mætir Sheffield United í 33. umferð deildarinnar í hádeginu á morgun.

Ef af því verður yrði það í fyrsta skipti síðan um síðustu áramót sem Jóhann Berg væri í leikmannahópi Burnley. Jóhann Berg meiddist á kálfa í bikarleik með Burnley 4. janúar síðastliðinn og hefur ekki náð að jafna sig af þeim meiðslum almennilega.

„Jóhann hefur æft af fullum krafti með liðinu í nokkurn tíma en við höfum ekki viljað taka áhættuna á því að meiðslin taki sig upp aftur, með því að láta hann spila í leikjum liðsins undanfarið.

Við höfum viljað gefa honum nægan tíma til þess að jafna sig algjörlega áður en hann spilar. Það er hins vegar finnst möguleiki á því að hann taki þátt í leikum að einhverju leyti um helgina,” segir Sean



Jóhann Berg í leik með Burnley.

Dyche, knattspyrnustjóri Burnley um stöðu mála á meiðslunum hjá Jóhanni Berg, sem hefur einungis spilað sjö deildarleiki með liðinu á yfirstandandi leiktið.

Burnley situr í 10. sæti deildarinnar með 42 stig en liðið hefur haft betur í síðustu tveimur leikjum sínum. Leikur Burnley og Sheffield United fer fram á Turf Moor, heimavelli Jóhanns Berg og félaga og hefst klukkan 11.00 að íslenskum tíma á morgun. – hó

Guðmundur Andri áfram hjá Start

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Guðmundur Andri Tryggvason hefur framlengt samning sinn við norska úrvalsdeildarliðið Start, en félagið greindi frá þessu á Twitter-síðu sinni.

Guðmundur Andri er nú samningsbundinn Start til ársins 2023, en hann gekk til liðs við félagið árið 2018. Framherjinn lék svo með Víkingi sem lánsmaður síðasta sumar, þar sem hann varð bikarmeistari með Fossvogslíðinu.

Þessi tvítugi leikmaður skoraði 7 mörk í sextán leikjum fyrir Víking á síðasta keppnistímabili.

„Andri er einkar hæfileikaríkur leikmaður sem hefur eiginleika sem afar fáir leikmenn búa yfir. Hann er með góða tækni, er snöggur og getur komið andstæðingum á óvart með brellum sínum.

Andri er einkar hæfileikaríkur leikmaður sem hefur eiginleika sem afar fáir leikmenn búa yfir.

Jóhannes Harðarson
þjálfari Start

Meiðsli hafa gert honum erfitt fyrir á meðan hann hefur verið í herbuðum okkar, en við litum á hann sem framtíðarleikmann hjá félaginu,” segir Jóhannes Harðarson, þjálfari Start, í frétt félagsins um undirskrift Guðmundar Andra sem hefur misst af fyrstu fimm deildarleikjum liðsins vegna meiðsla. – hó



Ísak Bergmann Jóhannesson hefur leikið vel fyrir sænska úrvalsdeildarliðið Norrköping. MYND/SIMON LARSSON

Hlutverkið hjá Ísaki stækkar og stækkar

Ísak Bergmann Jóhannesson er í sívaxandi hlutverki hjá Norrköping sem trónir á toppi sænsku úrvalsdeildarinnar með 13 stig eftir fimm umferðir. Norrköping hefur fjögurra stiga forskot á Malmö sem situr í öðru sæti.

FÓTBOLTI Ísak Bergmann kom inn á sem varamaður í tveimur af fyrstu þremur leikjum deildarinnar, en var svo í byrjunarliði Norrköping í fyrsta skipti í deildarleik, þegar liðið mætti Östersund í fjórðu umferð deildarinnar. Þessi öflugli leikmaður þakkaði traustið sem Jens Gustafsson, þjálfari liðsins, ber augljóslega til hans með því að leggja upp tvö mörk í 4-2 sigri.

Sú frammistaða skilaði honum áframhaldi í byrjunarliðinu, í 1-1 jafntefli á móti Elfsborg í leik liðanna í vikunni. Spilamennska Ísaks Bergmanns í upphafi leiktíðarinnar varð til þess að hann hlaut mikið lof í umfjöllun Aftonbladet, þar sem segir að þrátt fyrir ungan aldur sé Ísak gríðarlega þroskaður leikmaður sem spili líkt og fullorðinn og þrautreyndur leikmaður.

Frábærlega staðið að hlutum hjá félaginu

„Það var vitað þegar ég samdi við Norrköping 15 ára gamall að það myndi taka mig tíma að vinna mér inn sæti í aðalliðinu. Á þeim tíma var hins vegar sett upp skýrt plan um þrepaskiptingu ferilsins á leið minni inn í aðalliðshópinn, og mér líkadi vel við þau áform. Ég myndi segja að það sé allt að ganga samkvæmt plani og það kemur mér ekki á óvart að vera kominn með jafn stórt hlutverki í liðinu og raun ber vitni. Ég er aftur á móti mjög sáttur við það hversu mikið traust ég fæ,” segir Ísak Bergmann í samtali við Fréttablaðið um stöðu mála hjá sér.

„Ég er í grunninn miðjumaður, mér finnst það henta mér best að spila inni á miðjunni, og stefni að því að búa mér til feril í þeirri stöðu. Í þessum leikjum sem ég hef verið að spila á tímabilinu hef ég hins vegar verið að spila öðru hvoru megin við framherjann á kantinum í leikkerfinu 4-3-3, eða fyrir aftan framherjann. Svo leysti ég af



Ísak Bergmann með föður sínum.

Það var vitað þegar ég samdi við Norrköping 15 ára gamall að það myndi taka mig tíma að vinna mér sæti í aðalliðinu. Ég er aftur á móti mjög sáttur við það hversu mikið traust ég fæ.

í einum leik sem vinstri bakvörður þegar það komu upp meiðsli þar í miðjum leik. Það er gott að finna fyrir því að mér sé treyst fyrir mismunandi stöðum á vellinum,” segir Ísak enn fremur um hlutverk sitt í liðinu eins og sakir standa.

„Við erum mjög vel skipaðir inni á miðsvæðinu með landsliðsmenn og mjög góða leikmenn. Þannig að ég átta mig alveg á því að það verður erfitt að koma mér að þar á þessum tímamarki. Það er bara mjög dýr-

mætt fyrir mig að fá mínútur í svona sterku liði sem er að spila góðan fótbolta og gengur vel.

Þetta er rosalega flottur klúbbur og allt innan félagsins er í toppmálum. Þjálfarinn, Jens, gefur ungunum leikmönnum mikinn tíma og er annt um að þeir séu að bæta sig, og er til í að gefa þeim stórt hlutverk. Svo fæ ég punkta frá aðstoðarþjálfaranum eftir alla leiki um hvað ég sé að gera vel og hvað megi bæta. Það hjálpar mér mjög mikið,” segir hann um Norrköping.

Mamma sá um að innrétta íbúðina

„Mér líður líka mjög vel í borginni en það hjálpaði mikið til, þar sem ég var mjög ungur þegar ég kom hingað, að foreldrar Oliver's [Stefáns-sonar] fóru með honum út. Mamma mín og mamma hans eru systur og við bjuggum í sama húsi, þannig að þau sáu vel um mig fyrsta árið.

Nú er verið að klippa á þann streng og við erum að flytja hvor í sína íbúðina. Ég flutti þar inn fyrr í sumar og mamma kom út til þess að hjálpa mér að koma mér fyrir þar og gera íbúðina huggulega,” segir unglíngalandsliðsmaðurinn.

„Fjölskyldan er mjög stolt af mér og ánægð hvernig gengur en út af ástandinu, og aðstæðum hjá þeim, geta þau ekki heimsótt mig jafn mikið og mætt á jafn marga leiki hjá mér og þau myndu vilja. Það kemur bara að því að þau geta kíkt á mig þegar hlutirnir eru komnir í betra horf og ég hlakka til þess.

Stefnan hjá mér hjá Norrköping núna er bara að auka hlutverk mitt jafnt og þétt og reyna að hjálpa liðinu eins vel og ég get. Það er mjög gaman að hafa getað lagt eitthvað af mörkum í síðustu leikjum og vonandi heldur það bara áfram þannig,” segir Skagamaðurinn um framhaldið. hjorvaro@frettabladid.is



Auglýsing um sveitarstjórnarkosningar

Sveitarstjórnarkosningar í sameinuðu sveitarfélagi Borgarfjarðarhrepps, Djúpvogshrepps, Fljótsháða og Seyðisfjarðarkaupstaðar 19. september 2020

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur, með vísan til 125. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ákveðið að boða skuli til sveitarstjórnarkosninga í sameinuðu sveitarfélagi Borgarfjarðarhrepps, Djúpvogshrepps, Fljótsháða og Seyðisfjarðarkaupstaðar, hinn 19. september 2020. Jafnframt fer fram kosning í fjórar heimastjórnir hins sameinaða sveitarfélags.

Frestur til að skila framboðslistum til yfirkjörstjórnar í hinu sameinað sveitarfélagi er til kl. 12 á hádegislaugardaginn 29. ágúst 2020. Sveitarstjórnarmenn sem hyggjast skorast undan endurkjöri skulu tilkynna þá ákvörðun til yfirkjörstjórnar fyrir lok framboðsfrests.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst 25. júlí 2020.

Þetta auglýsing er með samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Dómsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2020.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

VEL UNDIRBÚIN Í FERÐALAG!



Hulstur á hendi iPhone / Samsung
Verð: 499.-



Taska á stöng fyrir reiðhjól
Verð: 999.-



Ferðastóll með axlaról og geymsluhólf
Verð: 3.999.-



**15%
AFSLÁTTUR**

Vatnsbolinn Bluetooth ferðahátali MuvoPlay
TILBOÐSVERÐ: 8.244.-
Verð áður: 9.699.-



Pokar fyrir pokahlaup
4 pokar í pakka
Verð: 1.899.-



Sandkassasett
Verð: 899.-



Litasett
Verð: 749.-



Heyrnartól Maxell EB-98
Verð: 1.319.-



Vatnsbyssa
Verð: 999.-



Hestaskeifuspil
Verð: 2.999.-




Lágar stuttur með bandi
Verð: 1.699.-



Ferðastóll fyrir börn
Verð: 2.999.-




Risa Mikado
Verð: 999.-



Kortabók - Vegaatlas
Verð: 4.499.-



25 gönguleiðir á þingvallasvæðinu
Verð: 1.499.-



Vatnaveiði árið um kring
Verð: 4.999.-

MIKIÐ ÚRVAL AF ERLENDUM BÓKUM!



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustig 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 6. júlí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

LA Z BOY *Live Life Comfortably.*

EINSTAKT TÆKIFÆRI

SELJUM SÝNINGAREINTÖK AF LA-Z-BOY STÓLUM
MEÐ SÉRSTÖKUM 30% AFSLÆTTI

UM ER AÐ RÆÐA STÓLA AF STÓRRI HÚSGAGNA-
SÝNINGU SEM TIL STÓÐ AÐ HALDA FYRR Á ÞESSU
ÁRI EN ÞURFTI AÐ AFLÝSA OG VAR ALDREI HALDIN.
EINUNGIS EITT EINTAK AF HVERRI GERÐ OG SUMAR
GERÐIRNAR HAFNA ALDREI AÐUR FENGIST Á ÍSLANDI
- FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR -



MIKIÐ ÚRVAL AF SMÁVÖRUM MEÐ 20-60% AFSLÆTTI!

VALIN
MATARSTELL
50%
AFSLÁTTUR



VALIN GLÖS
50%
AFSLÁTTUR



Reykjavík 12 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 12 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 12 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 12 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 12. júlí eða á meðan birgðir endast

SUMAR ÚTSALA

Allt að

60%

afsláttur

CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt Rivera eða Soft áklæði sem einnig er fánlegt bleikt (Dusty Rose). Stærð: 231 x 140 x 81 cm

Dökk- eða ljósgrátt Rivera áklæði
95.992 kr. ~~119.990 kr.~~

Bleikt, ljós- eða dökkgrátt Soft áklæði
103.992 kr. ~~129.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR



RETINA

Skemmtileg skammel með geymslu. Skammelin koma í fjórum litum í sléttflaui. Grá, gul, koparrauð, dökkblá og bleik. Stærð: 60 x 60 x 35 cm

15.992 kr. ~~19.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR



Allt að **60%** afsláttur

HÚSGAGNA HÖLLIN

20%
AFSLÁTTUR

ATLANTA

Virkilega þægilegir 2ja og 3ja sæta rafdrifnir sjónvarpssófar. Svart, dökkbrúnt eða grátt, ekta leður allan hringinn. Þétt, mjúk sæti en tvö sæti hafa skammel sem má lyfta með hnappi (skammel rennur fram og bak hallast aftur). Í 3ja sæta sófanum má leggja niður bak miðsætis sem verður þá borð.

2ja sæta: 198 x 96 x 98 cm
159.992 kr. ~~199.990 kr.~~

3ja sæta: 147 x 96 x 98 cm
199.992 kr. ~~249.990 kr.~~



20%
AFSLÁTTUR



CANNES

Hægindastóll með skemli. Svart, brúnt eða grátt leður á slitflötum.

115.992 kr. ~~144.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR



ALBA

Hægindastóll með eða án skemils. Svart, ljósgrátt, brúnt eða hvítt leður.

Stóll í leðri
87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

Skemill í leðri
23.992 kr. ~~29.990 kr.~~

GRAY

Borðstofustóll. Svart, bleikt, brons eða grátt sléttflaui. Svartir fætur.

20%
AFSLÁTTUR



26.392 kr. ~~32.990 kr.~~

ALEXA

Vandaður borðstofustóll. Svart, brúnt eða hvítt ekta leður. Fætur úr burstuðu stáli.

20%
AFSLÁTTUR



27.992 kr. ~~34.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ **HELGIN**

Lára Björg er ekki mikið fyrir tjaldferðalög en er á leið í hringferð og þorir varla lengur að skoða vedur.is.

Ég bið bara um að lifa nóttina af

Lára Björg Björnsdóttir, aðstoðarmaður ríkisstjórnarinnar, leggur í hann í hringferð um landið á morgun, hún er ekki mikill ferðalangur og er ekki laust við að hún kvíði ferðinni.

Hvað á að gera um helgina?

Ég legg af stað í hringferð um landið á sunnudaginn með fjölskyldunni og kvíði því meira en öllu.

Ertu von að ferðast fyrstu helgina í júlí?

Nei. Mér er aldrei boðið neitt, þannig að...

Ertu tjaldkona eða þarftu rúm til að sofa í?

Ég bið bara um að lifa nóttina af. Annars sama.

Ertu stór ferðaplön þetta sumarið?

Við ætlum að keyra hringinn eins og áður sagði. Förum suðurleiðina og svo á Austfirði en þar var einmitt spáð þriggja stiga hita og þoku síðast þegar ég fór inn á vedur.is. En ætli það skipti nokkru máli því náttúrufergurðin bætir upp fyrir smá kulda. Svo stoppum við að sjálfsgöðu fyrir norðan þaðan sem ég er ættuð í báðar ættir. Kelduhverfið, Húsavík, Akureyri, þaðan er mitt fólk.

Er ætlunin að nýta sér tilboð ferðabjónustuaðila innanlands?

Ég mun elta hvert einasta tilboð sem ég finn, allt frá afslætti á ís upp í slakandi ilmkyrnunudd ofan á einhverjum jöklinum.

Í hvað mun ferðaávisunin þín fara? Sósúr á allan mögulegan grillmat.



Búast má við að Íslendingar verði á ferðinni innanlands nú fyrstu helgina í júlí. MYND/GETTY

Fyrsta helgin í júlí

Ein stærsta ferðahelgi sumarsins stendur yfir og Íslendingar hafa svo sannarlega tekið vel í að ferðast innanlands. Við forvitnuðumst um ferðaplön nokkurra skemmtilegra einstaklinga.

Ég er Vilborg Arna minnar kynslóðar

Atli Fannar Bjarkason, samfélagsmiðlastjóri RÚV, ætlar að verja helginni í að flytja með systur sinni en er þó búinn að rölja upp á hæð á Snæfellsnesi svo innra með honum leynist fjallgöngumaður sem langar í húsbíl.

Hvað á að gera um helgina?

Ég gæti sagt þér að ég sé búinn að eyða vikunni í að pakka ofan í töskur og kortleggja sólrikustu staði landsins, út frá gögnum Vedurstofunnar, reynslu forfedra okkar, hyggjuviti frænda míns og spálíkani fólksins sem hélt að þrjúkykið væri að gera tilraunir á fólki með viðbrögðum sínum við kórónaveirunni, en ég verð að hryggja lesendur þessa dálks með grámyglulegum sannleikanum: Ég er að fara að hjálpa systur minni að flytja.

Ertu vanur að ferðast fyrstu helgina í júlí?

Ekkert endilega. Ég vann samt í makalottóinu fyrir nokkrum árum þar sem henni fylgdi ekki bara fallett bros og frjósemi: fjölskylda hennar á sumarþáttum sem við notum reglulega. Ég var reyndar bitinn svo rosalega síðast að ég lét



Atli Fannar rölti upp á hæð á Snæfellsnesi nýlega með son sinn Tind á bakinu. MYND/LILJA KRISTJÁNS

örugglega ekki sjá mig þar aftur fyrir en í nóvember.

Ertu tjaldmaður eða þarftu rúm til að sofa í?

Ég gisti í tjaldi á Hróarskeldu árin 2005 og 2006. Árið 2007 ætlaði ég að endurtaka leikinn en vaknaði eftir

fyrstu nóttina með höfuðið í polli. Við brunuðum á hótél og mér hefur ekki tekist að vinna almennilega úr þessari reynslu, þannig að svarið er nei, ég er ekki tjaldmaður. Langar samt þínu í húsbíl.

Ertu stór ferðaplön þetta sumarið?

Ég er búinn fara í Grímsnes og á hótél á Nesjavöllum. Svo er ég nýkominn frá Hellnum á Snæfellsnesi þar sem ég rölti upp á hæð. Og sumarið er varla hálfnað, þannig að já, ég myndi segja að ég sé Vilborg Arna minnar kynslóðar – ef hún væri minna í að klífa hæstu fjöll heims og meira í að klóra sér í hausnum yfir hvernig sé best að hámarka nætursvefn þriggja ára barns á ferðalagi.

Í hvað fer ferðaávisunin þín?

Ég er búinn að vera að reyna að gera upp við mig hvort ég eigi að taka nokkrar nætur á hóteli úti á landi, með morgunverði og nuddi eða húsbíl í viku eða tvær, bruna hringinn og nota afganginn í að borða á skemmtilegum veitingastöðum víðs vegar um landið. Hvað var þetta aftur mikið sem við fengum?



Ævar ætlar að vera heima um helgina en útilokar ekki að gefa tjaldinu nýjan séns. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tjalddagar mínir eru löngu liðnir

Ævar Þór Benediktsson rithöfundur ætlar að halda sig heima um helgina enda reynir hann að forðast að vera á ferðinni stærstu ferðahelgarnar.

Hvað á að gera um helgina?

Ég ætla að vera heima um þessa miklu ferðahelgi og hafa það gott. Það er afmæli sem ég ætla að kíkja í úti á Kjálarnesi en annars ætlum við fjölskyldan bara að taka því rólega.

Ertu vanur að ferðast fyrstu helgina í júlí?

Nei, þegar ég fer út á land reyni ég meðvitað að forðast stóru ferðahelgarnar.

Ertu tjaldmaður eða þarftu rúm til að sofa í?

Tjalddagar mínir eru löngu liðnir, en nú þegar maður er orðinn pabbi grunar mig að það stýttist í að þeir hefjist aftur.

Ertu stór ferðaplön þetta sumarið?

Stefnan er tekin norður á Akureyri í júlí þar sem við ætlum að vera í viku og ferðast um svæðið. Dalvík, Mývatn og Húsavík verða alveg örugglega heimsótt, sem og auðvitað Jóláhusið. Það er skylda, eins og allir vita.

Er ætlunin að nýta sér tilboð ferðabjónustuaðila innanlands?

Mamma mín er nýbyrjuð að bjóða upp á geitalabb á Gufuá í Borgarfirði fyrir alla sem vilja og ég mun vafalaust nýta mér þann fánalega skemmtilega valkost sem oftast. Þá mun ég örugglega sökkva mér í hin ýmsu tilboð þegar norður er komið.

Ég hlýt að geta lært að elska þetta

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir dag-skrárgerðarkona segir þessa helgi alltaf frátekna fyrir Írsku daga á Akranesi.

Hvað á að gera um helgina?

Ég bý á Akranesi og þessi helgi er alltaf frátekni fyrir Írsku daga. Ég verð því heima hjá mér með fjölskyldu, vinum og nágrönnum. Ég ætla reyndar að renna mér alla leið í borgina í fertugsafmæli hjá stórvini mínum Audda Blö á laugardag.

Ertu von að ferðast fyrstu helgina í júlí?

Nei. Maður svikur ekki lit á Írskum dögum.

Ertu tjaldkona eða þarftu rúm til að sofa í?

Mig langar svo að vera tjaldkona, en ég er það ekki. Ég vil bara brakandi hrein sængurföt, almennileg gluggatjöld og dúnkodda. Ég var samt að kaupa mér tjaldvagn í fyrradag af því ég er umkringd fólki sem elskar útilegur. Það var annaðhvort að láta sig hafa þetta eða vera ein í allt sumar. Ég hlýt að geta lært að elska þetta.

Ertu stór ferðaplön þetta sumarið? Já og nei. Ég er búinn að fara norður




Sigrún Ósk býr á Akranesi og segist ekki svikja lit á Írskum dögum sem fara þar fram um helgina.

til Akureyrar og til Eyja, labba inn í Reykjadal, leika túrista í Reykjavík og fleira. Vík í Mýrdal og nágrenni er næst á dagskrá, útilega í Skorradal og svo eru háleit markmið um að taka hringinn í lok mánaðarins.

Er ætlunin að nýta sér tilboð ferðabjónustuaðila innanlands?

Já, ég er þegar búin að kaupa hótelligistingar hér og þar, en langar í hellaskoðun eða ferð upp á jökul einhvers staðar. Á eftir að leggjast aðeins betur yfir það.

Innviðir sem vaxa með fyrirtækinu og kostnaður sem byggir á þörf



Við bjóðum hýsingar- og rekstrarlausnir
sem mæta kröfum nútímalegs atvinnulífs

 Windows 10 Pro 

Opin Kerfi

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Ragnhildur Ágústsdóttir vakti mikla athygli með pistli sem birtur var í Kjarnanum fyrir þremur árum en hún ákvað í kjölfar Metoo-byltingarinnar að stiga fram og lýsa kynbundnu ofbeldi sem hún sagðist hafa orðið fyrir í starfi árið 2009. Ragnhildur, sem þá var forstjóri fjarskiptafyrirtækisins Tals, lýsti því í pistli sínum hvernig þrír menn tengdir félaginu, sem þá vildu bola henni úr starfi forstjóra, lokuðu hana inni í fundarherbergi, meinuðu henni útgöngu og neyddu til að skrifa undir uppsögnina án þess að fá svigrúm til að ráðfæra sig við lögfræðing eins og hún sóttist eftir að gera.

„Ég var beðin um að taka við starfinu um jólin 2008 og lendi svo í þessu vorið 2009. Ég gekk þá með mitt annað barn og þegar ég missti vinnuna einbeitti ég mér frekar að meðgöngunni og í framhaldi fæðingarorlofinu.“ Ragnhildur viðurkennir að eftir á að hyggja hafi hvíldin reynst góð en að þetta hafi vissulega verið henni erfið lífsreynsla.

„Ég ákvað að kúpla mig algjörlega út úr þessum geira og hafði engan áhuga á að fara þangað aftur. Ég ýtti reynslu minni aftast í hugskotið og það var ekki fyrr en Metoo-byltingin komst í hámmáli að ég fór að ræða þetta atvik. Ég hafði ekki talað um það við neinn nema mína nánustu fjölskyldu.

Þetta var auðvitað erfið og leiðinleg lífsreynsla en ég held að hún hafi einnig styrkt mig. Þannig lít ég á erfiðleika; við lendum öll í einhverju í lífinu og þetta er aðallega spurning um hvernig við tökumst á við það.“

Aðspurð segist Ragnhildur vera betri í að setja mörk eftir atvikið. „Ég held jafnframt að það hafi gert mig að öflugri manneskju, stjórnanda og starfskrafti.“

Flutti utan í kjölfar uppsagnarinnar

Fjölskyldan flutti til Danmerkur í kjölfar uppsagnarinnar þar sem Ragnhildur fór í meistaranám í stjórnun og stefnumótun. Synirnir voru þá orðnir tveir og sá yngri aðeins eins árs gamall þegar Ragnhildur hóf nám við Copenhagen Business School.

„Þegar við komum heim tók ég við starfi stjórnendaráðgjafa hjá Expectus og naut starfsins en saknaði þess þó að vera sjálf í verkefnum og framkvæmd. Ég er mjög framkvæmdaglóð og oft á tíðum óþolandi mikill „doer“,“ segir Ragnhildur og viðurkennir um leið að hún eigi ekki sérlega auðvelt með að slaka á. „Ég þrífst á lífi, fjöri og fólki og því að sjá árangur erfiðis míns.“

Ragnhildur færði sig yfir til Advania. „Þar stókk ég á bóla í djúpu laugina og fór að vinna við upplýsingatækni þar sem ég leiddi rekstrar- og hýsingarumhverfið í cloud-vegferðinni. Mér finnst tækni umhverfið spennandi og það skiptir ekki máli í hvaða bransa þú ert í dag, þú þarft að vera læs á tækni og ég leit því á þetta sem tækifæri fyrir mig til að komast betur inn í þennan heim,“ segir Ragnhildur sem er upphaflega menntuð í viðskipta- og hagfræði.

„Þegar sóst var eftir mér í starfið spurði ég hvers vegna og fékk það svar að það vantaði einmitt manneskju sem væri ekki endilega sérfræðingur í þessu umhverfi heldur spyrði réttu spurninganna. Stundum hefur enginn spurt hvers vegna hlutirnir eru gerðir einmitt svona.“

Frumkvöðlar í fjarbúð

Eftir nokkurra ár starf hjá Advania færði Ragnhildur sig yfir til Microsoft þar sem hún er enn.

„Í dag vinn ég hjá Microsoft og svo er ég í frumkvöðlabrótti á kvöldin og um helgar,“ en Ragnhildur opnaði fyrir tveimur árum, ásamt eiginni manni sínum Júlíusi Inga Jónssyni,



Ragnhildur segir stóru spurninguna vera hvernig við tökumst á við erfiðleika því öll lendum við í einhverju.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Það geta allir fengið góða hugmynd

Þegar Ragnhildur Ágústsdóttir vann að hönnun eldgossýningar bjóst fólk ekkert endilega við því að hún yrði að veruleika. En Ragnhildur virðist eflast við hverja raun.

Icelandic Lava Show í Vík í Mýrdal. „Maðurinn minn er í hundrad þúsundum starfa þar sem framkvæmdastjóri. Við erum fjölskyldusprotafyrirtæki og með þrjú börn á okkar framfæri og því þarf einhver að skaffa salt í grautinn. Við förum þá leið að gera þetta að mestu leyti sjálf og því var mikilvægt að ég héldi mínu starfi.“

Þau hjónin keyptu sér hús í Vík þar sem Júlíus dvelur stóran hluta vikunnar en lögðu þó ekki í að flytja alfarið þangað. „Við höfum því verið í fjarbúð meira eða minna í tvö ár og enn sem komið er gengur þetta. Stundum gerir fjarlægðin fjöllin blá,“ segir hún í léttum tón. „Þetta er að mínu mati meiri fórn fyrir hann, ég er þó alla vegna heima með

börnunum og nýt þess þó að það geti alveg verið krefjandi en hann er oft langdvölum einn í Vík.“

Tveir af þremur sonum einhverfir

Þau hjónin eiga þrjá syni, tveir eldri synirnir eru báðir einhverfir og sá yngsti er aðeins tveggja ára gamall svo að heimilisálagið er töluvert. „Við hugleiddum að flytja í Vík á sínum tíma en máttum það svo að það væri of stórt skref fyrir eldri drengina sem njóta góðrar þjónustu í bænum.“ Ragnhildur útilokar þó ekkert í framtíðinni. „Okkur langar að opna sýninguna á fleiri stöðum bæði hér og erlendis. Við erum rétt að byrja.“

Hugmyndina að sýningunni fengu hjónin árið 2010 þegar þau skoðuðu gosið á Fimmvörðuhálsi. „Þetta var ótrúleg upplifun og fólk hagaði sér brjálæðislega við góðvarnar. Reglurnar voru engar enda hafði svona aðgengilegt gos ekki átt sér stað í nútímasögu. Það er í raun ótrúlegt að enginn hafi slasast.“

Ragnhildur og Júlíus urðu fyrir miklum hughrifum sem þau langaði að miðla áfram. „Við vorum frá okkur numin enda upplifunin mögnuð.“ Þau fengu strax hugmynd að því að setja upp einhvers konar eldgossýningu og voru staðráðin í að láta af því verða þegar örlögin

gripu í taumana.

„Árið eftir fengu synir okkar einhverfugreiningu. Eldri drengurinn fór fyrst í gegnum greiningarferli og við bjuggumst alls ekki við þessari niðurstöðu enda vissum við lítið um einhverfu og vorum haldin mjög miklum ranghugmyndum.

Hann var fyrirburi og við skrifuðum mikið á það og höldum kannski að hann væri með ADHD. Hann var seinn að læra að tala en ótrúlega þægilegt og ljúft barn. Greiningin kom okkur því algjörlega í opna skjöldu og það fyrsta sem við hugsuðum var að þetta hlýtu að vera mistök.“

Fjölskyldan bjó á þessum tíma í Danmörku og naut túlkþjónustu í greiningarferlinu og segir Ragnhildur þau undir eins hafa skrifað niðurstöðuna á túlkunarmistök og hugsuðu með sér að þetta fólk þekkti greinilega ekki son þeirra.

„En þegar heim var komið fórum við bæði að lesa okkur til um einhverfu, aðallega til að afsanna greininguna,“ segir hún ákveðin.

Auðvitað var þetta tvöfalt áfall

„En eftir því sem við lásum meira fóru að renna á okkur tvær grimur. Vissulega var þarna margt sem passaði við eldri strákinn en það var miklu meira sem passaði við þann yngri.“ Þau kröfðust þess þá að sá yngri færi í greiningarferli og

fengu fljótt staðfestingu á því sem þau grunaði, að yngri sonurinn væri einnig með einhverfu. „Þetta var svolítið eins og blaut tuska í andlituð en þeir voru þarna fjögurra og hálfis árs og tveggja ára gamlir.“

Bakslag hafði komið í málþroska yngri sonarins sem vakti áhyggjur. „Hann var farinn að tala heilmikið og svo allt í einu þagnaði hann sem er sterkt einkenni einhverfu. Þetta gerðist rétt um það leyti sem sá eldri var í greiningarferli og við vorum svolítið með hugann við hann og því kannski áttuðum við okkur ekki strax á þessu. En þegar við fórum að lesa okkur til hugsuðum við með okkur: Ef sá eldri er einhverfur þá er sá yngri alveg pottþétt einhverfur!“

Upphaflega var okkur sagt að óvíst væri að sá yngri myndi nokkurn tíma tala aftur. „Því þótti þeim hjónum mikilvægt að flytja aftur heim frá Danmörku svo sonurinn myndi ekki alast upp í tvítyngdu umhverfi. „Það var því mikill sigur þegar hann náði tókum á málinu upp úr fimm ára aldri.“

Auðvitað var þetta tvöfalt áfall, við fórum úr því að eiga tvo heilbrigða drengi í það að eiga skyndilega tvo fatlaða drengi og framtíðin eins og við höfðum séð hana fyrir okkur hrundi. Ég held að það séu mjög edlileg viðbrögð en á sama tíma reyni ég að benda fólki, sem er að fá greiningu á börnin sín í dag, á að þetta eru alltaf sömu börnin, það hefur ekkert breyst við börnin.“

Útilokar ekkert í dag

Þegar Ragnhildur flutti heim stofnaði hún Bláan apríl – styrktarfélag barna með einhverfu. „Þegar drengirnir fengu greininguna vissum við svo ofboðslega lítið um einhverfu. Ég hitti stundum aðra foreldra og við vorum öll sammála um að það væri of lítil almenn umræða um einhverfu. Það er unnið frábært starf hjá Einhverfusamtökunum og öðrum aðilum en það var lítið verið að tala við almenning um það hvað einhverfa er. Þess vegna stofnaði ég Bláan apríl. Það þarf að tala um einhverfu og auka almennan skilning. Einhverfa er bara hluti af samfélaginu og það eru miklu fleiri einhverfir en flesta órar fyrir.“

Strákarnir mínir hafa kennt mér svo mikið. Að fara í gegnum allt þetta ferli með þeim finnst mér hafa gert mig umburðarlyndari gagnvart alls konar fólki og aðstæðum þess. Mér finnst þessi reynsla, ef eitthvað, gefa mér forskot sem manneskju og sem stjórnanda.“

Einhverfa er genatengd taugaþroskaröskun þó svo að ekki hafi tekist að finna orsök hennar. Því segir Ragnhildur ekki óalgengt að fleira en eitt barn í fjölskyldu sé einhverft. „Það er algengara en fólk heldur og töluvert um það á Íslandi. Þar sem þetta kemur á annað borð niður eru meiri líkur á að það geri það aftur.“

Mér finnst einhverfa í raun alveg ótrúlega áhugaverð. Það er í raun alveg magnað að umgangast einstaklinga sem hugsa aðeins öðruvísi og það getur verið mikill kostur. Það er sorgleg staðreynd að mjög hátt hlutfall fullorðinna einhverfra endar á örorkubótum, einfaldlega því þeir fá ekki tækifæri en ég myndi halda að, að minnsta kosti helmingur þeirra ætti að geta unnið með góðum árangri.“

Það eru enn í dag sterkar staðalímyndir og ranghugmyndir um einhverfu og mörgum kemur á óvart hversu miklar kelirófur strákarnir mínir eru. Mér finnst þeir alveg dásamlegir og þeir hafa gefið mér sýn á heiminn sem ég er heppin að hafa.“

Báðir synirnir hafa náð tókum á verkefnum sem þeir áttu ekki að geta leyst og til að mynda talar sá yngri þó þau hafi fengið að heyra að líklega myndi hann aldrei geta það.

„Eitt það erfiðasta fyrir mig var að ég fór að syrgja það að verða amma, það er svo brenglað hvert hausinn á manni fer. Í dag útiloka ég ekki neitt.“



Ragnhildur og Júlíus fengu hugmyndina þegar þau skoðuðu eldgosíð á Fimmvörðuhálsi en það tók mörg ár að láta hana verða að veruleika.



Tæknina til að bræða hraun þróuðu bandarískir vísindamenn sem hjónin fengu í samstarf við sig. Hraunið er hitað að um 1.100 gráðum í hverri sýningu og svo endurnýtt fyrir þá næstu.

lifað eldgos þar sem hætta steðjar að fólki. Það er ekki síðan í Vestmannaeyjagösinu sem var árið 1973 og er því orðið langt um liðið – ég var ekki einu sinni fædd,“ segir Ragnhildur og bendir á að það væri ekkert grín ef Katla færi að gjósa.

Icelandic Lava Show var opnuð 1. september 2018. „Við misstum þannig af sumrinu og fórum beint inn í veturinn sem er alltaf erfitt. Þetta byrjaði þó vel, bókanir jukust jafnt og þétt og þetta var allt á uppleið þegar WOW hrundi.“ Ragnhildur segir þá hafa mikið orðið um afbókanir, sérstaklega frá Bandaríkjunum.

„En svo kom sumarið sem gekk vel og við náðum nokkrum mánuðum í hagnað á fyrsta rekstrarári okkar. Seinni veturinn fór vel af stað og í byrjun árs vorum við því viss um að fram undan væri geggjað ár. Við hugsuðum með okkur – þetta er komið!“ segir Ragnhildur og getur ekki annað en hlegið enda vita allir hvað kom næst, COVID-faraldurinn.

Staðráðin í að lifa þetta af

„Það var þá ekki aðeins að allar bókanir duttu niður og enginn kom, heldur var endalaust beðið um endurgreiðslur á þeim miðum sem seldir höfðu verið. Í raun og veru vorum við því í minustekjum en áfram með kostnað sem þurfti að greiða.“

Eftir að hafa horft upp á hrun í bókunum lokuðu þau hjón sýningunni þann 11. mars. „Í apríl var maður orðinn frekar vonlaus en við opnuðum aftur 13. júní og erum staðráðin í að lifa þetta af. Við erum ekki með mikinn fastan kostnað og getum svolítið sniðið okkur stakk eftir vexti og haft lokað ef lítið er af bókunum. Við höfum verið að reyna að ná til Íslendinga og það hefur gengið vel. Í fyrra voru Íslendingar 2,9 prósent gesta en um síðustu helgi var uppselt, og það bara Íslendingar. Við erum sennilega erfiðasti kunnahópurinn. Við gerum kröfur og viljum að hlutirnir séu almennilegir og því er extra skemmtilegt að sjá fólk sem kemur með hóflegar væntingar verða frá sér numið.“

Ragnhildur horfir bjartsýn fram á veginn þrátt fyrir að gefið hafi á batin: „Ef við lifum þetta af, þá verður þetta ein rosalegasta velgengnis saga sem heyrst hefur.“



EF VIÐ LIFUM ÞETTA AF ÞÁ VERÐUR ÞETTA EIN ROSALEGASTA VELGENGNISAGA SEM HEYRST HEFUR.

Drögu hugmyndina aftur upp

Eins og fyrr segir voru þau hjón með hugmynd að fyrirtæki en þegar greiningar beggja drengjanna lágu fyrir settu þau hana á ís.

„Við hugsuðum með okkur: Við erum ekki að fara að taka einhverja áhættu, nú er fókusinn bara á strákana og að hjálpa þeim. Svo voru þeir sífellt að koma okkur á óvart með því að takast á við hluti sem við höldum að þeir myndu aldrei geta.“

Þetta gerði það að verkum að við hugsuðum okkar gang. Við vorum alltaf að hvetja þá áfram og segja þeim að þeir gætu gert allt sem þeir vildu en vorum svo sjálf ekki að gera það. Þeir voru því kveikjan að því að við ákváðum að draga þessa hugmynd aftur upp úr pokahorninu og fara af stað.“

Júlíus hafði komist á snodir um að vísindamenn í Bandaríkjunum væru að bræða hraun í vísindaskyni. „Við vorum strax sannfærð um að þarna væri aðferðafræðin komin, því við vissum ekkert hvernig við ættum að fara að því að bræða hraun – við vissum bara að við vildum gera það. Svo við sendum þeim tölvupóst sem þeir svöruðu um hæl og við vorum komin til þeirra eftir helgi og í kjölfarið sömdu við um samstarf. Það geta allir fengið góða hugmynd en stundum er þetta fyrst og fremst spurning um að framkvæma hana.“

Djúpir dalir og stórir sigrar

Júlíus sagði upp vinnunni sinni um áramótin 2015 – 2016. „Sumarið eftir tókum við þátt í viðskiptahraðlinum Startup Reykjavík og þróuðum hugmyndina áfram og fengum heilmikla athygli. En það er fyndið að þegar við loks opnuðum voru alveg nokkrir sem sögðu að eins skemmtileg og hugmyndin var hefðu þeir aldrei átt von á því að við myndum raunverulega opna,“ segir Ragnhildur og hlær. „Ég er líklega hvað stoltust af því – að við létum þetta gerast. Það tók alveg tíma og guð minn góður hvað þetta var oft erfitt. Það er skritið líf að vera frumkvöðull, á sama degi getur maður farið niður í dýpsta dal og fundist að hlutirnir muni aldrei ganga upp – yfir í að finnast maður vera að sigra heiminn.“

Ætlunin var upphaflega að opna sýninguna í Reykjavík en illa gekk að finna hentugt húsnæði. „Ragnar Þórir Guðgeirsson hafði verið framkvæmdastjóri Expectus þegar ég starfaði þar og kom að máli við okkur Júlíus ásamt konu sinni Hildi Árnadóttur. Raggi er frá Vík í Mýrdal og er skyldur Júlíusi sem er ættaður úr Álftaverinu. Þau hafa verið að gera skemmtilega hluti fyrir austan og fengu augastað á gamla Kaupfélagshúsinu í Vík þar sem þau vildu fá inn veitingaaðila og einhverja upplifun og leituðu því til okkar.“

Ragnhildur og Júlíus voru upphaflega ekki á því að fara út á land en voru fljót að sannfærast um að Vík væri rétti staðurinn enda hentaði húsnæðið fullkomlega. „Aðalatriðið var þó að Vík er í raun í hjarta þess svæðis þar sem stutt er í Eyjafjallajökul, Tindfjallajökul, Kötlu og Grímsvötn. Tvö þessara eldfjalla eru virkustu eldfjöll landsins og 60 prósent ferðamanna, sem hingað til lands koma, heimsækja Vík.“

Saga sem mátti ekki falla í gleymsku

Það vill jafnframt svo til að langafi Júlíusar og afi Ragga voru saman að smala fé við rætur Mýrdalsjökuls árið 1918 þegar Kötlugosið hófst. Það er rosaleg saga sem við tengjum inn í sýninguna okkar. Það er langt síðan við Íslendingar höfum upp-

Maður verður aldrei samur

Ólafur Einarsson var átta ára gamall þegar hann greindist með krabbamein og segir fólk ekki hafa áttað sig á því hversu mikil andleg áhrif veikindin höfðu. Í dag vinnur hann í andlegu hliðinni jafnt sem þeirri líkamlegu.

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Ólafur var vinmargur og efnilegur í fótbolta þegar hann greindist með hvítblæði aðeins átta ára gamall. Við tóku tvö ár af sjúkrahúslegu, lyfjameðferðum, aðgerðum og fjarveru frá vinum og skóla.

„Á þessum árum, 1998 til 2000, var fræðsla lítil og þegar ég kom til baka í skólann héldu krakkarnir jafnvel að ég gæti smitað þau af krabbameini. Ég lenti í miklu mótæti og fór í raun frá því að vera vinsælasti strákurinn í bekknum í það að vera kallaður krabbameins-sjúklingurinn. Krakkar forðudust mig og um leið gjörbreyttist ég sem manneskja, þar sem kvíði, hræðsla og alvarleiki fór að einkenna líf mitt við aðeins tíu ára aldur.“

Hvítblæðið uppgötvaðist þegar Ólafur hafði verið ólíkur sjálfum sér og mikið slappur í dagóðan tíma og móðir hans fór fram á að hann færi í blóðprufu. „Þegar hvítblæðið uppgötvaðist var það svo langt gengið að ég þurfti að fara rakiðis í meðferð. Ég á tvö yngri systkini og þó að ég hafi ekki verið að pæla í neinum í kringum mig á þessum tíma veit ég núna hversu mikið álag þetta var á fjölskylduna. Pabbi gisti hjá mér á næturnar og mamma var hjá mér á daginn og þurfti svo að sinna yngri systkinum mínum.“


Þessi tvö ár sem Ólafur var veikur má segja að sjúkdómurinn hafi tekið völdin í lífi hans. „Lyfjameðferðir, sterar, aðgerðir, svæfingar, blóðgjöf, hármíssir, þetta er mikið fyrir átta til tíu ára gamalt barn að takast á við. Ég var stöðugt hræddur. Ég var lánsamur að læknastráðum krabbameininu en eftir slíka meðferð verður maður aldrei samur,“ segir Ólafur sem finnst mikilvægt að hlúð sé að andlegu hlið sjúklinga á sama hátt og þeirri líkamlegu.

Fór loks að vinna í andlegu hliðinni

Árið 2016 var opnuð á Barnaspítala Hringins Miðstöð um siðbúnar afleiðingar krabbameins hjá ungmennum, og opnuðu heimsóknir Ólafs þangað augu hans fyrir þessu mikilvægi. „Það var ekki fyrr en ég fór þangað fyrir um tveimur árum að ég fór að vinna í andlegu hliðinni. Þar kom ég vel út í öllum líkamlegum prófum en ekki eins vel andlega,“ segir Ólafur sem í framhaldi fékk aðstoð við að sækja sér sálfræðipjónustu.

Ólafur bendir á að frábær eftirfylgd sé með líkamlegu hlið krabbameinssjúklinga en bendir á að í sínu tilfelli hefði hún þurft að vera betri á andlega sviðinu. „Það er erfitt að lýsa því hvernig er að veikjast svo alvarlega sem barn, að vera stöðugt á spítala og upplifa áhyggjurnar sem því fylgja.“

Ólafur bendir á að Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna stýðji við sálfræðimeðferð en sjálfur þurfi maður að sækjast eftir henni. „Foreldrar mínir og allir í kringum okkur voru svo þakklátir fyrir að ég hefði sigrast á krabbameininu að hitt svolítið gleymdist með mér í aðra hluta lífsins, ef ég til dæmis er að fara að gera eitthvað sem mér finnst stressandi koma upp sömu tilfinningar og í kringum meðferðina og enn þann dag í dag er óttinn svo ríkur innra með mér að þegar ég fæ hausverk held ég að krabba-



Ólafur segir eftirfylgd með líkamlegri hlið krabbameinssjúklinga frábæra en bendir á að í sínu tilfelli hefði hún þurft að vera meiri á andlega sviðinu. Hann segir að erfitt sé að lýsa því hvernig sé að fara í gegnum erfiða meðferð sem barn og vera á vissan hátt rændur barnæskunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ólafur lenti í miklu mótæti eftir að hafa farið í gegnum krabbameinsmeðferð frá átta til tíu ára aldurs og var kallaður krabbameinssjúklingurinn í skólanum.

séð svo alvarlegar hliðar lífsins að ég er ákveðinn í að njóta þess. Ég einbeiti mér að því að vera þakklátur fyrir heilsuna og hvern dag.

Það tók mig samt langan tíma að komast þangað, mér leið eins og ég hefði verið rændur barnæskunni,“ segir Ólafur einlægur og viðurkennir að hann hafi oft hugsað til þess hvað hefði orðið ef hann hefði ekki veikst, hann hafi verið vinsæll og efnilegur í fótbolta. „Ég vor-kennið mér yfir þessu, mér leið ekki vel, fannst vinirnir hafa brugðist mér, átti erfitt með að treysta fólki, hætti í fótboltanum og gekk illa í skólanum.“

Ólafur segist hafa þurft að taka á þessum hugsunum og í dag stundi hann fjölbreytta líkamsrækt og leggi sig fram um að njóta hvers dags. „Við hugsam til sumarfrísins eftir þrjár vikur og þar fram eftir götunum en þegar dagurinn í dag er liðinn er enn einn dagur lífs þins farinn. Þó það sé miðvikudagur og rigning er mikilvægt að njóta hans.“

Ólafur útskrifaðist sem stúdent frá Kvinnaskólanum í Reykjavík. „Mér hefði ekki tekist það nema með hjálp mömmu sem sjálf er kennari og hélt mér við efnið.“

Í dag starfar Ólafur hjá Reykjavíkurborg í verkefni sem kallast Vinna og virkni og býr með sambýliskonu sinni og barnsmóður Helgu Maren Hauksdóttur og dóttur þeirra, Kristel Maríu, sem er fjögurra ára gömul. „Helga er kletturinn minn enda mjög stabil á meðan liðan mín sveiflast meira upp og niður. Hún var að ljúka við meistaraþróf í sálfræði svo ég mæti góðum skilningi heima fyrir.“

Ólafur segist hafa upplifað mikinn kvíða eftir að dóttir hans fæddist. „Í byrjun fannst mér til að mynda hræðilega erfitt að keyra með hana í bíl. Ég yfirfærði minn kvíða yfir á hana og var alltaf að ímynda mér að eitthvað slæmt myndi gerast. En ég er á betri stað

með þetta í dag og dóttir mín er það besta sem hefur komið fyrir mig.“

Missti marga vini úr krabbameini

Eins og fyrr segir hefur Ólafur starfað mikið með SKB en einnig hefur hann verið virkur í starfi Ljóssins og var um tíma í stjórn Krafts. „Þar hef ég kynnst mörgu góðu fólki sem hefur látist úr krabbameini og það hefur að vissu leyti viðhaldið hræðslunni. Einn góður vinur minn, Kristján Björn Tryggvason, lést úr heilakrabbameini og lét eftir sig eiginkonu og þrjú börn. Við vörðum miklum tíma saman og gerðum margt skemmtilegt. Ég heyrði hann ekki í eitt sinn kvarta yfir hlutskipti sínu þó að hann vissi að hann væri dauðvona. Hann var með einstakt hugarfar og ég hef reynt að tileinka mér hans æðruleysi og njóta hvers dags.“

Á síðasta ári tók Ólafur þátt í Team Rynkeby, samnorranu góðgerðarstarfi þar sem þátttakendur hjóla frá Danmörku til Parísar til styrktar krabbameinssjúkum börnum og fjölskyldum þeirra. „Mér fannst verkefnið fallegt og spennandi og ekki skemmti fyrir að allur ágóði rennur til SKB.“

Ólafur sótti um að fá að taka þátt og var himinlifandi þegar hann var samþykktur í liðið og ekki skemmti fyrir að faðir hans, Einar Þór Jónsson, sem hefur verið liðtækur maraþonhlaupari slóst í hópinn.

Þakklætið mikið

„Ég var sá eini í hópnum sem hafði sigrast á krabbameini og átt beina tengingu við SKB svo þetta snerti mig virkilega og þakklætið var mikið. Við söfnuðum tæplega 24 milljónum, sem er met, og það skemmti ekki fyrir og það er gott að vita að peningurinn fer í Miðstöðina sem mér finnst svo mikilvægt.“



LYFJAMEÐFERÐIR,

STERAR, AÐGERÐIR,

SVÆFINGAR, BLÓDGGJÖF,

HÁRMISSIR, ÞETTA ER

MIKIÐ FYRIR ÁTTA TIL

TÍU ÁRA GAMALT BARN

AÐ TAKAST Á VIÐ. ÉG VAR

STÖÐUGT HRÆDDUR.

meinið sé aftur komið upp,“ segir Ólafur sem þjáist bæði af kvíða og ADHD en segist vilja taka lyf við hvorugu enda sé honum illa við lyf eftir krabbameinsmeðferðina.

Ólafur segir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, SKB, hafa skipt sköpum í hans tilfelli. „Þar var ég í unglingshópi og eignaðist besta vin sem var að ganga í gegnum það sama og ég. Sálfræðingar eru æðislegir en við tveir vorum á jöfnum grundvelli og samtöl okkar og tenging hjálpuðu mér helling. Núna er ég sjálfur umsjónarmaður hópsins og það starf gefur mér mikið og það eru forréttindi að fá að sinna því.“

Rændur barnæskunni

Ég er mikill ævintýramaður og ég tengi það oft krabbameininu, ég hef



RAM

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500



**VERÐ FRÁ 7.302.000 KR. ÁN VSK.
9.405.480 KR. M/VSK.**

**ÖFLUG 6,7 LÍTRA CUMMINS DÍSELVÉL, 370/400* HESTÖFL OG
*AISIN SJÁLFSKIPTING. RAM 3500 ER MEÐ MESTA TOGIÐ, MESTU
DRÁTTARGETUNA OG MESTA INNRARÝMIÐ (MEGA CAB) Í SÍNUM FLOKKI.**

**ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5,
SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.**

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGARPAKKA



**RAM 3500
LIMITED MEGA CAB**



**RAM 3500
37" BREYTTUR**



**RAM 3500
40" BREYTTUR**

**EVROPUÁBYRGÐ: BÍLAR SEM EKKI ERU FLUTTIR INN AF UMBOÐI FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI Í ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA.
VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU
TILKYNNTAR EIGANDA SEM FRAMLENGD ÁBYRGÐ OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.**

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MEÐ 35" BREYTINGU



UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

Áttavilltir vængbrotnir fuglar

Sagnfræðingurinn **Dalrún J. Eygerðardóttir** hefur tekið saman sögu föru- og einsetukvenna í gamla bændasamfélaginu. Hún hefur komist að ýmsu með því að skjalfesta æskuminningar þeirra sem muna eftir þeim.

Ari
Brynjólfsson
arib@frettabladid.is



Vigdís Ingvadóttir, Vigga, var förukona. Sem barn var hún bundin við rúmstokkinn á meðan bláfátækir foreldrar hennar unnu. Sagt var að hún hefði verið misnotuð sem ung kona, orðið þunguð og síðan misst föstrið. Vigdís flakkaði á milli bæja í Mýrdalnum. Hún neitaði gjarnan að sitja með heimilisfólkinu, kaus frekar að borða afganga í einrúmi. Vigdís lést árið 1957. Fyrir utan takmarkaðar heimildir um hana, þá lifir minning hennar í hugum fólks sem man eftir henni úr barnæsku sinni.

Vigdís er ein fjölmargra förukvenna sem eru umfjöllunarefni Jaðarkvennasögu, nýrrar bókar Dalrúnar J. Eygerðardóttur sagnfræðings um föru- og einsetukonur í íslenska bændasamfélaginu.

Æskuminningar endurhugsaðar

Fyrri hluti bókarinnar snýr að förukönnum á Íslandi. Þar koma meðal annars við sögu ítarleg skrif um sjö síðustu förukönur landsins. „Þær konur eru einstakt sögudæmi um förukönur Íslandssögunnar sem lítið er til af upplýsingum um.“ Til að verða sér úti um upplýsingar um förukönurnar sjö leitaði Dalrún til 25 einstaklinga sem mundu eftir þeim, en elsti viðmælandinn var 104 ára gömul kona.

Dalrún segir að hún eigi viðmælendum sínum mikið að þakka. „Minningar þeirra skipta sköpum. Í fyrsta lagi vegna þess að upplýsingar sem þannig fengust gerðu kleift að varðveita vitneskju um föru- og einsetukönur. Í öðru lagi er við slíka upplýsingaöflun hægt að fá fram upplýsingar sem oft skila sér ekki með öðrum hætti. Þannig geta viðmælendurnir rifjað upp minningar úr æsku og hugsað þær upp á nýtt, með hliðsjón af spurningum mínum.“

Dalrún vinnur nú að doktorsverkefni í sagnfræði þar sem hún fjallar um ráðskonur í sveit á síðari hluta 20. aldar. Bókin um föru- og einsetukönur á Íslandi var því eins konar hliðarverkefni, þótt hún sé yfir 400 blaðsíður.

Ákveðið frelsi

„Það er tregafullt líf að vera förukona. Saga Vigdísar endurspeglar líf fjölmargra kvenna. Það var engin kona sem valdi sér beint þann lífsmáta að vera förukona. Þetta var ákveðinn flótti. Heimildir benda til þess að þær hafi mikið verið út af fyrir sig þegar að þær dvöldu á bæjum á flakki sínu. Og heimildir sýna að þær mynduðu ógjarnan nán tengsl við fólk. Það er þó rétt að benda á að sumar förukönur virðast hafa notið vel þeirra fjölbreyttu samskipta sem flakkið bauð þeim upp á.“

Förukönur og förukarlar hafa verið hluti af íslensku þjóðinni alla tíð en erfitt yrði að áætla hversu algengur sá lífsmáti var hverju sinni. Eitt af því sem Dalrún veltir fyrir sér í skrifum sínum er hvernig það kom til að þessar konur tóku upp þennan flökkulífsmáta. „Það lítur út fyrir að þær hafi með beinum hætti valið sér þá leið, en þarna enduðu þær samt sem áður af ýmsum ástæðum. Þessi lífsmáti bauð þeim konum upp á ákveðið frelsi. Förukönur komu helst úr röðum vinnukvenna en sú stétt stóð hvað verst í samfélaginu. Með förulífverfinu sköpuðu þær sér



Dalrún segir mikilvægt að taka tillit til allra þátta í heimildunum, þar á meðal hegðunar kvennanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ingunn Sveinsdóttir, einsetukona í Langadal, bjó í kofa við árbakka Blöndu. Hún lést árið 1993.

frelsi meðal annars undan hefðbundnum þjónustuhlutverkum kvenna sem var ekki annað en þrælsvinna. En fyrir það frelsi þurftu þær að borga með erfiðu líferni förukönunnar.“

Engin úrræði

Dalrún undirstrikar hve mikilvægt það er að taka tillit til allra þátta sem koma fram í heimildum, þar með talið hegðunar kvennanna til dæmis með hliðsjón af andlegum veikindum og kynbundnu ofbeldi gegn þeim. Það voru engin sértæk úrræði fyrir fólk með geðsjúkdóma og önnur mikil hegðunarfrávik á þessum tíma, en flakk var vissulega ákveðið úrræði bændasamfélagsins gagnvart fólki sem svo var ástættum. „Hjá mörgum förukönnum var undirrot flakksins þroskaskerðing eða einhvers konar andleg vanlíðan, þunglyndi eða aðrir geðsjúkdómar. Þessar konur voru mjög eirðarlausar. Og það sem einkenni þær meðal annars er að þær gátu almennt ekki unnið hefðbundin verk sem aðrir gátu unnið. Það eru fáir sem geta lýst þeim jafn vel og ljóðskáldið Ólína Andrésdóttir sem talaði um þær sem vængbrotna, áttavillta fugla.“

Það gátu hins vegar ekki allar

konur farið á flakk, því stundum voru veikindi kvenna, sem voru upp á aðra komnar, það mikil að þær höfðu enga möguleika á að geta ástundað flakk. „Það voru heilmikil fræði að baki flakkinu. Það þurfti að þekkja inn á marga hluti sem þær komu við sögu, allt frá því hvaða leiðir væru bestar, hvaða bæi væri best að heimsækja heim og allt eftir því.“

Einar á ferð

Kynferðislegt ofbeldi var mjög falit á þessum tíma. „Sumum þessara kvenna var lýst svo að þær væru karlalegar í fasi og margar þeirra voru þekktar fyrir andúð sína á karlmönnum. Ein skýring þessa er að þær hafi með þessu móti verið að fyrirbyggja það að lenda í kynbundnu ofbeldi. Þær voru oft einar á ferð og ferðuðust víða,“ segir Dalrún. „Margar konur sem ég tala við í dag um förukönur spyrja mig hvort þær konur hafi þurft að sofa hjá bóndanum. Það er mjög lýsandi.“

Leynardómur einsetunnar

Kemur þá að hinu viðfangsefni Dalrúnar, einsetukönnum. „Einsetukönur voru oftast nær í algjörrri einveru, auðvitað með undantekningum. Það eru mun minni heimildir til um þær.“

Hvernig drógu þær fram lífið?

„Það er töluverður leyndardómur þar að baki. Þær lifðu almennt í gifurlegri fátækt. Algengar vangaveltur þeirra sem skráð hafa upplýsingar um einsetukönur taka til þess hvernig þær drógu fram lífið og hvernig þær vörðu tíma sínum. Hvaða augum einsetukönur litu eigið líf er minnst um vitað enda nær alger skortur á þeirra sjónarhorni í heimildum. Ætla verður að ef þær hefðu verið teknar tali þá hefðu þær vísast gert lítið úr þeirri einangrun sem líf þeirra markaðist svo mjög af.“

Einsetukönur hafa búið með ýmsum hætti á Íslandi. „Meðal annars stunduðu þær tómthúslíf og sjálfsþurfarbúskap. Svo eru það þær einsetukönur sem lifðu bæna-



Margrét Gísladóttir, förukona á Austurlandi, hafði ákveðna sérstöðu þar sem hún hafði verið gift og átt fjögur börn áður en hún fór á flakk. Hún lést árið 1953.

lífi á þjóðveldisöld sem búið er að rannsaka töluvert, til dæmis Guðrún Ósvífursdóttir. En konur úr þeim hópi voru ídulega hástéttarkönur. Í því skyni að fá sérfræðiálit úr þessari átt þá tók ég viðtal við Agnesi abbadís í Karmelklaustrinu í Hafnarfirði. Þannig fékk ég innsýn í líf konu sem hefur tileinkað líf sitt Guði,“ segir Dalrún. „Agnes talaði mikið um köllun sína gagnvart Guði, köllun sem hefur samsvörun við þá köllun einsetukvenna sem lifðu bænalífi. Í bókinni fjalla ég um einsetukönur sem lifðu bænalífi með hliðsjón af húsmóðurhlutverkinu.“

Dalrún fjallar einnig um þá einsetu kvenna sem spratt upp af því líkri mannfælni að þær konur fóru nánast ekki út fyrir hússins dyr nema að bráða nauðsyn bæri til. Dæmi um slíka konu er Ingunn Sveinsdóttir sem Dalrún fjallar ítarlega um í bókinni, Ingunn bjó í torfbæ og síðar í kofa.

Leið aldrei undir lok

Tími förukvenna leið undir lok á sjöunda áratug 20. aldar en tími einsetukvenna leið hins vegar aldrei beinlínis undir lok. „Það er hægt að lifa einsetulífi í blokkaribúð.“ Í lok bókar sinnar kemur Dalrún inn á jaðarkonur nútímans í þéttbýli. „Það hefur auðvitað gríðarlega margt breyst, því fram eru komin ýmis raunveruleg úrræði fyrir jaðarsetta einstaklinga. Konur eru sem fyrr hluti af jaðrinum. Undirrot vanda jaðarkvenna nútímans er að einhverju leyti að finna í sömu grunnþáttum sem leitt hafa konur á jaðarinn í gegnum aldirnar.“

Bókin er tileinkuð konum Konukots, sem veitir heimilislausum jaðarkönnum samtímans skjól. Hluti styrks sem fékkst til útgáfu bókarinnar rann til Konukots. Bókin er í opnu rafrænu aðgengi og hana er hægt að nálgast ókeypis í gegnum vefsíðu Dalrúnar: dalrun.net.



LAUGARDAGUR 4. JÚLÍ 2020

Helgin



Það á að vera finasta veður á Írskum dögum á Akranesi í dag og á morgun. Er þá ekki tilvalið að skella sér aðeins út úr bænum og gera eitt-hvað nýtt og skemmtilegt með fjölskyldunni?

→4



Caroline Montelius hjá Probi AB í Svipjód er rannsóknarvísindamaður með doktorsgráðu í líflæknis- og næringarfræði.

Leiðandi í rannsóknum á mjólkursýrugerlum

Sænska fyrirtækið Probi AB sem er Íslendingum að góðu kunnugt, var stofnað fyrir 25 árum í kringum merkilega uppgötvun sem hópur vísindamanna í Lundi gerði á eiginleikum tiltekinna mjólkursýrugerla og þarmaflórunni. →2

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

Framhald af forsiðu →

Fyrirtækið er í dag leiðandi á heimsvísu í rannsóknum á mjólkursýrugerlum og virkni þeirra, og fæðubótarefni frá Probi AB, sem byggja á áralöngum rannsóknum fyrirtækisins, eru varin einkaleyfum.

Fjölmargir þættir geta haft áhrif á þarmaflóru okkar og hún tekur stöðugum breytingum, meðal annars vegna þess sem við neytum en einnig vegna ytri þátta. Það er mikilvægt að huga að heilbrigði þarmaflórunnar og ein leið til þess er að taka inn góða mjólkursýrugerla, með sannreynda virkni, dag hvern.

Caroline Montelius hjá Probi AB í Svíþjóð er rannsóknarvísindamaður með doktorsgráðu í líflæknis- og næringarfræði en hún hefur unnið með mjólkursýrugerla um árabíl en hér nefnir hún tvær nýjar vörur frá fyrirtækinu, annars vegar Probi® Family og hins vegar Probi® Járn.


„Probi® Family er vara sem ætluð er til að styðja við eðlilega starfsemi ónæmiskerfisins og inniheldur sérvalda samsetningu af einkaleyfisvörðum mjólkursýrugerlunum *Lactobacillus plantarum* HEAL9 og *Lactobacillus paracasei* 8700:2 ásamt fólasi, D-vítamíni og B-12 vítamíni. Rannsóknir hafa sýnt fram á að mjólkursýrugerlarnir lifa af niðurbrot meltingarvegarins og hið sýrða umhverfi magans og ná bólfestu í þörmunum. Probi® Family eru bragðgóðar tugguöflur ætlaðar allri fjölskyldunni frá þriggja ára aldri,“ segir Caroline.

Ónæmiskerfið

Ónæmiskerfið vinnur ötullega að því að vernda okkur gegn sjúkdómum en við erum í snertingu við mögulega sýkla og veirur



Caroline segir að rannsóknir hafi sýnt fram á að mjólkursýrugerlarnir lifa af niðurbrot meltingarvegarins og hið sýrða umhverfi magans og ná bólfestu í þörmunum. Nauðsynlegt er að huga vel að heilbrigði þarmaflórunnar.



Probi® Family hentar fyrir alla fjölskylduna frá þriggja ára aldri.

» Styður eðlilega virkni ónæmiskerfisins – Probi® Family mjólkursýrugerlar og vítamín fyrir alla fjölskylduna frá 3 ára aldri.

öllum stundum. Ef ónæmiskerfið starfar ekki sem skyldi getur sjúkdómshætta aukist.

Streituvaldandi umhverfi, breytingar á mataræði, hækkanði aldur, svefnskortur og nútíma lifnaðarhættir almennt, geta stuðlað að skadlegum áhrifum á heilsu okkar og hugsanlega leitt til

ójafnvægis í ónæmiskerfinu.

Mikilvægi örverujafnvægis

Stór hluti ónæmiskerfis okkar er staðsett í meltingarveginum. Virkni og almennt heilbrigði meltingarvegarins ræðst meðal annars af samsetningu örveruflóru hans, þarmaflórunni. Með viðkvæmri þarmaflóru og röskun á henni getur hættan á sýkingum, bólgum og öðrum sjúkdómum aukist.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að fjölbreytt og vel nærð örveruflóra getur stuðlað að bættu ónæmiskerfi á margan hátt. Sterkt ónæmiskerfi er nauðsynlegt vörnum okkar og til þess að við séum í okkar besta formi.

Fyrir aukna járnupptöku

Probi® Járn inniheldur mjólkursýrugerilinn *Lactobacillus plantarum* 299v® auk járn, C-vítamíns og fólasi. Styður aukna upptöku járn og viðheldur góðum járngildum, einnig á meðgöngu.

Önnur spennandi vara er Probi® Járn frá Probi AB. Við báðum Caroline að segja okkur meira um þessa áhuga-verðu vöru.

„Probi® Járn vinnur gegn járnskorti á alveg nýjan máta, með því að auka upptöku járn, ekki eingöngu inntöku. Klínískar rannsóknir liggja að baki vörunni og með því að styðja við aukna járnupptöku er inntökubörf járn að sama skapi minni og því minnkar samhliða hættan á mögulegum aukaverkunum sem má ef til vill rekja til notkunar á háskammta-járnþæfnum. Útkoman er því jafnari upptaka járn, magi og melting í jafnvægi og heilbrigðari þarmaflóra.“

Probi® Járn:

- Aukin upptaka járn (upptaka, ekki bara inntaka)
- Getur dregið úr þörf á viðbótar-járninntöku
- Milt fyrir meltingarkerfið
- Náttúruleg leið til að viðhalda góðum járngildum – hentar einnig á meðgöngu

Vandamálið með járníð...


Einungis lágt hlutfall af því járn sem við neytum í fæðu frásogast og nýttist líkamanum. Þetta hlutfall er breytilegt og fer eftir ýmsum þáttum svo sem:

» Jafnari upptaka járn, meltingin í jafnvægi og heilbrigðari þarmaflóra.

- 1) járngildi einstaklings
- 2) samsetningu fæðu með tilliti til örvaldi eða hamlandi upptökuþátta
- 3) uppruna járnins, þ.e. hvort það er úr dýraríkinu eða plönturíkinu

Auk þess að nýta ekki nema tiltölulega lágt hlutfall járn úr fæðunni, þá missum við einnig járn úr líkamanum, t.d. í gegnum blæðingar (tíðablæðingar). Þessir tveir þættir, lág upptaka af járn og töluverður járnmissi, eru algeng orsök fyrir blóðleysi af völdum járnskorts hjá konum á barn- eignaraldri. Aðrir áhættuhópar eru börn og unglingar (aukin járnþörf), grænmetisætur (ef lágt járn magn í fæðu), íþróttafólk (aukin járnþörf) og eldra fólk sem neytir gjarnan minna af mat en áður.

Aukaverkanir hefðbundinna háskammta járnþæfna má alla jafna tengja við lága upptöku járnins sem skilur eftir sig háan skammt af óuppteknu járn í meltingarvegi og getur valdið óþægindum á borð við magaverk, ógleði og hægðatregðu.



Probi® Járn vinnur gegn járnskorti á nýjan máta með því að auka upptöku járn en ekki eingöngu inntöku.

Járnskortur – alheimsvandamál

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er blóðleysi af völdum járnskorts eitt helsta næringarvandamálið í heiminum í dag.

Eftirfarandi hópum getur m.a. verið hætt við járnskorti:

- Konum á barneignaraldri
- Barnshafandi konum
- Unglingum
- Eldra fólk
- Fólk í mikilli þjálfun
- Grænmetisætur/grænkerum, ef lágt járn magn er í fæðu

Einkenni járnskorts geta meðal annarra verið:

- Preyta
- Höfuðverkir
- Svimi
- Skertur skilningur og einbeitingarskortur (e. impaired cognition)
- Fólvi
- Píringur
- Þrek- og orkuleysi
- Hárlas
- Vöðvakippir
- Veikara ónæmiskerfi

Probi® mjólkursýrugerlar eru fæðubótarefni. Neysla fæðubótarefna kemur ekki í stað fjölbreyttrar fæðu og heilsusamlegs lífnefni. ABEL ehf. er umboðsaðili Probi® mjólkursýrugerla á Íslandi.

Hætti á gigtarlyfjum og tek Nutrilenk

NUTRILENK GOLD, mest selda liðbætiefnið á Íslandi, hefur hjálpað fjölda Íslendinga sem þjáðst hafa vegna liðverkja. Sigrún Björk Sverrisdóttir náði góðum bata með inntöku á Nutrilenk Gold.

Nutrilenk Gold er unnið úr sérvöldum fiskbeinum (aðallega úr hákórlum) sem eru rík af virku, nýtanlegu og uppbyggilegu kondrótini, kollageni og kalki, og reynslan hefur sýnt að það er að hjálpa fjölmörgum sem finna fyrir eymslum í liðum, þá sérstaklega hnjám og mjöðmum.

Nutrilenk Gold hentar vel ef brjóskef hefur orðið fyrir hnjaski og með reglulegri inntöku er hægt að viðhalda árangrinum. Grundvallaratriði er þó að brjóskeyðing sé ekki alger.

Byggingarefni brjóskefs

Til þess að gera helstu innihaldsefnin í Nutrilenk Gold virk, þá er það meðhöndlað með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólakúlin og gerir það frásogunarhæft og virkt sem frábært byggingarefni fyrir brjóskef. Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, D-vítamín og mangan til að auka virkni efnisins sem mest hentar fólki á öllum aldri.

Er laus við gigtarlyfið

Sigrún Björk Sverrisdóttir er ein af þeim sem taka Nutrilenk Gold alla daga en hún er með slitgigt í hálsi og finnur einnig til í axlar- og mjaðmaliðum: „Ég hafði tekið bólgu- og verkjastillandi gigtarlyf í ein sjö ár þegar lækurinn benti mér á að nú væri tími kominn á að endurskoða hlutina því það er ekki gott að taka lyfið í mjög langan tíma. Ég hafði stuttu áður byrjað að taka Nutrilenk Gold þannig að ég tók gigtarlyfið alveg út og fór að taka Nutrilenkið af fullum krafti. Fyrst 3 sinnum 2 töflur á dag og síðar 3-4 töflur. Það tók mig nokkrar vikur að finna einhvern mun en ég þráaðist við og tók þá stundum 5 töflur á dag. Í dag er ég bara nokkuð góð og mjög sátt við að vera laus við gigtarlyfið. Ef ég gleymi að taka Nutrilenkið þá finn ég fljótt fyrir því. Nú eru fleiri í fjölskyldunni farnir að taka Nutrilenk Gold m.a. vegna slæmsku í hnjám og allir eru jafn ánægðir“.

Vinsælar vörur

Auk Nutrilenk Gold inniheldur Nutrilenk-línan einnig Active hylki og Nutrilenk Gel en það er vinsæll valkostur hjá einstaklingum sem finna fyrir stírdleika, verkjum og bólgu í liðum og vöðvum. Einnig eru þau vinsæl



Nutrilenk Gold hefur hjálpað Sigrúnu Björk Sverrisdóttur heilmikið, en hún er með slitgigt í hálsi og verki í liðum.



Allt að 3 mánaða skammtur

„Í dag er ég bara nokkuð góð og mjög sátt við að vera laus við gigtarlyfið. Ef ég gleymi að taka Nutrilenkið þá finn ég fljótt fyrir því.“

Sigrún Björk Sverrisdóttir, fulltrúi Starfsmannafélags Suðurnesja

hjá þeim sem eiga við brjóskefsvirðinguna að stríða sem virðist hrjá ótrúlega marga, hvort sem er vegna aldurs, álags eða slyss.

Sölustaðir: Apótek, heilsubúðir, heilsuhillur verslana og stórmarkaða.

Vertu laus við þynnuna í sumar!



- 2 töflur fyrir eða með fyrsta drykk og 2 töflur fyrir svefn.
- Dregur úr þreytu og óþægindum.
- Inniheldur öfluga B-vítamínblöndu og magnesíum ásamt rósepli og kaktus ekstrakt.



Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.

Upplifðu Akranes í nýjum ratleik

Það á að vera fínasta veður á Írskum dögum á Akranesi í dag og á morgun. Er þá ekki tilvalið að skella sér aðeins út úr bænum og gera eitthvað nýtt og skemmtilegt með fjölskyldunni?

Jóhanna María

Einarsdóttir

johannamaria@frettabladid.is



Fyrsti ratleikurinn frá Sýslu, menningu og listum, verður settur í gang á Akranesi um helgina og hentar leikurinn sérlega vel fyrir fjölskyldufólk. Sýsla, menning og listir er lítið sprotafyrirtæki sem hefur verið að vinna með íslenskt hand- og hugverk, þar sem áhersla er lögð á að útbúa spil, leiki, þrauta- og hljóðbækur og snjallforrit. Nú er svo komið að fyrirtækið hefur framleitt glænýtt ratleikja-app sem er frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna til þess að fagna sumrinu. Einnig er þetta hvatning til útiveru og ævintýralegra samverustunda. „Appið er stórskemmtileg afþreying fyrir fólk á öllum aldri, en er hugsað fyrir krakka frá sirka 7 ára aldri og upp úr,“ segir Salome Friðgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Sýslu.

„Hugmyndin að ratleikja-appinu kom upp fyrir ári þegar okkur fannst vanta skemmtilega afþreyingarleiki fyrir fjölskylduna á ferð um landið, sem væri í senn skemmtilegir og fræðandi. Í kjölfarið fórum við að hanna grunn að ratleikja-appi og erum nú virkilega ánægð með útkomuna,“ segir Salome.

Fyrsti ratleikurinn á Akranesi þessa helgi


Fyrsti ratleikurinn í ratleikja-appinu er á Akranesi um helgina og er kynntur í samstarfi við Írská daga þar í bæ. Að sögn Salome þarf alls ekki að vera kunnugur Akranesi til þess að taka þátt í leiknum. „Það er alltaf hægt að finna staðsetninguna með GPS-korti í leiknum. Einnig er hægt að fá vísbendingar, þannig að þetta ætti að vera nokkuð skemmtileg áskorun fyrir bæði kunnuga sem ókunnuga.“

Komdu í stjórnuleit

Markmið ratleiksins er að ferðast um Akranes hvort sem er gangandi eða á hjóli og kynnast skemmtilegum stöðum í bænum, ásamt því að safna stjórnun sem birtast í forritinu við hin ýmsu kennileiti víðs vegar um Akranes. Til þess að finna ratleikjastoppin og vinna stjórnun þarf að smella á hnappinn „að byrja leitina“.



Sýsla fannst vanta afþreyingamöguleika fyrir fjölskyldur á ferð og flugi um landið í sumar og hannaði þess vegna ratleikja appið. Mynd/Pétur Ásgeirsson.



Væri ekki tilvalið að skella sér í ratleik á Akranesi um helgina?

Ratleikja-appið mun alltaf koma til með að vera frítt.

Um leið og smelt er á hnappinn opnast myndavél í símanum þar sem þú skannar með símanum yfir svæðið þar sem þig grunar að rétta stoppið sé. Ef þú hefur valið rétt svæði birtist stjarna, og til að halda áfram á næsta stopp þarf að smella á stjörnuna.

Þess má geta að leikurinn hleður ekki niður neinum upplýsingum um notendur, en til að geta spilað leikinn þarf að gefa appinu aðgang

að staðsetningu (location) og myndavél símtækisins.

Frítt fyrir notendur

Snjallforritið er aðgengilegt bæði á App Store og Google Play öllum að kostnaðarlausu. „Ratleikja-appið mun alltaf koma til með að vera frítt, en bæjarfélög, stofnanir eða fyrirtæki sem vilja starfa með okkur mega endilega hafa samband við okkur gegnum postur@sysla.is og við setjum saman flottan leik.“

Sýsla sér fram á að setja saman enn fleiri ratleiki vítt og breitt um landið. „Þá verða bæði leikir fyrir yngri kynslóðina, sem og ratleikir sem sniðnir eru að eldri kynslóðinni og þá með fleiri þrautum og leikjum,“ segir Salome.

Laugardaginn 11. júlí gefur Frettablaðið út sérblaðið

ÍSLENSKT GJÖRIÐ SVO VEL

Fjalla á um framleiðslu íslenskra afurða, hvort sem það fellur undir húsgagna- og innréttingaframleiðslu, matvælaframleiðslu, fatnað, hönnun eða annað.

Við viljum bjóða ykkar fyrirtæki að taka þátt og kynna ykkar þjónustu og/eða starfsemi.

Tryggðu þér gott pláss í mest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Frettablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

ÍSLENSKT
gjöríð svo vel

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Sólheimar 90 ára

LAUGARDAGUR 4. JÚLÍ 2020



Glæsileg afmælisdagskrá

Í tilefni af 90 ára starfsafmæli Sólheimar hefur afmælisnefnd verið að störfum frá því fyrir áramót, sem leidd er af Magnúsi Ólafssyni, varaformanni stjórnar Sólheimar. Starfsemi Sólheimar frá upphafi mun kristallast í metnaðarfullri dagskrá og leika menning og

listir þar stórt hlutverk. Menningarveisla Sólheimar var sett 6. júní síðastliðinn með glæsilegri afmælisdagskrá, sem mun lifa fram í lok ágúst með veglegum tónleikum í Sólheimakirkju alla laugardaga í sumar, en auk þess er í gangi sýning um sögu Sólheimar

í myndum og máli sem unnin er í samstarfi við Reyni Pétur, um starf Sesselju á Sólheimum og framlag Lionsklúbbsins Ægis til starfsins, allar götur frá árinu 1957. Vígslubiskup í Skálholti verður með messu í Sólheimakirkju á sjálfan afmælisdaginn sem er á

morgun, 5. júlí, að viðstöddum forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessyni og frú Elizu Reid, auk þess sem velgjörðarkona Sólheimar, frú Vigdís Finnbogadóttir, heiðrar okkur með nærveru sinni. Þá stendur til að bjóða öllum íbúum í Grímsnes- og Grafnings-

hreppi í opið hús á Sólheimum og fá þeir leiðsögn, kynningu og kaffi, ásamt því að félögum í Lionsklúbbum Ægi verður gert hátt undir höfði. Þá má nefna að nú stendur yfir afmælisýning á listaverkum íbúa Sólheimar í sýningarsal Völu.

Frumkvöðullinn Sesselja

Saga Sólheima er lengst framan af samofin lífi og starfi merkiskonunnar Sesselju Hreindísar Sigmundsdóttur. Hún vann brautryðjendastarf fyrir börn auk þess að vera mikill umhverfissinni.

Sesselja fæddist 5. júlí 1902 í Hafnarfirði, dóttir hjónanna Kristínar Simonardóttur og Sigmundar Sveinssonar. Sesselja var tveggja ára gömul þegar faðir hennar tók við rekstri veitinga-hússins Valhallar á Þingvöllum, þar sem Sesselja ólst upp í mikilli nálægð við fagra náttúru. Sesselja fékk vitrun á fermingardaginn sinn og var strax ákveðin í að láta til sín taka og láta gott af sér leiða. Þó svo að á þeim tíma hafi ekki legið fyrir í hvaða farveg hún ætlaði að beina kröftum sínum, vissi hún fyrir vist að henni var ætlað það hlutverk að líkna og þjóna þeim sem þurftu stuðning, aðstoð og kærleika.

Sesselja stundaði nám í Danmörku, Sviss og Þýskalandi og var fyrsti Íslendingurinn sem lærði umönnun þroskaheftra. Meðan á dvöl hennar erlendis stóð kynntist hún kenningum Rudolfs Steiners sem áttu eftir að hafa veruleg áhrif á allt hennar starf á Sólheimum. Hún tileinkaði sér kenningu hans á sviðum uppeldis-, heilbrigðis- og skólamála ásamt hugmyndum Steiners um jarðrækt og lífræna ræktun.

Mótaðar hugmyndir

Samhliða dvöl Sesselju erlendis leituðu foreldrar hennar að hentugum stað fyrir barnaheimilið sem hana langaði að stofna. Sesselja hafði mjög mótaðar hugmyndir og sýn. Hún vildi ekki að þetta yrði stofnun, heldur venjulegt sveitaheimili, á stórrí jörð, helst jörð með heitu vatni og jafnvel hver. Ýmsir staðir komu til greina, svo sem jarðir í Kjós og á Álftanesi, en jörðin Hverakot í Grímsnesi þótti hentugust og hafði orðið fyrir valinu vorið 1930 þegar Sesselja kom heim til Íslands.

Ein meginástæðan fyrir valinu á jörðinni Hverakoti var að á jörðinni var og er, hver og heitt vatn, sem Sesselja hugðist nýta til húshitunar og ræktunar. Margir töldu það óráð að stofna barnaheimili á svo afskekktum, en Sesselja hélt sínu striki og naut til þess hvatningar sr. Guðmundar á Mosfelli og Önnu konu hans. Með styrk frá Reykjarvíkurbæ til húsbýggingar og láni úr sjóði barnaheimilisnefndar þjóðkirkjunnar, var draumurinn um Sólheima



Sesselja með börnum sem dvöldu á Sólheimum.

orðinn að veruleika. Þann 5. júlí 1930 á 28 ára afmælisdaginn sinn stofnar Sesselja Sólheima á jörðinni Hverakoti og þann dag komu fyrstu fimm börnin til hennar og nokkru síðar bættust önnur fimm við.

Frumkvöðull í lífrænni ræktun

Sólheimar voru stofnaðir sem barnaheimili, einkum fyrir börn sem bjuggu við erfðar heimilis-aðstæður svo sem foreldramissi eða veikindi foreldra. Einnig voru tekin börn til sumardvalar. Haustið 1931 kom fyrsta þroskahefta barnið að Sólheimum, en þá voru engin úrræði til á Íslandi fyrir þroskahefta og þess voru dæmi að þroskaheft fólk væri geymt í útihúsum.

Sesselja var frumkvöðull í lífrænni ræktun, ekki aðeins á Íslandi heldur líka á Norðurlöndum og er í raun fyrsti íslenski umhverfissinninn. Eftir að Sesselja flutti til Íslands 1930 stóð hún í bréfaskriftum við fjölda fólks í



Sólheimar árið 1957. Síðan þá hefur verið mikil uppbygging á svæðinu og gróðurinn hefur þar fyrir utan vaxið mikið. Það er fallegt á Sólheimum.

Danmörku, Þýskalandi, Hollandi, Englandi og Sviss, m.a. um lífeflða ræktun (bio-dynamics) og mann-speki og ferðaðist hún reglulega til þessara landa. Meðal þeirra sem hún átti í bréfaskiptum við voru dr. Karl König, stofnandi Camp-hill-hreyfingarinnar í Bretlandi, Sólveig Nagel frá Noregi og Caritu Stenback frá Finnlandi, en þær voru frumkvöðlar í málefnum þroskaheftra í sínum heimalöndum.

Sesselja giftist Rudolf Richard Walter Noah, 17. mars 1949. Noah var þýskur tónlistarmaður og kennari sem kom til Íslands 1935, en var handtekinn af breska hernum 5. júlí 1940 og fluttur í fangabúðir til Englands. Noah fékk ekki leyfi til að koma til Íslands fyrr en 1949 eftir níu ára fjarveru. Hann fór aftur til Þýskalands 7. mars 1953, án þess að Sesselja og hann skildu formlega. Noah lést í Þýskalandi 1967. Sesselja ættleiddi tvö börn, Hólmfríði og Elvar, og ól upp 14 fósturbörn. Elvar lést 27. nóvember 1963. Sesselja lést á Landakotsspitála í Reykjavík 8. nóvember 1974, 72 ára gömul.

Fatlaðir og ófatlaðir

Sesselja lagði ávallt áherslu á að Sólheimar væru heimili en ekki stofnun og að fatlaðir sem ófatlaðir deildu kjörum í daglegu lífi og

starfi. Á Sólheimum markaðist upphaf þeirrar stefnu sem nefnd er samskipan fatlaðra og ófatlaðra, eða blöndun, en sú stefna var ekki þekkt erlendis fyrr en um og eftir 1970. Sólheimar voru alla tíð skráð barnaheimili, en 1984 var þess krafist að Sólheimar væru skráðir vistheimili og var svo í níu ár, þar til vistun fatlaðra lauk í janúar 1994 á Sólheimum. Á þeim tímamótum tóku fatlaðir upp sjálfstæða búsetu á Sólheimum. Þeir fá greiddar örorkubætur í stað vasapeninga vistmanna og greiða leigu fyrir sitt húsnæði og standa straum af kostnaði við eigið heimilishald. Fatlaðir íbúar eru nú 42, af um rúmlega eitt hundrað íbúum Sólheima.

Fljótlega eftir að Sólheimahúsið var risið, var farið að huga að frekari uppbyggingu. Selhamar er fyrsta húsið sem sérstaklega er byggt fyrir þroskahefta á Íslandi. Húsið var reist 1932-1933, en Alþingi styrkti framkvæmdina með 15 þúsund króna framlagi. Sólheimahúsið og Selhamar voru lengi einu íbúðarhúsin á Sólheimum, eða þar til 1962 að húsin Sveinalundur og Lækjarbakkur voru byggð og síðan Hvammur, Birkihlíð og Fagrabrekka árið 1970. Byggingafélagið Goði gaf Sólheimum sundlaug 1942, sem byggð var við hliðina á Sólheimahvernum.



Sesselja Hreindís á tröppunum á Sólheimum í Grímsnesi.

Sundlaugin var endurbyggð af Lionsklúbbum Ægi 1980.

Þróun í uppbyggingu

Viðbygging við Sólheimahúsið var tekin í notkun þann 7. maí 1966, en hún hýsir borðsal, eldhús og þvottahús í kjallara. Með þessum byggingum var kominn vísir að þéttbýli að Sólheimum. Fyrstu fimm árin var enginn sími á Sólheimum og rafmagn fékkst ekki fyrr en 1956 eftir mikla baráttu, þrátt fyrir að stærstu raforkuver landsins væru í hreppnum. Vindmylla var sett upp á Sólheimum 1943 og framleiddi hún rafmagn fyrir lýsingu í Selhamri og í Sólheimahúsi, en um var að ræða 32 volta rafstöð.

Sesseljuhús var formlega tekið í notkun 5. júlí árið 2002, þegar eitt hundrað ár voru liðin frá fæðingu Sesselju. Húsið er sýningarhús um sjálfbærar byggingar og fræðslumiðstöð fyrir umhverfismál. Sólheimakirkja var vígð 5. júlí 2005 á 75 ára afmæli Sólheima.



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

REITIR
FASTEIGNAFÉLAG

Gæfuríkt starf í 90 ár

Saga Sólheima í Grímsnesi sem fagna 90 ára afmæli í ár er lengst framan af samofin lífi og starfi merkiskonunnar Sesselju Hreindísar Sigmundsdóttur. Sólheimar njóta ávallt trausts og velvildar meðal almennings.

Sigurjón Örn Þórsson, stjórnarformaður Sólheima, naut ekki þess heiðurs að kynna Sesselju í eigin persónu, þótt hann þekki hana í gegnum störf hennar og sögu. „Sesselju er lýst sem miklu náttúrubarni og mannvini með ríka réttlætiskennnd. Hún hafði eðlislæga tilhneigingu til þess að hlúa að þeim sem veikburða voru og var mikill dýravínur. Sesselja var trúuð og hún var alin upp við kristin gildi. Best er henni þó lýst sem miklum frumkvöðli. Hún sótti sér menntun erlendis, sem ekki þótti sjálfsagt um hennar daga og stofnaði síðan heimili þar sem fatlaðir og ófatlaðir deildu kjörum. Sesselja var frumkvöðull í lífrænni ræktun á Norðurlöndum. Þótt oft hafi á móti blásið er óhætt að segja að sagan hafi farið mjúkum höndum um starf Sesselju. Hún var langt á undan sinni samtíð. Allt okkar starf í dag byggir enn á þeirri arfleifð sem hún eftirlét og fyrir henni er borin djúp virðing á Sólheimum,“ segir Sigurjón Örn.

Einangraður staður

Þegar Sigurjón er spurður hvernig Sólheimar hafa þróast fyrstu árin, segir hann að í upphafi hafi hugmynd Sesselju verið að stofna heimili þar sem afskipt olnboga-börn úr þéttbýli nyttu atlætis, uppeldis og hlýju. „Það breyttist þó strax á fyrstu árum starfseminnar, því haustið 1931 kemur fyrsta fatlaða barnið til Sólheima og þeim fjölgaði upp frá því.

Fljótlega eftir að Sólheimahúsið var risið var farið að huga að frekari uppbyggingu. Húsið Selhamar var reist 1932 til 1933, og er fyrsta húsið sem sérstaklega er byggt fyrir þroskahefta á Íslandi. Þar var lengi eina íbúðarhúsið á Sólheimum. Einangrun Sólheima var talsverð fyrstu árin, enginn sími og rafmagn fékkst ekki fyrr en árið 1956 eftir mikla baráttu, þrátt fyrir að stærstu raforkuver lands-

ins á þeim tíma væru í hreppnum. Sesselja dó þó ekki ráðalaus, því margt var reynt til að bæta úr þessu og vindmylla var sett upp á Sólheimum 1943 sem framleiddi rafmagn fyrir lýsingu í Selhamri og í Sólheimahúsi,“ segir Sigurjón Örn.

Bönnuðu blöndun ófatlaðra og fatlaðra

„Hugmyndir Sesselju fóru ekki alltaf saman með ríkjandi hugmyndafræði þess tíma og það skapaði ákveðin átök. Má þar nefna ríkjandi viðhorf þess tíma, að ekki skyldi blanda saman fötludum og ófötludum börnum, þar sem það gæti haft skaðleg áhrif á fyrrnefnda hópin. Kröfur um aðskilnað þessara barna á staðnum var oft efni bréfaskrifta og deilna yfirvalda, auk þess sem áherslur Sesselju á grænfaði þóttu ekki upp á marga fiska. Þessar deilur leiddu það af sér að lokum að yfirvöld bönnuðu þá blöndun sem í dag þykir sjálfsgöð og eðlileg. Upp frá því hefur starfsemi Sólheima hverfst um þá fötludu íbúa sem búa þar og starfa.“

Fallegt umhverfi

Sigurjón Örn segir að allur aðbúnaður hafi tekið miklum stakkaskiptum og það sem eitt sinn var berstripað mýrlendi fjarri allri byggð, er nú orðið heimili rúmlega 100 íbúa. Skógi vaxið byggðarhverfi sem tekur á móti fjölda gesta ár hvert. „Starfsemin á Sólheimum er þó mjög trú þeim gildum sem Sesselja lagði upp með og enn er það markmiðið að vera sjálfbært samfélag, sem byggir á kristnum gildum og hugmyndum mannspeki Rudolfs Steiners. Við erum samfélag sem veitir íbúum umgjörð til að vaxa, þroskast og vera virkir þátttakendur í daglegu lífi og öðlast tækifæri til að eflast,“ segir Sigurjón.

Starfsemi Sólheima er rekin



Sigurjón Örn Þórsson er stjórnarformaður Sólheima. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

á grunni þriggja sjálfseignarstofnana, sem hver og ein hefur skilgreint hlutverk. Skilið er á milli reksturs fyrirtækja og félagsþjónustu. Sólheimar ses. rekur félagsþjónustuna á staðnum, á grunni þjónustusamnings við Bergisann, en samningurinn gerir ráð fyrir að 43 fatlaðir íbúar njóti búsetu og þjónustu á Sólheimum.

Þá er Sólheimasetur ses. sem á og rekur alla atvinnustarfsemi á svæðinu. Undir það flokkast Sesseljuhús, garðyrkjustöðin Sunna, verslun og kaffihúsið Vala/Græna, Ölur skógrækt, Jurtastofan, Kaffibrennslan og ferðaþjónusta. Það kemur svo í hlut Styrktarsjóðs Sólheima að stuðla að uppbyggingu, rekstri og viðhaldi fasteigna á staðnum. „Allar þessar þrjár sjálfseignarstofnanir lúta stjórn 17 manna fulltrúaráðs, sem kys sér stjórn og formann. Samtals starfa rúmlega fimmtíu starfsmenn hjá Sólheimum, auk þess sem nokkur

fjöldi sjálfboðaliða dvelur á Sólheimum til lengri eða skemmri tíma,“ segir Sigurjón og bætir við að rekstur Sólheima sé viðkvæmur og það megi litid út af bera í starfseminni.

Góður meðbyr

„Í dag er reksturinn í jafnvægi og nýtur þess skilnings sem nauðsynlegur er til að tryggja áframhaldandi blómlegt starf á þessum stað, sem er í raun eitt af óskabörnum þjóðarinnar, en við finnum fyrir því að Sólheimar njóta mikils trausts og velvildar meðal alls almennings.“

Að lokum er Sigurjón Örn beðin um að skoða í kristalskúluna sína og spá fyrir um hvernig starfsemin á Sólheimum verði eftir önnur 90 ár, eða árið 2110. „Já, þú segir það, ég held að það verði áfram unnið í anda Sesselju næstu 90 árin. Arfleifð hennar er svo sterk og hugmyndir hennar, sem eitt

sinn þóttu svo framandi, eru svo „main stream“ í dag og gera það að verkum að Sólheimar munu ekki lengur þurfa að berjast fyrir tilvist sinni. Ég tel að næstu 90 árin keppist menn við að styrkja starfið enn frekar og nýta þau ótal tækifæri sem búa í sögu og ímynd staðarins.

Enginn er spámaður í sínu föðurlandi, en Sólheimum hefur lengi verið hampað erlendis og til okkar er horft sem eins af fyrstu sjálfbærnu samfélögum í heimi og fyrirmynd þeirra sem á eftir komu. Slík samfélög njóta mikils meðbyrs og skilnings í dag, sem mun án efa efla okkar góða starf. Þörfin fyrir fagmennsku, virðingu, listsköpun og kærleika mun áfram eiga sinn stað í hjörtum fólks, en það er einmitt það sem Sólheimar standa fyrir og munu gera um ókomna tíð.“

Viðtal: Magnús Hlynur

Péturstorg í hjarta staðarins

Það er rík hefð fyrir því á Sólheimum að mannvirki beri nöfn heimilsvina og velunnara staðarins, til að heiðra störf og minningu viðkomandi. Péturstorg ber nafn Péturs Sveinbjarnarsonar.

Péturstorg er dæmi um slíkt, en um er að ræða torg í kvosinni á Sólheimum, sem er hjarta staðarins,“ segir Sigurjón Örn Þórsson, stjórnarformaður Sólheima.

Pétur Sveinbjarnarson kom fyrst að starfi Sólheima árið 1979 og leiddi starfið þar sem formaður stjórnar Sólheima til ársins 2017, eða í hartnær fjórutíu ár. Pétur var framsýnn og hugmyndaþingur og fór gjarnan ótroðnar slóðir í störfum sínum, sem var ekki alltaf

„Pétur var framsýnn og hugmyndaþingur og fór gjarnan ótroðnar slóðir í störfum sínum.“

til vinsælda fallið. „Í dag efast þó enginn um þau verk sem hann leiddi til lykta, þá starfsemi sem byggðist upp í hans tíð, eða um þá leiðsögn sem hann veitti.“



Pétur Sveinbjarnarson tekur hér skóflustungu að Péturstorgi í apríl 2019.

„Með Péturstorgi vill stjórn Sólheima heiðra störf góðs vinar og leiðtoga, sem helgaði starfskrafta sína Sólheimum. Péturstorg verður formlega vígt í lok sumars, en við það tækifæri munu vinir Péturs reisa honum minnisvarða. Auk þess verður afhjúpað nýtt listaverk á torginu sem er gjöf listamannsins Sigurðar Guðmundssonar til Sólheima í tilefni 90 ára afmælis staðarins. Pétur tók skóflustungu að Péturstorgi 6. apríl 2019, en hann lést í desember sama ár.“

Lífrænt úr garði Sólheima

Græna kannan er hjarta Sólheima, í gömlu gróðurhúsi. Þar er mótuneytið, kaffihúsið, verslunin Vala, listsýningar og hún Emma á heima þar, talandi páfagaukur sem gleður fólk á öllum aldri.

Sesselja Hreindís skildi og vann með náttúrunni. Það sést á öllum hennar verkum og arfleifðinni sem hún skildi eftir sig á Sólheimum. „Fyrir mig í dag sem matreiðslumeistara, eru það hrein forréttindi að fá að vinna með það sem ræktað er hérna á staðnum. Geta gert súpu úr því sem garðyrkjufólkið kemur með á hverjum degi. Vitandi að í því er ekkert nema spriklandi hollusta,“ segir Dóra Svavarsdóttir, matreiðslumeistari á Sólheimum.

„Þó svo að það sé ekki eldað kjöt og kartöflur í hvernum, líkt og var hér í upphafi, þá spilar jarðhitinn stórt hlutverk. Hann gerir það að verkum að tómatar, eggaldin, kúrbitur, epli, laukar og um það bil allt sem hugurinn gírnist, getur dafnað hér í gróðurhúsunum. Það hefur verið hlúð að plöntunum líkt og mannfólkinu hér á staðnum, með natni og smá húmor. Við í eldhúsinu fáum það í hendur og nýtum í mat handa íbúum og starfsfólki Sólheima. Alla daga geta gestir og gangandi keypt sér súpu og nýbakað brauð. Kaffilyktin lokkar, enda ristum við kaffið okkar sjálf og með því er upplagt að fá sér kökusneið eða vöfflu með sultu og rjóma,“ segir hún.



„Eldhúsið tekur síðan allt þetta dásamlega grænmeti og býr til arfapestó, gúrku-relish, þurrkaða tómata í olíu, sýrðar gúrkur, sultur og ýmislegt fleira, allt eftir því hvað hefur vaxið mest síðustu dagana. Þetta er allt til sölu í búðinni okkar og getur glatt bragðlaukana þegar heim er komið og er upplagt sem tækifærisgjöf fyrir vini og ættingja sem eiga allt.

Það er fátt skemmtilegra en að gefa fólk að borða, diskaglamur og velliðunaruml er góðs viti fyrir okkur kokkana. Besta hrósið er ef það er alveg þögn fyrst þegar fólk fær að borða. Svo kemur hlaturinn og skemmtisögurnar úr hversdagslífinu hérna á Sólheimum,“ segir Dóra og gefur hér góða uppskrift.

Arfapestó Sólheima

200 g haugarfi
50 g basilíka
3 dl repjuolía
2 hvítlauksgeirar
2 tsk. salt
¼ tsk. svartur pipar
100 g kasjúhnetur

Setjið allt í matvinnsluvél, nema hneturnar, og maukið saman. Bætið hnetunum út í og maukið

áfram, passið að hneturnar fari ekki alveg í mauk. Njótið með góðu brauði.

Tómat-paprikusúpa

Fyrir 5

1 laukur, saxaður
1 tsk. timian
3 hvítlauksgeirar, saxaðir
Svartur pipar
½ kg plómútómatar, skornir í tvennt
2 rauðar paprikur, kjarnhreinsaðar og skornar gróft
1 grein rósmarin
½ lítri vatn
1 gulrót, fint skorin
½ kúrbitur, finskorinn
Salt og pipar

Laukurinn er svitaður í potti ásamt pipar, timiani og hvítlaukunum. Tömötunum bætt út í ásamt paprikunni, vatni og rósmarin-grein, soðið rólega í 25 mínútur, vatni bætt út í ef þurfa þykir.

Veidið rósmaringreinina upp úr og maukið súpunna með töfra-sprota eða í matvinnsluvél.

Smakkið til með salti og pipar, setjið fint skorin grænmetið út í og sjóðið upp á súpunni og berið fram með sóxuðum kryddjurtum.

Tónar í geislum sólar

Tónlist hefur alltaf verið í hávegum höfð á Sólheimum.

Hallbjörn V. Rúnarsson þroskaþjálfari segir að það sé engin tilviljun að listastarfi hafi verið mikilvægur þáttur í 90 ára sögu Sólheima. Tónlist og leiklist hafi alltaf skipað þar mikilvægan sess. „Sesselja Sigmundsdóttir kynntist hugmyndafræði Rudolfs Steiners en samkvæmt henni skerpir listrænt starf tvo mjög mikilvæga færniþætti, hæfileikann til að móta og greina. Leikrit hafa verið færð upp árlega og síðustu árin með virkri þátttöku allra sem þátt vilja taka,“ segir Hallbjörn.

„Tónlistin var í hávegum höfð og flestum stundum hefur starfað tónlistarmenntað fólk á Sólheimum, sem haldið hefur uppi öflugu tónlistarlífi. Flutt voru inn hljóðfæri og önnur smíðuð á staðnum. Þau voru notuð til tónlistarkennslu áður en farið var að kenna tónlist almennt í skólum hér á landi. Þá hefur verið starfandi kór á Sólheimum frá árinu 1989.

Tilgangurinn með tón- og leiklistarstarfi er ekki bara leikurinn einn. Með því að tjá sig á fjölbreyttan hátt erum við að móta leiðir fyrir okkur sjálf sem eru valdeflandi og geta aukið getu til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Með því að sýna öðrum hvað við getum, öðlumst við svo aðdáun, sem er hvatning til að halda áfram og eykur sjálfstraust. Það eru góð rök fyrir því að nota tónlist til að efla einstaklinginn til aukins þroska, færni og lífsgæða.

Þegar ég hóf störf sem þroskaþjálfari á Sólheimum fyrir þremur árum, hafði verið þar öflugt tón- og leiklistarstarf með einstaklingsþjálfun, kórstarfi og útgáfu. Það heillaði mig mikið að halda því



Börn í tónlistarkennslu. Tónlist hefur alltaf skipt miklu máli á Sólheimum.



Hallbjörn Rúnarsson þroskaþjálfari.

starfi áfram, enda alltaf haft sérstakan áhuga á að sýna fram á gildi tónlistar við þjálfun einstaklinga.

Tónlist er ekki frátekin iðja fyrir þá hæfustu, eða þá sem hafa þjálfað með sér færni í hljóðfæraleik. Heilarannsóknir sýna að þegar hlustað er á tónlist verða mörg mismunandi svæði heilans virk. Þannig má færa rök fyrir því að upplýsingar gefnar í tónlist, séu líklegri til að skila sér en þær sem einungis eru gefnar munnlega. Við þekkjum öll hvernig tónlist getur haft áhrif á okkur. Hún getur framkallað tilfinningar sem hrislast um líkamann og fá hárin á handleggjunum til að rísa.

Tónlist getur líka vakið upp nýjar tilfinningar, sem og endurheimt minningar sem tengjast tilfinningum.

Hlutverk tónlistar getur verið, eins og allrar listar, að teikna upp mynd af okkur, að senda boð til annarra um líðan okkar og að tjá tilfinningar okkar. Þannig getur fagmanneskja notað einstaklingsbundnar aðferðir til að þjálfra færni og veita hvatningu.

Áhrifamatt tónlistar má jafnvel nýta á líkamlegt, andlegt og tilfinningalegt ástand einstaklings, áður en gripin er til lyfjameðferðar, samhliða lyfjameðferð og eftir lyfjameðferð.

Þá er hægt að bæta tónlist við margar hversdaglegar aðferðir, sem dæmi má nefna skynörvun með tónlist, félagsfærnisögur með tónlist, að skipta athöfnunum upp í þrep þar sem hver athöfn er sungin, og tengslamyndun í einstaklingsþjálfun og hóp.

Á Sólheimum hefst hver einasti vinnudagur á morgunsöng sem er sálmur. Boðskap sálmsins getur hver túlkað á sinn hátt. Tónlistin hefur mátt til að skynja og greina. Það finnst mér segja sína sögu.“

ALVOGEN

LINDEX

Viltu efla brunavarnir á Íslandi og byggja upp nýtt eldvarnasvið á Sauðárkróki?

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun leitar að öflugum sérfræðingum til að taka þátt í uppbyggingu á nýju sviði eldvarna hjá stofnuninni sem staðsett verður á Sauðárkróki.

Hlutverk sviðsins er að sinna lögbundnu eftirliti og samræmingarhlutverki á sviði eldvarna. Sviðið hefur eftirlit með slökkvistarfi á Íslandi, samþykkir brunavarnaáætlanir sveitarfélaga, annast rannsóknir, fræðslu og forvarnir á sviði eldvarna og annast löggildingu slökkviliðsmanna. Eldvarnasvið ber jafnframt ábyrgð á starfrækslu Brunamálaskólans.

Sérfræðingur á sviði brunavarna

Helstu verkefni:

- Skipulagning og samræming eftirlits með öryggisþáttum bygginga á sviði eldvarna
- Umsjón með brunavarnaáætlunum sveitarfélaga
- Gerð leiðbeininga og fræðsluefnis fyrir fagaðila
- Ráðgjöf til stjórnvalda og hagsmunaaðila um eldvarnir
- Úrvinnsla tölfraeðiupplýsinga
- Aðkoma að rannsóknum í kjölfar eldsvoða

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í verkfræði, tæknifræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi eða umtalsverð reynsla af brunahönnun og brunavörnum
- Áhugi og þekking á málum sem snúa að brunavörnum
- Forystuhæfileikar og drifkraftur
- Frumkvæði og ríkir skipulagshæfileikar
- Sjálfstæði og framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Sérfræðingur á sviði slökkvistarfs

Helstu verkefni:

- Skipulagning á eftirliti með starfi slökkviliða og gerð leiðbeininga
- Umsjón með úttektum á slökkviliðum og búnaði slökkviliða og eftirfylgni
- Skipulagning og umsjón með öllu námi innan Brunamálaskólans
- Mat á fræðsluþörfum slökkviliðsmanna og námsmat
- Löggilding slökkviliðsmanna og starfsleyfi
- Samskipti við hagsmunaaðila og svörun fyrirspurna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af slökkvistarfi eða þekking á starfsemi slökkviliða
- Frumkvæði og ríkir skipulagshæfileikar
- Sjálfstæði og framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Reynsla af skipulagningu fræðslustarfs er kostur
- Reynsla af gæðaeftirliti og úttektum er kostur
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Forvarnarfulltrúi

Helstu verkefni:

- Skipulagning og umsjón forvarnarstarfs á sviði eldvarna
- Umsjón með gerð og útgáfu kynningarefnis og leiðbeininga
- Umsjón með kynningum, námskeiðum og forvarnarfræðslu
- Samstarf við hagsmunaaðila á sviði forvarnarstarfs um eldvarnir
- Þátttaka í verkefnum eldvarnasviðs

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi eða reynsla af sambærilegu starfi
- Frumkvæði og ríkir skipulagshæfileikar
- Reynsla af gerð og útgáfu kynningarefnis er kostur
- Þekking á stafrænum miðlum og samskiptaleiðum er kostur
- Reynsla af skipulagningu fræðslu og kynningum er kostur
- Sjálfstæði og framúrskarandi hæfni í samskiptum er skilyrði
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti er skilyrði

Um framtíðarstörf er að ræða og fullt starf. Áætlað er að ráða í u.þ.b. 5-7 stöðugildi sérfræðinga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem í stuttu máli er gerð grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi.

Í ráðningarferlinu verður óskað eftir að umsækjendur skili sakavottorði. Hafi umsækjandi verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi getur það orðið til þess að viðkomandi telst ekki hæfur til að gegna starfinu.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

HMS Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun var stofnuð 1. janúar árið 2020 við sameiningu Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar. Sameiningin átti að stuðla að heildstæðri yfirsýn yfir húsnæðis- og mannvirkjamál á einum stað ásamt því að efla stefnumótun og framkvæmd húsnæðis- og mannvirkjamála til hagsbóta fyrir almenning.

Hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með gæðum, öryggi og heilnæmi. Að stuðla að stöðugleika á húsnæðismarkaði og tryggja almenningi aðgengi að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem er til eignar eða leigu.

Hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun starfar öflugur hópur starfsfólks með fjölbreytta reynslu og þekkingu.

Stofnunin hefur aðsetur á tveimur stöðum, annars vegar í Borgartúni í Reykjavík, þar sem starfa rúmlega 80 starfsmenn og hins vegar á Sauðárkróki þar sem starfa rúmlega 20 starfsmenn.

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélag. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar má finna á:

www.hms.is

Verkefnastjóri fasteignapróunar og fasteignaviðskipta



Félagsbústaðir leita að kraftmiklum og fjölhæfum verkefnastjóra til að sinna fjölbreyttum, krefjandi og skemmtilegum verkefnum á sviði fasteignapróunar.

Helstu verkefni:

- Umsjón og ábyrgð á uppbyggingaráætlunum
- Umsjón og eftirfylgni með nýbyggingarsamningum
- Greining á fasteignamarkaði
- Skráning og umsjón fasteignasafns
- Tilboðs- og samningagerð vegna fasteignaverkefna
- Umsýsla tengd fasteignakaupum
- Umsjón og ábyrgð á leiguverðsútreikningum
- Greining og vinnsla tölulegra upplýsinga
- Samskipti við hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða sem nýtist í starfi, meistaraþróf æskilegt
- Menntun eða haldbær reynsla af fasteignasölu er kostur
- Reynsla af samningagerð
- Hæfni til að kynna og greina gögn
- Hæfni og þekking á notkun upplýsingatækni
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð samskiptafærni, samvinnuhæfileikar og lausnamiðuð hugsun
- Nákvæm vinnubrögð og færni í rituðu máli

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjenda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Félagsbústaðir er öflugt og traust þjónustufyrirtæki á leigumarkaði með yfir 2.800 íbúðir til útleigu í Reykjavík.

Á skrifstofu félagsins starfa að jafnaði 25 manns í anda gilda um samvinnu, virðingu og góða þjónustu.

Félagsbústaðir er sjálfstætt hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar og eru í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi 2019.

Nánari upplýsingar um Félagsbústaði má finna á www.felagsbustadir.is

Nánari upplýsingar:

Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is)
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí 2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Sparisjóðsstjóri



Sparisjóður Suður-Þingeyinga óskar eftir að ráða fjölhæfan og reynslumikinn einstakling í starf sparisjóðsstjóra.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð og umsjón með daglegum rekstri
- Rekstrargreining og markaðssókn
- Umsjón með bókhaldi og uppgjörum
- Stefnunótun og mannauðsmál
- Greinir, mælir og hefur eftirlit með áhættu
- Samskipti við endurskoðendur sjóðsins
- Samskipti við eftirlitsaðila
- Umsjón og ábyrgð á inn- og útlánum sparisjóðsins
- Mótar markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn
- Undirbýr fundi stjórnar ásamt formanni og gefur reglulega skýrslur

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Umfangsmikil reynsla og þekking á starfsviði banka/ sparisjóða
- Reynsla og þekking af rekstri fyrirtækja
- Reynsla og þekking af stjórnun- og stefnumótun, teymisvinnu, breytingastjórnun og stafrænum lausnum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogafærni og skipulagshæfileikar
- Framsækni, lausnamiðuð og skapandi hugsun
- Rík þjónustulund, áhugi og metnaður til að veita framúrskarandi þjónustu

Umsækjandi þarf að uppfylla hæfisskilyrði FME/Seðlabanka. Þekking á þjónustuvæði Sparisjóðsins er kostur. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjenda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Sparisjóður Suður-Þingeyinga er ein elsta fjármálastofnun landsins en hann varð til við sameiningu fimm sparisjóða í Suður-Þingeyjarsýslu. Aðalstarfsstöð Sparisjóðsins er á Laugum í Reykjadal en að auki eru tvær starfsstöðvar, í Mývatnssveit og á Húsavík.

Sparisjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem hefur það hlutverk að stunda svæðisbundna fjármálastarfsemi á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar.

Starfsemi Sparisjóðsins byggir á nálægð við viðskiptavinum, heiðarleika og trausti, þekkingu á aðstæðum og þörfum viðskiptavina og svæðis, hóflegum vaxtamun, skynsamlegum útlánum og samstarfi við aðra sparisjóði um að hámarka hagkvæmni og þekkingu í starfi sjóðsins.

Nánari upplýsingar á www.spar.is

Nánari upplýsingar:

Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is)
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí 2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



ENGINEER (BUILDING ENGINEER SUPERVISOR)

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Engineer (Building Engineer Supervisor) lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til og með **12. júlí 2020**. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/> Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Engineer (Building Engineer Supervisor). The closing date for this position is **July 12, 2020**. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/> Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)



Verksýn ehf er tæknipjónusta með sérhæfingu í viðhaldi og endurbótum mannvirkja, innandyrna og utan. Við erum fjölskylduvænn vinnustaður og bjóðum eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir starfsfólk, sem er okkar helsta auðlind. Við viljum ráða hæft starfsfólk í eftirfarandi stöður:

BYGGINGAFRÆÐINGUR / BYGGINGARTÆKNIFRÆÐINGUR

Óskum eftir að ráða til okkar byggingafræðing eða byggingartæknifræðing í starf verkefnastjóra viðhaldsframkvæmda. Aðilar með sambærilega menntun koma einnig til greina. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. september nk. eða eftir nánara samkomulagi.

Bæði ofangreind störf felast m.a. í eftirfarandi:

- Ástandsgreiningum
- Framkvæmdaefirliti
- Framkvæmdaráðgjöf

Starfsreynsla er kostur en ekki skilyrði. Einnig er kostur ef viðkomandi umsækjandi getur hafið störf fljótlega.


Áhugasamir eru beðnir að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið andri@verksyn.is, fyrir 15. júlí nk. Fyllsta trúnaðar er gætt við meðferð umsókna. Hægt er að nálgast hagnýtar upplýsingar um fyrirtækið á heimasíðu þess, www.verksyn.is.

PÍPULAGNINGAMEISTARI / LAGNAHÖNNUÐUR

Óskum eftir að ráða til okkar pípulagningameistara eða lagna-hönnuð, byggingartæknifræðing/byggingarverkfræðing í starf verkefnastjóra lagnaframkvæmda. Aðilar með sambærilega menntun koma einnig til greina. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. september nk. eða eftir nánara samkomulagi.

Viðkomandi umsækjandi þarf að:

- Vera skipulagður, vandvirkur og vinnusamur
- Hafa gott vald á rituðu máli
- Hafa góða kunnáttu á helstu tölvuforritum
- Búa yfir lipurð í samskiptum og þjónustulund



SÍMSVÖRUN Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ STJÓRNARRÁÐSINS

Umbrá - þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins er miðlæg þjónustueining ráðuneyta sem sér um tiltekna rekstrarlega þætti og annars konar þjónustu, þar á meðal símaþjónustu á skiptiborðum ráðuneyta. Starfsmenn eru 35 og notendur þjónustunnar á sjötta hundruð.

Umbrá - þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins óskar eftir að ráða lipran og jákvæðan einstakling sem hefur metnað til að veita góða þjónustu.

Helstu verkefni:

- Símaþjónusta fyrir ráðuneytin
- Almenn móttökustörf
- Ýmis tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann

Hæfniskröfur:

- Reynsla af símaþjónustu og öðrum þjónustustörfum er æskileg
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi þjónustulund og vonduð framkoma
- Færni í samskiptum og jákvætt viðmót
- Góð almenn tölvuþekking er nauðsynleg
- Gott vald á íslensku og ensku

Um er að ræða fullt starf alla virka daga frá 8.00-16.00.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi félags starfsmanna stjórnarráðsins. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf um miðjan ágúst næstkomandi.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.



Leikskólastjóri í leikskólann Álfatún

Leikskólinn Álfatún er staðsettur í skjólsælum reit austast í Fossvogsdalnum og er í beinum tengslum við útivistarsvæðin í dalnum. Í leikskólanum er mikil áhersla lögð á málörvun, hreyfingu og skapandi starf.

Leitað er að stjórnanda sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera leiðtogi í sínum skóla, veita faglega forystu og búa yfir hæfni og frumkvæði til að skipuleggja skapandi leikskólastarf í samvinnu við starfsmenn, forráðamenn og leikskóladeild.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af starfi og stjórnun í leikskóla
- Framhaldsmenntun (MA, MEd, MBA eða Diplóma að lágmarki) á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða
- Forystuhæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí 2020.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningavef Kópavogsbæjar.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Byggingafélag Námsmanna auglýsir eftir smið í viðhaldsteymi félagsins.

Helstu verkefni :

- Viðhaldsverkefni (stór og smá) á íbúðum félagsins
- Eftirlit með íbúðum og fasteignum
- Samskipti við leigutaka og úttektir íbúða við skil
- Þrif og frágangur íbúða til afhendingar fyrir nýja leigjendur.

Kröfur :

- Menntun á sviði húsmiði eða sambærileg menntun
- Jákvætt hugarfar og góðir samskiptahæfileikar
- Rík þjónustulund
- Hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til 20. júlí og skal öllum umsóknum skilað með rafrænum hætti í tölvupósti á netfangið bodvar@bn.is. Tilgreina skal helstu persónuupplýsingar ásamt ferilskrá og menntun. Öllum umsóknum verður svarað.

Byggingafélag námsmanna á og leigir út til námsmanna um 500 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er með yfir 150 íbúðir í byggingu og áformar að byggja um 150 íbúðir til viðbótar á næstu 5 árum.

Ennfremur sér félagið um rekstur stúdentagarða Háskólans í Reykjavík þar sem eru yfir 120 nýjar íbúðir og 130 íbúðir bætast við á árinu 2021.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skólastjóri Klettaskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Klettaskóla lausa til umsóknar.

Klettaskóli við Suðurlíð er einn af grunnskólum Reykjavíkurborgar og sérskóli fyrir nemendur með fötlun í 1.-10. bekk. Í skólanum eru um 130 nemendur og þar starfa um 140 starfsmenn. Námið er einstaklingsmiðað og byggt á stöðu og forsendum hvers nemanda út frá styrkleikum þeirra. Einkunnarorð skólans eru „Menntun fyrir lífið“. Áhersla er lögð á skólaþróun í takt við menntastefnu Reykjavíkurborgar, þarfir nemenda og rannsóknir í námi og kennslu nemenda með sérþarfir. Undanfarin ár hefur verið unnið að innleiðingu starfshátta atferlisgreiningar þar sem unnið er eftir gagnreindum aðferðum til að hafa áhrif á nám og félagsfærni nemenda. Áhersla er lögð á að meta og mæla árangur af kennslu með markvissum skráningum og mati. Skólinn hefur ráðgjafarhlutverk gagnvart öðrum grunnskólum í landinu varðandi menntun og skólastarf fatlaðra nemenda. Við skólann starfar öflugur hópur starfsmanna og mikil áhersla er lögð á þverfaglegt samstarf og teymisvinnu. Mikið og gott samstarf er við foreldra, frístundaheimilið Guluhlíð, félagsmiðstöðina Óskju og stofnanir sem fara með málefni fatlaðra barna.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur viðtæka þekkingu á skólastarfi og áhuga á að leiða metnaðarfullt skólastarf fyrir nemendur með fjölbreyttar námsþarfir.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins í Reykjavík.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur, Látum draumana rætast, þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, aukið samstarf og fagmennska.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Viðbótarmenntun í sérkennslu og/eða reynsla af sérkennslu og skólagöngu fatlaðra barna.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari, upplýsingar um framsækni verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2020. Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí 2020.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: soffia.vagnsdottir@reykjavik.is / ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

LEIKSKÓLAR

REYKJAVÍKURBORGAR

HELGI
ÆTLAR AÐ
VERA GEIMFARI

Aðstoðar-leikskólastjóri óskast í Jörfa

Jötunsalir 2 íbúð 03-03. Mjög góð 124,1 fm fjögurra herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Mjög gott útsýni. Stórar yfirbyggðar svalir. Parket og flísar á gólfum. Rúmgóð herbergi. Sérþvottahús innan íbúðarinnar.

BREKUGATA 16 OG 20, 206,3 m²
210 GARÐABÆ, 86,9 mkr.

Hilmar Þór Hafsteinsson
Lögg. fasteignasali
S.824 9098/hilmar@eignamidlun.is



BÓKÍÐ SKOÐUN

Falleg álkæld 206,3 fm fimm herbergja endaraðhús með innbyggðum bílskúr á tveimur hæðum. Húsin skilast á byggingar- og matsstigi 5 með þeim breytingum sem sjá má af skilalýsingu, tilbúin til innréttinga að innan og hellulagt bílappan. Afhendingartími er innan 2ja mánaða.



Hafðís Fasteignasali 820 2222 | Sigurður Fasteignasali 898 6106 | Dórothea Fasteignasali 898 3326 | Þorsteinn Fasteignasali 694 4700 | Jóhanna Kristín Fasteignasali 837 8889 | Árni Ólafur Fasteignasali 893 4416 | Berglind Fasteignasali 694 4000 | Jón Gunnar Fasteignasali 848 7099 | Helgi Fasteignasali 780 2700 | Sigríður Fasteignasali 699 4610 | Hrónn Fasteignasali 692 3344 | Hólmgeir Lögmaður 520 9595 | Þóra Fasteignasali 822 2225 | Þorgeir Fasteignasali 696 6580 | Lilja Fasteignasali 663 0464 | Hafliði Fasteignasali 846 4960 | Ragnar Fasteignasali 844 6516 | Darri Örn Sölufrútrúi 767 0000 | Elka Fasteignasali 863 8813

NÝTT Í URRÍÐAHOLTÍ

SJÓNARVEGUR 1-3 210 GARÐABÆ

VERÐ FRÁ 49,9 mkr.

- KVARSTSTEINN ER Á BORDUM
- INNBYGGÐUR ÍSSKÁPUR OG UPPPVOTTAVÉL



Jaðarleiði 8

103 Reykjavík **46.900.000**

OPIÐ HÚS mánudaginn 6. júlí kl. 18.00-18.30

Herbergi: 2 Stærð: 76,7 m²

Glæsileg og björt útsýnisíbúð á þessum eftirsóttasta stað miðsvæðis í Höfuðborginni. Um er að ræða 2ja herb íbúð á 2.hæð við Jaðarleiði 8. Íbúðin er endaiðbúð með yfirbyggðum suðursvölum og gluggum í 3 áttir, glæsilegt útsýni. Innréttingar eru samrýmdar og bæði ísskápur og uppvottavél fylgir með, gólfítti er í eiginni. **Upplýsingar veitir Ragnar fasteignasali í gsm: 844 6516**

OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 4. JÚLÍ KL. 14.30-15.00 - Í SJÓNARVEGI 3

Glæsilegar 3ja herbergja íbúðir á falletum útsýnisstað efst í Urriðaholtinu. Um er að ræða 10 íbúða steinsteypt húsa á fjórum hæðum, eingangrað að utan og klætt með álklæðningu með bilageymslu á 1. hæð fyrir 6 bíla.

- Öll innanhúsráðgjöf í höndum HAF studio.
- Allar innréttingar eru frá HTH. Fataskápar hvítlakkaðir en innréttingar á baði og eldhúsi grálakkaðar.
- Ljós kvarstasteinn er á borðum eldhúsa og baðherbergis.
- Heimilistæki eru frá AEG.
- Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, þó með flísalögðu votrymum.
- Innbyggður ísskápur og uppvottavél fylgir öllum íbúðum!

Stærð frá: 94,6 m² | Verð frá: 49.900.000 kr.

Sigurður Fasteignasali 898 6106 | Hafliði Fasteignasali 846 4960

Hafðís Fasteignasali 820 2222 | Dórothea Fasteignasali 898 3326

Þórðarsveigur 11

113 Reykjavík **44.900.000**

HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN S. 837 8889

Herbergi: 3 Stærð: 93,1 m²

Falleg 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bilageymslu í snýrtilegu fjölbýli við Þórðarsveig 11 í Grafarholti. Um er að ræða eign sem er skráð skv fmr.93fm. Eignin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, baðherbergi, tvö svefnherbergi og þvottaherbergi innan íbúðar. Í sameign er sér geymsla og stæði í lokaðri bilageymslu. **Uppl. veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 837 8889**

Maltakur 9a

210 Garðabæ **74.900.000**

OPIÐ HÚS mánudaginn 6. júlí kl. 17.00-17.30

Herbergi: 3 Stærð: 157,5 m²

Falleg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð á 1.hæð með séringngangi. Stórar suður svalir. Íbúðin er skráð 157,5 fm og þar af rúmgóð sérgeymsla skráð 24,8 fm. Rúmgott stæði í bilageymslu fylgir íbúðinni. Íbúðin er endaiðbúð í fallettu lágreystu fjölbýlishúsi í Akralandinu og með góða glugga á þrjá vegu. Tvö svefnherbergi og tvö baðherbergi eru í eiginni. Inn af hjónaherberginu eru rúmgott fataherbergi og auka baðherbergi með sturtu (Hjónasvita). Gólfefni eru flísar og parket. Lyfta er í húsinu. Örstutt er í alla helstu þjónustu svo sem bakarí og verslun, leikskóla, skóla og fjölbrautaskóla. Íbúðin gæti losnað fljótlega.

Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610

NÝTT Í SÖLU

VERÐ FRÁ 49,9 mkr.

URRIÐAHOLTSTRÆTI 14-20

OPIÐ HÚS laugardaginn 4. júlí kl. 13:00-14:00

Vandaðar og vel skipulagðar íbúðir í tveimur húsum með sameiginlegum bíla-kjallara. Stæði í bilageymslu fylgir flestum íbúðum. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna. 3ja til 5 herbergja íbúðir.

Afhending ágúst 2020

Stærðir frá 86-241 m² | Herbergi: 3-5

Hafliði fasteignasali 846 4960

Ragnar fasteignasali 844 6516

Suðurhlíð 38b

105 Reykjavík **67.500.000**

BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM. 699-4610

Herbergi: 3 Stærð: 102,9 m²

Glæsileg, björt og rúmgóð 3ja herbergja íbúð með séringngangi og stæði í lokaðri bilageymslu. Íbúðin er á 1. hæð og gengið er út úr stofunni á mjög stóra hellulagða suður vernd með störglæsilegu útsýni yfir sjóinn og yfir í Kópavoginn. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, tvö svefnherbergi, stofu, baðherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og geymslu. Gólfefni eru flísar og parket. **Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

Lyngmóar 16

210 Garðabæ **46.900.000**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 7. júlí kl. 18:30-19:00

Herbergi: 3 Stærð: 113,7 m²

Falleg og vel skipulögð íbúð á þessum vinsæla stað í Garðabæ þar sem örstutt er í alla þjónustu. Um er að ræða 3ja herb. íbúð á 2.hæð ásamt bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, rúmgóða stofu, eldhús með útgengi út á yfirbyggðar svalir, tvö svefnherbergi, baðherbergi með tengi fyrir þvottavél, geymslu í sameign og bílskúr. **Upplýsingar veitir Darri aðst.maður fasteignasala í gsm: 767 0000**

Lækjasmári 4

201 Kópavogur **59.900.000**

OPIÐ HÚS mánudaginn 6. júlí kl. 12:30 - 13:00

Herbergi: 3 Stærð: 121,9 m²

Glæsileg þriggja til fjögurra herbergja íbúð með rúmgóðum stofum á áttundu hæð og sér stæði í bilageymslu við Lækjasmára 4 í Kópavogi. Skjólgóðar suður svalir út af stofu sem eru yfirbyggðar og upphitaðar að hluta með stórbotnu útsýni. Þvottahús er innan íbúðar, dekkjaskápar fyrir hverja íbúð í sameign ásamt góðri sér geymslu. Íbúðin er skráð 110,4 fm og getur verið laus við kaupsamning. **Uppl. veitir Hrónn fasteignasali í gsm: 692 3344**

102 REYKJAVÍK.IS

Smyrilshlíð 3-5 | Valshlíð 2, 4, 6 og 8 | Fálkahlíð 2-4 | Haukahlíð 1

- Öllum íbúðum fylgir uppþvottvél og ísskápur
- Sælureitur þar sem borgarlífið og náttúran mætast
- Öll þjónusta í göngufæri

NÝTT Í SÖLU
Verð frá:
33.5 mkr.



OPIÐ HÚS Mánudaginn 6. júlí
kl. 17:00-18:00
Sýningaríbúð að Fálkahlíð 2 íbúð 203



Smyrilshlíð 5 - íbúð 202
Verð kr. 68.900.000

- 4-5 herbergi
- 2 salerni
- Bílastæði

**TILBÚNAR
TIL AFHENDINGAR**

Fálkahlíð 4 - íbúð 504
Verð kr. 77.000.000



- 3 herbergi
- 2 svalir
- 2 salerni
- Bílastæði

YFIR 102 ÍBÚÐIR SELDAR!

Nýr áfangi í sölu! Haukahlíð 1 og Valshlíð 2. Nú er kominn nýr áfangi í þessu vinsælu nýbyggingu, Áætl. afhendingar á íbúðum í Haukahlíð 1 og Valshlíð 2 eru Jan/feb 2021. Mikið úrval af íbúðum, allt frá 2ja herb íbúðum upp í 5 herb. flestar með stæði í bílageymslu og nokkrar með bílskúr.



Elka
Fasteignasali
863 8813



Hrönn
Fasteignasali
692 3344



Jóhanna Kristín
Fasteignasali
837 8889



Ragnar
Fasteignasali
844 6516



Darri Örn
Sölufultrúi
767 0000



Hafliði
Fasteignasali
846 4960

EFSTALEITI - LÁGALEITI - VÖRÐULEITI

**FYRSTU ÍBÚÐIR
TILBÚNAR TIL
AFHENDINGAR!
VERÐ FRÁ:
34.9 MILL.**



VÖRÐULEITI 1, ÍBÚÐ 303

Herbergi: 3ja
Stærð: 105,4 m²
2 salerni
Bílastæði

Verð: 67.900.000



KYNNING Á NÝJUM ÍBÚÐUM
Þriðjudaginn 7. júlí kl. 17:00-18:00

í sýningarsal
að Efstaleiti 27

FASTEIGNASALAN
TORG
Ab. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

SÍÐASTI ÁFANGINN KOMINN Í SÖLU!

Nú er lokaáfangi þessa nýja og eftirsóttá íbúðasvæðis kominn í sölu.

SÝNUM DAGLEGA HRINGIÐ Í SÖLUMENN. Glæsilegur sýningarsalur þar sem þú getur skoðað nánar teikningar, innréttingar, skilalýsingu og kynnst hverfinu, og rætt við fasteignasala og fundið réttu íbúðina.

Í Efstaleitinu rís nútímalegt íbúðahverfi á einum besta stað í borginni. Sannkallað miðbogar hverfi í göngufæri við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði. Íbúðirnar eru glæsilega innréttaðar. Rut Kára innanhússarkitekt sá um efnis- og litaval á innréttingum og flísum.

Darri Örn
Sölufultrúi
767 0000



Dórothea
Fasteignasali
898 3326



Ragnar
Sölufultrúi
844 6516



Hafliði
Fasteignasali
846 4960



Hrönn
Fasteignasali
692 3344



Jóhanna
Fasteignasali
837 8889



Lilja
Fasteignasali
663 0464



Elka
Fasteignasali
863 8813



VIÐ BJÓÐUM VELKOMNA TIL STARFA
Elku Guðmundsdóttur

Elka er með mikla reynslu sem fasteignasali og nær árangri í því sem hún tekur sér fyrir hendur

Endilega hafðu samband!



Elka
Löggiltur fasteignasali
og viðskiptafræðingur

863 8813
elka@fstorg.is



Vegna mikillar sölu undanfarið þá vantar okkur allar gerðir eigna á skrá. Komum og verðmetum samdægurs þér að kostnaðarlausu.

Ísak
Sölustjóri
gsm 822 5588
isak@tingholt.is

Viðar
Lögg. fasteignasali
vidar@tingholt.is

Njörvasund 10. Sérhæð



Opíð hús þriðjudaginn 7. Júlí milli kl. 17 30 og 18 00
Vel skipulögð 151 fm. efri sérhæð á tveimur hæðum ásamt 32 fm. bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, þvottahús, gestasalerni, eldhús, stóra stofu, 4 svefnherbergi, baðherbergi og bílskúr. **Verð 68,5m.**
Uppl. Ísak S: 8225588

Ásakór 3. Kópavogi, íbúð 203



Opíð hús miðvikudaginn 8. Júlí milli kl. 17 30 og 18 00
Mjög falleg og björt 3ja. herb. endaíbúð 102 fm. íbúð í góðu lyftuhúsi með frábæru útsýni. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, stofa/borðstofa, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymsla. **Verð 47,7 m. Uppl. Ísak S: 8225588**

Bæjarlind 14 | 201 Kópavogur | 822 5588 | tingholt.is

SILFRATJÖRN 26-32 - 113 REYKJAVÍK



Húsin eru hvert 187,9 m², vel skipulögð með innbyggðum bílskúr, 4-5 svefnherbergjum og rúmgóðri stofu sem gerir ráð fyrir borðstofuholi, opnu eldhúsi með eyju, þvottaherbergi og tveimur baðherbergjum. Svalir með útsýni í átt að Esju, Úlfarsfelli og tjörninni í norður átt. Húsið er einstaklega vel staðsett í nýju hverfi í 113 Grafarholti þar sem stutt er í helstu þjónustu, skóla, verslanir og íþróttamannvirki, auk þess sem frábært útivistarsvæði umlykur hverfið sem býður upp á gönguleiðir m.a. upp á Úlfarsfell. Geta fengist fullbúin með fullfrágenginni lóð eða tilbúin til innréttinga með fullfrágenginni lóð.

Glæsilegt útsýni í átt að Esjunni, Úlfarsfelli og tjörninni

Verð á endabilum m.v. fullbúið 89.900.000 kr.

Tilbúin til innréttinga 83.800.000 kr.

Verð á miðjuraðhúsi m.v. fullbúið 87.900.000 kr.

Tilbúin til innréttinga 79.800.000 kr.

OPÍÐ HÚS
fimmtudaginn
9. júlí
kl. 17.30-18.00




Guðný Ösp Ragnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
go@domusnova.is
Sími: 665 8909



Daði Þór Jónsson
Löggiltur Fasteignasali
dadi@domusnova.is
Sími: 695 6037





LANDMARK FASTEIGNAMIDLUN



Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

MOSAGATA 9-11 í Urriðaholtinu í Garðabæ



**NÝTT Á SKRÁ & OPIÐ HÚS Í MOSAGÖTU 9-11
MILLI KL 16:00 OG 16:30 LAUGARDAGINN 04. JÚLÍ**

23 nýjar íbúðir, 2ja, 3ja og 4ra herbergja með sérinngangi eða sérinngangi af stigapalli í falllegu lyftuhúsi í Urriðaholtinu í Garðabæ.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna, bílastæði eru í kjallara og á lóð. Frábær staðsetning og miklir útivistarmöguleikar. Mosagatan liggur hátt í holtinu með glæsilegu útsýni yfir byggðina til suðurs og vesturs.

Frekari upplýsingar veita:



Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi
Sími 663 2300 eða
thorey@landmark.is



Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi
sími 896-2312 eða
ss@landmark.is



Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.
sími 897-6717 eða
inga@landmark.is



SOGAVEGUR 77 - 108 RVK

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 7. JÚLÍ KL. 17:00 - 17:30

- Nýjar íbúðir í grónu hverfi, fullbúnar með gólfefnum.
- Stúdíóíbúðir upp í flottar þakíbúðir.
- Stæði í bílageymslu og bílskúrar fylgja nokkrum íbúðum.
- Stórar þakvalir í mörgum íbúðum og sérafnotafletir á jarðhæðum.

Verð frá 39,9 millj.

Sigurður s. 896-2312



VESTURGATA 58 - 101 RVÍK




OPIÐ HÚS MÁNUDAG 6. JÚLÍ KL. 17:00-17:30

- Útsýnisíbúð á 4.hæð í fjórþýlishúsi
- Íbúð er 2ja herb. 64.3 fm með 40 fm svölum
- Sérinngangur af opnum svölum í íbúð
- Aukin lofthæð og gott skipulag
- Stæði í lokaðri bílageymslu

**LAUS TIL AFHENDINGAR
V. 44,9 millj.**

Sveinn s. 6900.820

HÁBERG 7 (ÍB 303) Í REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 06. JÚLÍ KL 17:00 - 17:30

74,6 fm björt og rúmgóð íbúð á 3. hæð. Rúmgóð stofa, eldhús með borðkrók, tvö svefnherb., baðherbergi með tengi fyrir þvottavél. Sérinngangur og suðursvalir (10 fm). Frábær staðsetning í barnvænu hverfi, stutt í þjónustu.
V. 34,9 millj.

Þórey s. 663 2300

SÓLHEIMAR 4 (SUMARHÚS) Í HAFNARSKÓGI



BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 663 2300

Vandað 40,3 fm sumarhús með millilofti / svefnlofti og tækniklefa / geymslu sem er ekki í skráðum fm. Stofa, borðstofa og eldhús í opnu rými, tvö svefnherb., baðherbergi með tengi fyrir þvottvél. Stór timburverönd. Frábær staðsetning í Hafnarskógi í Borgarfirði
V. 16 millj.

Þórey s. 663 2300

FREYJUBRUNNUR 16, 113 REYKJAVÍK



Opið hús mánudaginn 6/7 kl. 17:00 - 17:30

Falleg 3ja herb sérhæð ásamt auka 2ja herb íbúð
Stæði í bílageymslu

V. 69,9 millj.

Monika s. 823-2800

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ **Vinnusparnaður**

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ **Markviss leit**

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ **Þriggja mánaða ábyrgð**

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ **Ekkert staðfestingargjald**

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ **Fjöldi hæfra umsækjenda**

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ **Reynsla og þekking**

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ **Sanngjarnt verð**

Þjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

Fljúga eins og þeir eru fiðraðir

Á 90 ára afmæli Sólheima óskar Kristín Björg Albertsdóttir, framkvæmdastjóri Sólheima, þess að gildi Sólheima: kærleikur, virðing, fagmennska og sköpunargleði, verði ætíð í hávegum höfð.

Ég heillaðist af Sólheimum þegar ég dvaldi hér í tíu daga námslotu í jógakennaranámi mínu árið 2012. Ég hugsaði þá með mér að það væru forréttindi að fá að búa og starfa í slíku samfélagi og það er svo sannarlega raunin, og ég er þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að kynnast því,“ segir Kristín Björg Albertsdóttir, sem tók við starfi framkvæmdastjóra á Sólheimum 1. ágúst 2018.

Kristín kann einkar vel við sig á Sólheimum, eins og reyndar alls staðar þar sem hún hefur búið á landsbyggðinni.

„Ég er mikil dreifbýlismanneskja og kann vel við mig í fámenni og mikilli nánd við náttúruna. Það hefur gefið mér mikið að fá að kynnast því að lifa og starfa í fjölbreyttu samfélagi Sólheima þar sem allir eru eins og stór fjölskylda, en hver fær þó að fljúga eins og hann er fiðraður. Það er svo sem ekkert sem hefur komið beint á óvart, nema þá hve starfsemin er mun fjölbreyttari en ég hafði gert mér í hugarlund og hve gróskan í menningarlífi innan staðarins, svo sem tónlist, leiklist og listsköpun, er ótrúlega mikil.“

Sólheimar séu eins og vin í eyðimörk.

„Fegurðin, bæði í umhverfi og mannlífi, einkennir samfélagið á Sólheimum. Grímsnesið er allt fallegt og gróskumikið, en þegar komið er í Sólheima liggur aðal-



Kristín Björg Albertsdóttir er framkvæmdastjóri Sólheima. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

byggðarkjarninn niðri í fallettri kvos á milli tveggja ása, umvafið skógi og fallegum gróðurreitum og þar liðast litlar götur þar sem hámarks hraðinn er 15 km/klst. Þar er mikil veðursæld, iðandi fuglalíf og heitur hver. Andrúmsloftið er einstakt, þar ríkir í senn kærleikur og gleði sem hvílir á þeim grunni sem Sesselja sáði til, sem byggir á hugmyndafræði, eða mannspeki, Rudolfs Steiners, kristilegum gildum og samspili umhverfis og manns.“

Hafi aldrei liðið eins vel

Félagsþjónusta á Sólheimum er sniðin að þörfum hvers og eins.

„Unnin er þjónustuáætlun í samvinnu við einstaklinginn og leitast við að valdefla hann út frá styrkleikum og getu. Þá er lögð áhersla á að virkja sköpunarkraft og áhuga, með því að finna verkefni eða atvinnubátttöku sem hentar viðkomandi. Eins og áður sagði er fjölbreytt starfsemi fyrir hendi, hvort sem er á vinnustofum eða í atvinnustarfseminni, svo flestir

Andrúmsloftið er einstakt, hér ríkir í senn kærleikur og gleði, sem hvílir á þeim grunni sem Sesselja sáði til.

geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Kristín Björg, í skapandi og hamingjuríku samfélagi Sólheima.

„Það er ekki annað að heyra á fólkinu okkar en að það sé mjög sátt og líði vel. Hér eru einstaklingar sem hafa reynslu af því að búa annars staðar en á Sólheimum, en segja að þeim hafi aldrei liðið eins vel og eftir að þeir fluttu í Sólheima. Ég held að sú samheldni og nánd sem hér ríkir skapi ákveðið öryggi og vellíðan. Hér höfum við húsnæði, eða íbúðavalkosti, fyrir 43 fatlaða íbúa, samkvæmt núverandi samningi Sólheima við Bergrísann bs. Flestir eru í sjálfstæðri búsetu með sér íbúð, annars eru þrjú lítil sambýli með sjálfstæðum íbúðaeiningum og sameiginlegum miðlægum kjarna,

það er eldhúsi og setustofu, og svo eitt stærra sambýli fyrir níu íbúa, fyrir þá sem eldri eru eða þurfa meiri þjónustu.“

Sólheimar blómstri áfram

Að mati Kristínar Bjargar liggja ótal tækifæri til vaxtar og þróunar á Sólheimum.

„Ég tel að hér eigi byggðin eftir að stækka og íbúum að fjölga og eins held ég að það liggja miklir vaxtarmöguleikar í sjálfbærni, en Sólheimar eru skilgreindir sem sjálfbært samfélag og hafa alla innviði sem slíkt. Hér er öll framleiðsla á grænmeti með lífræna vottun og stefnt er að því að auka framleiðsluna til muna með því að koma upp lýsingu í gróðurhúsin, en framleiðslan hefur hingað til að mestu verið háð sumarvirkunni. Þá eru einnig vaxtarmöguleikar í ferðaþjónustunni, kynningum og kennslu um sjálfbærni.“

Á 90 ára afmæli Sólheima á Kristín Björg ósk til handa Sólheimum.

„Já, ég óska þess að Sólheimar eigi eftir að blómstra áfram eins og hingað til og að ætíð náist að varðveita þá fallegu sögu sem staðurinn á og að sá grunnur sem lagður var, glattist ekki.“

Þá óska ég að gildi Sólheima verði ætíð í hávegum höfð, kærleikur, virðing, fagmennska og sköpunargleði. Sólheimar, til hamingju með afmælið!“

Forréttindi að búa á svona stað

Þau eru mörg hlutverkin sem Þorvaldur Kjartansson, umsjónarmaður byggðarhverfis Sólheima, sinnir, en hverfinu er lýst sem litlu sveitarfélagi. Sólheimasamfélagið er yndislegt, að hans mati.

Eitt af hlutverkunum er að sjá um hænsnabúð,“ segir Þorvaldur hlæjandi, en hann er að huga að hænunum þegar bláda maður hringir.

„Ég er fæddur og uppalinn í Garðinum, suður með sjó, en kom hingað 2004. Allar mínar rætur eru í Garðinum og ég bjóst aldrei við því að ég myndi flytja þaðan. Ég ætlaði bara að prófa þetta í þrjú mánuði og það eru komin sextán ár.“

Allt milli himins og jarðar

Verkefnin eru af ýmsum toga. „Ég er húsasmiðameistari og var ráðinn hingað í viðhaldsvinnu og nýsmíði, var kallaður forstöðumaður viðhalds. Svo hættir forstöðumaður umhverfis og bús í kringum 2010 og þá færðist það yfir á mig líka. Þá fór ég að sjá um snjómoksturinn, sláttinn og hænsnabúð og svoleiðis. Það má segja að deildin sem ég sé um sé svona alhliða þjónustudeild fyrir byggðarhverfið. Ég sé um hitaveituna líka og allar lagnir, sorphirðu og svoleiðis.“

Starfstítlar Þorvaldar virðast ótæmandi. „Ég er víst titlaður slökkvistjóri, en það er nú bara heimatilbúin nafnbót sko,“ segir hann og skellir upp úr. „Við náttúrulega treystum alfarið á Slökkvilið Árborgar. En okkur var gefinn slökkvibíll sem kom frá Hafnarfirði. Hann er antik, Ford árgerð 1975, með átta silindera bensínvel eins og gömlu kaggarnir. Við höfum notað hann í ýmislegt, eins og að vökva torf-



þökin og smúla plön. Að segja að við séum slökkvilið væru ýkjur, en við höfum haft æfingar og leyfum heimilisfólkinu að sprauta og svona.“

Samfélagið er fámennnt en góðmennt. „Þetta er um hundrað manna samfélag. Heimilismenn eru 43 og svo er restin starfsmenn og fjölskyldur.“ Þorvaldur býr ásamt konu sinni, Ernu Jónsdóttur, sem starfar líka í Sólheimum. „Við erum bara tvö núna. Ég missti

konuna mína 2012, við fluttum hingað á sínum tíma með einn tólf ára strák sem er núna farinn að búa. Lífið heldur víst áfram og ég er kominn með yndislega konu, aftur.“

Erum hér fyrir heimilisfólkið

Þorvaldur segir ómetanlegt að tilheyra Sólheimasamfélaginu. „Þetta er fyrst og fremst bara yndislegt samfélag. Á kvöldin heyrst ekki hurðarskellur, hvað þá

bílaumferð, mikil kyrrð og notalegt. Þetta er dálítið eins og að vera í sumarbústað, þegar maður situr í heita pottinum á kvöldin og horfir á norðurljósin. Það heyrast engin hljóð, nema kannski í fuglunum úr fjarska. Mikil kyrrð og notalegt. Það eru forréttindi að búa á svona stað.“

Mikilvægt er að starfsfólk geri sér grein fyrir hlutverki sínu. „Það sem ég segi við mína menn er að það er grundvallaratriði að starfsmenn átti sig á því að þeir eru hérna fyrir heimilisfólkið, en ekki öfugt. Það er nauðsynlegt að vera alltaf meðvitaður um það, að við erum hérna fyrir þau, en ekki þau fyrir okkur.“

Þrátt fyrir kyrrðina er þó alltaf nóg að gera hjá Þorvaldi, óháð tíma árs. „Eins og árferðið er núna þá er þetta mikið kapphlaup við gróðurinn. Þegar maður er kominn hringinn þá er allt komið á kaf aftur,“ segir hann og hlær.

Hænurnar skemmtilegar

Það sé einna skemmtilegast að sinna hænunum. „Ég hef mjög gaman af hænnum, er með fjórar heima líka, og svo erum við með hænsnabú hérna með sextíu hænnum. Ég hef umsjón með því og unga út og svona. Þetta er lífrænt vottað hænsnabú með landnáms-hænnum, það eru ekki mörg svoleiðis á landinu.“

Ljóst er að Þorvaldi þykir afar vænt um hænurnar. „Það er ekkert vesen að vera með hænur, það er bara opið, þær fara út og inn og svo inn á kvöldin. Þetta eru skemmti-

legir karakterar og gott innlegg í flórana. Ég er kannski ekkert vöðalega góður bóndi, að því leyti að ég er ekki að slátra hænnum, þær drepast bara úr elli.“

Minkurinn og mannskepnan

Hætturarn leynast þó víða. „Það er minkur og refur á svæðinu sem truflar svolítið, því þetta eru lausagönguhænur. Við höfum verið að missa dálítið í minkinn, erum með gildir og það kemur töluvert af minki í þær en hann er samt að ná að drepa. Við erum með lúguna það ofarlega að hann kemst ekki inn en ef það tekst þá drepur hann allt saman. Hann er algjör vargur.“

Aðkoman hefur verið óhugnanleg. „Fyrir nokkrum árum kom einn og hann raðaði þeim öllum í röð, þær sneru eins og allt saman. Alveg eins og veiðimenn, sem raða upp og taka myndir af bráðinni. Minkurinn er eins og mannskepnan, drepur sér til gamans.“

Þá eru refirnir ekki langt undan. „Ég er búinn að starfa í leikfélaginu alveg frá því að ég byrjaði. Fyrsta árið var verið að æfa Latabæ, þá vantaði ljósamann svo ég tók það að mér, og strákurinn minn fékk hlutverk. Ég settist stuttu síðar í stjórna og er búinn að sitja síðan þá. Ég hef séð um að gera leikmyndir, stýra ljósum og er búinn að leika nokkur hlutverk.“

Þorvaldur er ekki í neinum vafa um hvað hafi staðið upp úr. „Uppáhaldshlutverkið er Mikki refur. Það tekur langan tíma að komast út úr því.“

Öflugt félagsstarf á Sólheimum

Félagsstarf Sólheima er öflugt og mikil fjölbreytni í boði. Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, listir, íþróttir eða aðrar tómstundir. Mikil aðsókn er í alls kyns íþróttaviðburði og skátastarf.

Menningarveisla sem haldin er á sumrin býður upp á tónleika, listasýningar, myndasýningar, umhverfissýningar, skoðunarferðir og fleira. Einnig er starfandi íþróttafélag, skátafélag, leikfélag og félagsmiðstöðin Loftið. Sólheimar eru elsta starfandi umhverfissamfélag eða „Eco village“ á Norðurlöndum sem leggur stund á lífræna ræktun. Á Sólheimum búa um 100 manns og eru 43 þeirra fatlaðir. Starfsemin á Sólheimum er fjölbreytt, sem dæmi má nefna skógrækt og garðyrkjustöðvar þar sem stunduð er lífræn ræktun. Verslun, Listhús, kaffihús og gistiheimili. Listvinnustofur eru á Sólheimum með kertagerð, listasmíðju, keramikki, vefstofu, jurtaskofu og smíðastofu. Einnig er íþróttahús og sundlaug á Sólheimum.

Morgunfundur

Ég tel að margir hefðu gott af því að upplifa hreina mannasku, náungakærleik byggðan á mannrækt og jafningjagrundvelli, eins og tíðkast á Sólheimum. Kirkjuklukkur Sólheimakirkju hringja alla virka daga klukkan 9 og morgunfundur íbúa og starfsmanna hefst. Fundurinn er hefð sem verið hefur í 90 ár, til að upplýsa hvað er að gerast og þakka fyrir góða hluti. Sumir mæta



fyrir fundinn og stunda morgunleikfimi og jóga.

Íþróttafélagið Gnýr

Allt íþróttastarf er undir merkjum Íþróttafélagsins Gnýs, sem var stofnað 1983.

Það er margt um að vera fyrir íbúa á Sólheimum. Valgeir skátahöfðingi bendir á ýmislegt skemmtilegt í starfinu.

skemmtilegir hreyfinguleikar í íþróttahúsinu, eins og boccia, bandí, badminton, körfubolti í sal, en í kjallara er tækjasalur, boxpúði og nuddaðstaða. Úti er frisbikarfa, fótbolta völlur og golfæfingabraut. Um sextán manna hópur stundar boccia reglulega og tekur þátt í nokkrum mótum HSK og Íþróttasambands fatlaðra árlega.

Kvennahlaup Sólheima og Sjóvár er fastur liður og ávallt vel sótt. Annað hlaup er Sólheimahlaup og Frískir Flóamenn.

Hjólað í sýndarveruleika

Nú er svo komið að sumir íbúar eru farnir að eldast en vilja áfram stunda skemmtilega hreyfingu sem hægt er að stunda allt árið, því var hrundið af stað ósk um stuðning við að fjárfesta í tveimur hjólum sem tengd verða við skjá og hægt verður að hjóla hvar og hvert sem er í sýndarveruleika.

Skátafélag Sólheima

Skátafélag Sólheima er 35 ára. Stofnendurnir, Gummi Páls og Gauri litli, settu mark sitt á starfið og ég verð að nefna skáta eins og Kristján Mátí Ólafsson, sem heilsaði að skáta síð alla daga og Árna Alex- andersson, legómeistara Íslands, þeir lifðu sem skátar en báðir eru þeir fallnir frá.

Rótað í moldinni

Sesselja kynntist fræðum og aðferðum mannspekingsins Rudolfs Steiners. Undirritaður var sendur til Englands á námskeið í vistræktun, „permacultur“ 2012, hjá Patrick Whitefield heitnum, sem var einn af þessum alvöru leiðtogum sem minntu svo oft á að mannkynið þurfi að aðlagast náttúruöflunum, móðir jörð getur vel lifað og blómstrað sem aldrei fyrr án okkar. Þegar heim kom og samkvæmt kenningum og aðferðum, fór ég að róta í moldinni og Tröllagarður varð til. Garðurinn er gerður af íbúum Sólheima fyrir íbúa Sólheima. Það er fátt eins dásamlegt og að skjóttast í Tröllagarð og sækja krydd og salat fyrir kvöldmatinn.

Sundlaug Sólheima

Sundlaug sem er 6 x 12 metrar ásamt heitum potti. Sundlaugin hefur verið lokað í tæp tvö ár vegna viðgerða. Verklok eru áætluð í lok sumars 2020 og nýtt sturtu- og skiptiklefahús er áætlað árið 2021.

Leikfélag Sólheima

Leikfélagsstarfið er einstakt þar sem um 40 fatlaðir og ófatlaðir íbúar Sólheima taka þátt í sýningunni árlega.

Höfundur: Valgeir Fridolf Backman

Glæsilegar höggmyndir

Listir og menningarstarf hafa ávallt verið snar þáttur í starfi Sólheima.

Höggmyndagarður Sólheima var formlega opnaður 5. júlí árið 2000 og í dag prýða garðinn 14 höggmyndir eftir jafn marga listamenn, eins konar vísir að yfirlits-sýningu á íslenskrum höggmyndalist 1900 – 1950.

Tilgangurinn með höggmyndagarðinum er að skapa fagurt og menningarlegt umhverfi.

Á 90 ára afmælisári Sólheima mun bæstast við höggmyndagarðinn ný höggmynd eftir Hallstein Sigurðsson, sem ber nafnið Kona og karl og verður afhjúpuð í sumar. Höggmyndin er gjöf velunnara Sólheima á afmælisári.



Höggmyndagarðurinn á Sólheimum hefur að geyma mörg falleg verk.

Hér fá allir að blómstra

Aron Ármann Jónsson er forstöðumaður kaffihússins Grænu könnunnar og verslunarinnar Völu á Sólheimum. Hann hefur starfað þar í rúmlega ár og segir að sér hafi komið á óvart hversu Sólheimasamfélagið er stórt. „Svo ríkir hér mikil mann-gæska, samheldni og virðing fyrir hverjum og einum, því hér fá allir að blómstra.“

Starfið er fjölbreytt. Skemmtilegast er að rista lífrænt úrvals kaffi fyrir íbúa Sólheima og viðskiptavinum. Starfið kom nokkuð óvænt upp í hendurnar á mér, þannig að ég get ekki sagt að þetta hafi verið planlagt. Ég er ánægður með að hafa ráðið mig í vinnu hér, þetta er frábær staður,“ segir Aron.

„Það er þægilegt að búa hér og sleppa við bílaraðir og stress. Hér er mikið félagslíf og margt fólk á mínum aldri. Á Sólheimum er endalaust margt hægt að gera og skoða, umhverfissetrið Sesseljuhús, aldingarðinn ÖL, þar sem ræktuð



Aron og Lisa Maculan í Kaffibrennslunni á Sólheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

eru epli og alls kyns ávextir, grænmeti og krydd,“ segir hann.

„Margar gönguleiðir eru á svæðinu og þar er einnig að finna trjásaft og Tröllagarð. Hér eru haldnir tónleikar alla laugardaga

yfir sumartímann. Ég mæli svo klárlega með að heimsækja Völu Grænu sem er mikil upplifun, því þar er hægt að fá úrvals lífrænt Sólheimakaffi, heimabakaðar kökur og gæða sér á grænmetissúpu.“



BOSS
HUGO BOSS

KONUR MENN
KRINGLUNNI



Unnið af miklu listfengi í lista-smiðjunni.



Trésmiðja

Aðstaðan er vel nýtt í sérverkefni félagsþjónustu með íbúum, og tilfallandi viðgerðum á trémunum og öðru. Sigurjón Jónsson er fagstjóri.



Þeir eru fallegir munirnir sem verða til á Sólheimum.



Eitt af mörgum fallegum verkum á Sólheimum.



Falleg listaverk eftir heimamenn á Sólheimum til sölu.

Listin blómstrar á fallegum stað

Á Sólheimum gefst fólki kostur á ýmiss konar atvinnu, virkniþjálfun, hæfingu eða dagþjálfun, eftir þörfum og getu. Flestir starfa á einhverjum af fimm vinnustofunum.

Listsköpun hefur alla tíð verið mikilvægur þáttur í starfsemi Sólheima. Listasmiðjurnar eru fimm og er starfsemin leidd af Karen Ósk Sigurðardóttur, ásamt fagstjórum. Áhersla er lögð á notkun náttúrulegs hráefnis, endurnýtingu og endurvinnslu í listsköpuninni, en allar listasmiðjur Sólheima hafa þetta leiðarljós, um leið og þær bjóða íbúum Sólheima fjölbreytt störf, þar sem skapaðir eru fallegir og handgerðir listmunir og handverk. Margir listamenn Sólheima hafa getið sér gott orð og má þar nefna karlana hans Einars Baldurssonar, sem unnir eru eftir teikningum listamannsins, Erlu Björk Sigmundsdóttur, en útsaumsverk hennar njóta sérstakrar athygli og hrifningar, að ógleymdum doppóttu rjúpunum hans Kristjáns Atla Sævarssonar, sem hafa heldur betur slegið í gegn. Sérstök yfirlitsýning á verkum íbúa Sólheima er haldin ár hvert og er hún liður í Menningarveislu Sólheima.



Listaverk verður til í listasmiðjunni og vandað til verka með mikilli athygli. Ólafur Már Guðmundsson er fagstjóri.



Kertagerð

Starfsemi kertagerðarinnar hefur breyst töluvert á undanförunum árum og hefur verið leitast við að skapa ný verkefni, sem henta þeim einstaklingum sem þar starfa. Fagstjóri kertagerðar var Sigrún Elfa Reynisdóttir.



Vefstofa

Vefstofan býður upp á ýmis fjölbreytt störf. Á vefstofunni eru fjórir stórir vefstólar og hafa þeir helst verið nýttir til að vefa gólfmottur, borðdúka, efni í tösukur og ullarábreiður. Fagstjóri vefstofu er Erna Jónsdóttir.



Leirgerð

Verkefni í leirgerð voru að venju fjölbreytt; listaverk og nýttjahlutir í bland. Sköpunargleðin hefur fengið lausan tauminn og starfsmenn hafa verið hvattir til að koma með nýjar hugmyndir að verkefnum. Það hefur leitt til margra áhugaverðra verka og ánægju meðal starfsfólks. Að auki voru klassísku Sólheimarjúpunar afar vinsælar. Fagstjóri leirgerðar er Egill Valdimarsson.

Allir velkomnir til Sólheima

Á Sólheimum er að finna umhverfisetrið Sesseljuhús, þar sem fólk fær alls kyns fræðslu um umhverfismál og ráðstefnur, fundir og námskeið fara fram. Þar er einnig öflug ferðaþjónusta.

Sesseljuhús er fræðslusetur um umhverfismál og sýningarhús um sjálfbærar og vistvænar byggingar, sem er staðsett á Sólheimum í Grímsnesi. Þar fer fram fræðsla um umhverfismál og haldin eru námskeið, málþing og fundir, ásamt því að þar er sýning um umhverfismál allan ársins hring.

„Sólheimar eru elsta umhverfisþorp í heimi og hugmyndin á bak við stofnun Sesseljuhúss var að með þá sérstöðu þyrfti að vera hér umhverfisetur sem geti frætt fólk um umhverfismál,“ segir Skarphéðinn Guðmundsson, forstöðumaður Sesseljuhúss og ferðaþjónustu Sólheima.

„Sesseljuhús umhverfisetur er fyrsta sjálfbæra byggingin á Íslandi og þegar það var opnað var hér stærsta sólarsetla á landinu,“ segir hann. „Húsið er líka með frábæran ráðstefnusal sem hópar geta leigt fyrir ráðstefnur, fundi eða námskeið.“

Það er líka töluvert um að erlendir háskólar nýti aðstöðuna til að læra um umhverfismál. Yfir vetrartímamann er húsið leigt út í allt að þrjú mánuði í senn og á því tímabili getur hópurinn nýtt alla aðstöðuna hér,“ segir Skarphéðinn. „Húsið hefur verið sérstaklega vinsælt hjá bandarískum skólum sem sérhæfa sig í námi tengdu umhverfisvernd og það er boðið upp á lærlingsstöður hér.“

Menningarveisla Sólheima



Skarphéðinn Guðmundsson segir að almenningur sé velkominn í Sólheima allt árið um kring. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ferðaþjónustan á Sólheimum er í boði fyrir alla, en það er eitthvað sem margir átta sig ekki á.“

Sólheima og kynningu á starfsemi.

Við höfum líka verið að taka á móti alls kyns hópum og getum sérniðað dagskrá og veitingar að þörfum hópsins,“ segir Skarphéðinn.

Slógu í gegn á Instagram

„Við erum að reyna að opna augu fólks fyrir Sólheimum, en þetta hefur verið mjög vinsæll staður hjá útendingum vegna staðsetningar og sérstöðu sinnar. Það eru allir velkomnir, það þarf ekki einu sinni að hringja á undan sér og það er opið alla daga.“

Við höfum náð ágætis árangri við að kynna okkur eftir að faraldurinn hófst með því að tileinka okkur samfélagsmiðla enn frekar með aukna áherslu á Instagram,“ segir Skarphéðinn. „Það hefur gengið mjög vel, við bætum við okkur tæplega 4.000 fylgjendum. Það er hægt að fylgjast með okkur undir notandanafninu solheimar-eco og þar eru upplýsingar um daglegt líf á Sólheimum, alla viðburði og tilboð auglýst.“

fer fram á hverju ári yfir sumar tímamann og þá er alltaf einhvers konar sýning sett upp sem tengist umhverfismálum. Þá getur almenningur komið og skoðað hana, ásamt ýmsu fræðsluefni um vistvænar byggingar, sem er alltaf í boði,“ segir Skarphéðinn. „Þar sem útleigan er í gangi yfir veturinn koma flestir gestir til okkar yfir sumarið, en fólk er auðvitað alltaf velkomni.“

Tvö gistið og tilboð í gangi

„Ferðaþjónustan á Sólheimum er í boði fyrir alla, en það er eitthvað sem margir átta sig ekki á. Margir halda að Sólheimar séu lokaðir fyrir almenning og telja að það þurfi boð, eða að eitthvað sérstakt sé að gerast til að þau séu velkominn þangað, en það er alls ekki rétt,“ segir Skarphéðinn.

„Við erum með tvö gistiheimili sem eru mjög ólík. Annað er nær

því að vera farfluglaheimili, en hitt, Veghús, er með glæsileg herbergi með sérbaðherbergi í hótélstil. Við viljum hvetja Íslendinga til að koma að heimsækja það,“ segir Skarphéðinn. „Hér býðst umhverfisvæn gisting í umhverfisþorpi og morgunmaturlaus innifalinn, en hann er allur unninn úr nærumhverfinu. Í sumar bjóðum við upp á glæsileg tilboð og allir sem leigja gistingu fá líka leiðsögn um

Ætla að búa til besta eplapæ í heimi

Skógræktarstöðin Ödur er lífrænt vottuð skógræktarstöð þar sem ræktuð eru tré, en líka ýmsir ávextir eins og epli og plómur. Garðyrkjustöðin Sunna ræktar tómata, gúrkur og fleira grænmeti.


Guðmundur Steinsson, forstöðumaður Ödurs, segir að skógræktarstöðin hafi verið enduroppnuð í fyrrasumar, eftir að hafa verið lokað um nokkurt skeið. Ödur er eina lífrænt vottaða skógræktarstöðin á Íslandi.

„Við framleiðum tré fyrir Skógrækt ríkisins, en við erum líka með gróðurhús sem við köllum Litla Eden. Gróðurhúsið er 660 fermetrar og við erum að fylla það af ávaxtatrjám,“ segir Guðmundur.

Ávaxtaræktunin er tilraun sem er styrkt af atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu. Á næstu tveimur til þremur árum er markmiðið að fylla gróðurhúsið af ávaxtatrjám og framleiða tvö til þrjú tonn af lífrænt ræktuðum ávöxtum árlega. Í dag eru ræktuð epli, plómur, apríkósur, ferskjur, kirsuber, perur og vínber í gróðurhúsinu.

Ávextir í áskrift

„Draumurinn hjá mér er að selja ávextina í áskrift. Fólk kaupir þá ákveðið magn á mánuði og getur sótt ávextina sína í einhverja verslun í Reykjavík. En við ætlum líka að selja eplin á Sólheimum og búa til besta eplapæ í heimi. Það verður selt á kaffihúsinu hérna á Sólheimum. Þetta eru gæða ávextir og takmörkuð auðlind og þeir verða ekki seldir í stórmörkuðum. Ávaxtatrén eru lífrænt ræktuð, en þau fá tústimpil næsta sumar þegar við förum að selja eitthvað að ráði. Ávextirnir eru ræktaðir eftir öllum aðferðum lífrænnar ræktunar og við notum ekkert



Guðmundur Steinsson ræktar ýmiss konar ávexti í Litla Eden. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

eitur,“ útskýrir Guðmundur. Auk gróðurhússins er Garðyrkjustöðin Ödur með 170 hektara lands, sem notað er í skógrækt. „Við fáum plöntur frá Skógrækt ríkisins sem við gróðursetjum, og stækkum þannig skóginn okkar. Núna í sumar erum við að planta 16.000 trjám í landi Sólheima. Það er ákveðin kolefnisjöfnun í því. Við erum með samninga við Alvogen og félags- og barnamálaráðuneytið um að gróðursetja tré í okkar landi til að kolefnisjafna

allar þeirra ferðir. Til framtíðar erum við einnig að rækta skóg til nytja,“ segir Guðmundur.

„Hjá Öldri hafa skapast störf fyrir fatlaða íbúa Sólheima sem koma hingað og hjálpa til við að reyta arfa og fleira. Það er góð tilfinning að koma inn í gróðurhúsið. Fólk talar um að það sé algjör himnaríkisslökun. Alveg frá því í mars, þegar trén byrja að blómstra og svo þegar ávextirnir byrja að myndast og það kemur góður ilmur frá þeim. Það er dásam-



Piotr ræktar lífrænt grænmeti á Garðyrkjustöðinni Sunnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

legt að fylgjast með þessu. Það er ákveðinn heilunarmáttur í því fyrir alla.“

Fjölbreytt, lífrænt grænmeti

Í Garðyrkjustöðinni Sunnu hefur frá upphafi verið ræktað lífrænt grænmeti. Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir var frumkvöðull í lífrænni ræktun, en almennt er talið að upphaf lífrænnar ræktunar, ekki bara á Íslandi heldur einnig á Norðurlöndunum, hafi verið á Sólheimum. Sólheimar voru valdir undir starfseminu meðal annars vegna jarðhitans. Í Sunnu eru ræktaðar gúrkur, tómatar, paprikur og ýmiss konar salat.

„Við notum engin eitrefni í framleiðslunni. Áburðurinn sem

við notum er allur lífrænn, til dæmis hrossatað, kjúklingaskitur og þari,“ segir Piotr Dera, forstöðumaður Sunnu.

„Hér vinna að jafnaði 6-8 manns og við framleiðum árlega um það bil 30 tonn af grænmeti. Það koma líka reglulega starfsmennar að vinna hjá okkur sem eru til dæmis að læra um sjálfbærni og lífræna ræktun.“

Grænmetið frá Sólheimum er selt í stórmörkuðum, en Sólheimar eru um þessar mundir að opna markað með grænmeti á Hvals- velli.

„Í framtíðinni langar okkur að opna fleiri litla markaði og selja fleiri tegundir af grænmeti,“ segir Piotr.

SUMARÚTSALA



NÚ KR. 132.000

SHEA FLIP SÓFI MEÐ FÆRANLEGRI TUNGU 233 CM KR. 176.000

-25%

10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM



-30%

Lax borðlambi kr. 15.300
NÚ KR. 10.710



ALLIR PÚÐAR
20-40%
AFSLÁTTUR



-20%

Ronia svefnsófi - svefnflötur 140x200 cm kr. 189.700
NÚ KR. 151.760

Ravi motta 170x240 kr. 116.900
NÚ KR. 93.520

-20%




-25%

Glam hliðarborð kr. 36.600
NÚ KR. 27.450



-40%

Orbital kertastjakar kr. 16.400
NÚ KR. 9.840



-20%

Bridge veggihilla 162x25x190cm kr. 70.400
NÚ KR. 59.200



-20%



Alagon borðstofuborð 200x90 cm kr. 172.400
NÚ KR. 137.920



-25%

Brent Air stóll kr. 39.900
NÚ KR. 29.925

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS  / linanehf  / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

Íslenskar jurtir leiddar til lyktar

Um síðustu helgi var sýningin Ilmbankinn opnuð í Álafossvosinni. Þar gefst gestum á öllum aldri kostur á að rækta lyktarskynið með ýmiss konar ilmtengdri upplifun. Lykt er sögu ríkari.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserne@frettabladid.is



Þær Elín Hrund Þorgeirsdóttir og Sonja Bent eru konurnar á bak við Ilmbankann. „Við erum búnar að vera að vinna saman í þrjú ár og fyrir tveimur árum fengum við styrk frá Tækniþróunarsjóði til þess að rannsaka eimingu á íslenskum jurtum,“ skýrir Elín frá.

Takmörkuð hefð á Íslandi

Viðfangsefni verkefnisins er umfangsmikið. „Þó að við höfum notað jurtirnar okkar á Íslandi í matargerð og lækningar alls konar, þá höfum við í rauninni mjög takmarkaða hefð fyrir því að eima þær til þess að ná úr þeim ilmkjarnaolíu. Það eru hverfandi heimildir til um það.“

Þær Elín og Sonja hafa því unnið hörðum höndum að því að rannsaka leiðir til þess að fanga ilm íslenskra jurta. „Þannig að síðastliðin tvö ár erum við búnar að vera að rannsaka hvort það sé hægt að ná ilmkjarnaolíu og hvernig sé best að gera það. Svo höfum við reyndar líka verið að finna aðferðir til að ná ilm úr jurtunum almennt, með öðrum aðferðum.“



Sonja Bent og Elín Hrund Þorgeirsdóttir hvetja fólk til þess að leika sér meira með lyktarskynið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það borgar sig ávallt að auglýsa í Fréttablaðinu

LÍKA Á SUMRIN!

88%

júní júlí ágúst

88% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldrsbilinu 18-49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring



*meðallstur þeirra sem lesa þara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið, Heimild: Prentmalningar Gallup apr - júní og júlí - sept. 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ – mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin

Útfærsla verkefnisins er margþætt. „Markmiðið okkar var að búa til gagnagrunn og þegar verkefninu væri formlega lokið þá ætluðum við alltaf að opna sýningu með niðurstöðum rannsóknarinnar. Það höfum við semsagt gert núna með Ilmbanka íslenskra jurta, en rannsóknarverkefnið heitir það líka,“ útskýrir Elín.

Leika með lyktarskynið

„Ilmbankinn er í rauninni safn þar sem við erum að vinna með lyktarskynið og leika okkur svoltið með það. Við erum að opna það undir nafninu Nordic Angan, sem er okkar vörumerki, en undir því starfrækjum við bæði hönnunarstúdíó og eimingarstofu, þar sem við erum að hanna ilmtengdar vörur og ilmupplifun. Þar erum við að kynna þetta fyrir almenningsi og leika okkur með lyktarskynið. Við viljum fá fólk til að nota það meira.“

Það sé raunar hálfgerð hornreka meðal skynfæranna. „Lyktarskynið hefur verið dálítið út undan þó að fólk noti það alltaf. Það er ekki mikið talað um það. Á sýningunni getur fólk bæði þéfað af alls konar íslenskum jurtum, svo erum við líka með ilmsturtuna sem við kynntum á HönnunarMars í fyrra og fékk gríðarlega athygli.“

Lyktarskynið bjóði upp á marga, ókannaða möguleika. „Svo erum við líka að kynna aðrar ilmupplifanir því við höfum verið að vinna, í þessu ferli, að því að tengja lyktarskynið við tilfinningar. Lyktarskynið er öðruvísi en önnur skynfæri, því það er ekki hægt að mæla það án þess að hafa alltaf með okkar persónulegu skynjun í rauninni. Það er staðsett í randkerfi heilans og er á sama stað og tilfinningarnar og minningarnar. Þess vegna er þetta svona ofsalega samtengt og við erum mikið að spila inn á þetta.“

Ævintýrleg upplifun

Óhætt er að fullyrða að Ilmbankinn sé alveg sér á báti. „Þetta safn er auðvitað alveg einstakt, það er ekkert annað safn þar sem áherslan er á ilm íslenskrar náttúru.“

Bládamadur spyr Elínu þá hvort



Það er kjörið að heimsækja Ilmbankann um helgina. MYND/JONNY DEVANEY



Sýningin er ekki síður falleg en ilmandi. MYND/JONNY DEVANEY

» Lyktarskynið er staðsett í randkerfi heilans og er á sama stað og tilfinningarnar og minningarnar.

íslenskar jurtir hafi einhverja sérstöðu. „Við höfum verið að senda okkar ilmkjarnaolíur út til Kanada í efnagreiningu, þar er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að efnagreina ilmkjarnaolíur alls staðar að úr heiminum. Við höfum fengið mjög skemmtileg viðbrögð þaðan og þeim finnst þetta líka fróðlegt, en ilmkjarnaolíurnar frá Íslandi

hafa yfirleitt reynst mjög öflugar. Þær hafa oft mælst með herra hlutfall af efnem sem eru til dæmis verkjastillandi eða bólguhemjandi en sams konar tré annars staðar úr heiminum. Við vitum auðvitað ekkert nákvæmlega hvers vegna það er en það kemur bara skemmtilega á óvart.“

Tilvalinn helgarrúntur

Viðtökurnar við Ilmbankanum hafa verið vonum framar. „Við opnuðum sýninguna um síðustu helgi og fjöldi manns kom og heimsótti okkur. Við höfum fengið gríðarlega jákvæð og góð viðbrögð sem er mjög skemmtilegt, því fólk á öllum aldri virðist hafa gaman af að skoða þetta og velja þessu fyrir sér. Svo erum við staðsettar í Álafossvosinni sem er einstaklega fallegt svæði og nálægt náttúrunni svo við erum alveg á réttum stað.“

Elín hvetur áhugasama til að leggja leið sína í Mosfellsbæ um helgina. „Það er náttúrulega mjög skemmtilegt að fara í bíltúr upp í Mosó, kaupa grænmeti í Moskógum og kíkja á Ilmbankann. Svo eru líka tónleikar á Gljúfasteini á sunnudögum svo það er nóg um að vera.“

Ilmbankinn er staðsettur á Álafossvogi 27, í bakhúsinu. Frekari upplýsingar má nálgast á nordicangan.com

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allra virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvetur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu



Benz Atego árg 2002 nýsk. 2021. Ekinn 375.000. Verð 500 þús. +vsk staðgreitt. Uppl. í s: 691-1068

Vörubílar




VAGNASMÍÐJAN AUGLÝSIR:

Getum nú afgreitt þessa flottu Hardoxskúffu á trailervagn. Með botnplötu úr 8mm Hardox 450 stáli sem nær upp á miðjar hliðar (50 cm). Upp í gegnum allar beygjurnar. Allt annað efni í skúffum, framgöfl, afturgöfl og hliðar er 5 mm. Hardox 450 stál. Fæst á gamla verðinu, til afhendingar strax. Einnig sterkar og ódýrar krókgrindur. Án gámalásu, kr. 280 þ. + vsk. Með gámalásu, kr. 380 þ. + vsk.

Vagnasmíðjan Eldshöfða 21 R.vík

s. 8946000 og 6507373



Húsbílar



TOYOTA HILUX /TICHER 230.

Til sölu Ticher 230 pallhýsi árg 2016 og Toyota HiLux LUD72 árg 2017, ek. 20þ. Selst saman. Tilbúinn m. öllu í ferðalag. Upplýsingar í síma 864 7050.

Þjónusta

Pípulagnir

PIPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Upplýsingar í síma 868-2055

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli, píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR



SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA

Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélavíðgerðir, Garðsláttuvél, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

PROSTONE

- » Jarðvinna
- » Drenlagnir
- » Hellulagnir
- » Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Sláttur og öll almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Málara

MÁLNINGARVINNA.

Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málari s: 832-6017.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is



PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Höfum í boði verkamenn og aðstoðarmenn til ýmissa starfa td. Málara, smíði og fleira. Upplýsingar í síma 7803344 eða í netfangið starfsmidlun@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

867-2555- SÍMASPÁ

Opíð frá kl. 17 alla daga.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

Til sölu




Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Til sölu / leigu



Pallar til leigu og sölu - Mikið úrval



VINNUPALLAR EHF

Smíðsbúð 10, 210 Garðabæ - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

E-Forward

Sportlegt rafmagnshjól
Shimano gírar, diskabremsur, bretti, böglaberi, standari, ljós og bjalla, allt innifalið.
165.000,-
Topphjól
Bildshöfða 16, Rvk
Sími 661-1902

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

AUSA

ÖLL JARÐVINNA
S: 777 3555

Geymsluskúrar / gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S: 566 6000 • Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARF ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

Keypt
& Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hak, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heimilið

Barnavörur



SYSTKINA VAGN/KERRA
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Ýmislegt

GLÓFI AK - TRÉSMÍÐI

Tek að mér trésmíðaverkefni. Mikil reynsla. Gluggaskipti, parketlagning og fleira mögulegt. Tilboð tímavinna. Hafid samband á gisligeirs@gmail.com eða s. 893 8647

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu 34 m² íbúð í 111 Rvk, nýstandsett Innifalið, isskápur, þvottavél, rafmagn, hiti og internet. Reglusemi skilyrði. Sérningangur og enginn hússjóður. Laus. 1. sept. Verð 130 þús á mán. Trygging nauðsynleg. Uppl. s:893-3087

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free, you may download it, copy it and give it away.

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is



HAGVANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ MEÐ Í FERÐALAGIÐ!

Þú getur ávallt lesið blað dagsins á
frettabladid.is og í Fréttablaðsappinu,
hvar sem þú ert í sumar



FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

GRILL, GLEÐI & GOTT VEÐUR

KJÖTSEL



Nautalund
Fersk

3.599 KR/KG
ÁÐUR: 5.998 KR/KG



-40%

Bleikjuflök
Með roði

1.379 KR/KG
ÁÐUR: 2.299 KR/KG



-40%

Lambalærisssneiðar
Kryddaðar

1.559 KR/KG
ÁÐUR: 2.599 KR/KG



-20%

Kindafille
Ókrydduð

3.199 KR/KG
ÁÐUR: 3.999 KR/KG



-25%

Lambasirloin
Heiðarkryddað

1.649 KR/KG
ÁÐUR: 2.199 KR/KG

SUNNUDAGSSTEIKIN!



ÍSLENSKT
gjöril svo vel

Grisakótilettur

1.259 KR/KG
ÁÐUR: 1.799 KR/KG

KJARNAFÆÐI

-30%



-21%

Kjúklingabringur
Grill marineraðar

2.290 KR/KG
ÁÐUR: 2.899 KR/KG



-45%

Kjúklingalundir
Danpo, 700 gr

989 KR/PK
ÁÐUR: 1.799 KR/PK



Heilsuvara vikunnar!

-25%

Now Probiotic-10
25 Billion

2.227 KR/PK
ÁÐUR: 2.969 KR/PK

Melónur
30% afsláttur af öllum melónum



-30%



nettó
Lægra verð - léttari innkaup



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 4. - 5. júlí

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Draumórar alltaf nauðsynlegir

Langþráð opnun Vínlandsseturs í Búðardal verður á morgun. Hjónin Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir vilja segja söguna af landafundum norrænna manna í Ameríku og landnámi Grænlands.

Sighvatur
Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is



Það má segja að hugmyndin að þessu öllu saman sem byrjaði með Landnámssetrinu hafi kviknað þegar við vorum fararstjórar í hestaferðum á fjöllum í mörg ár. Þetta voru vikufærdir og við dvöldum á hverju kvöldi með fólkinu í einhverjum fjallakofum og sögðum sögur. Fólk var rosalega þakklátt að heyra svona sterkar sögur úr umhverfinu," segir Kjartan Ragnarsson, um tilurð Landnámsseturs og síðar Vínlandsseturs sem verður opnað í Búðardal klukkan 15 á morgun.

Þau Kjartan og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, eiginkona hans, segjast hafa lært að meta Íslendingasögurnar í þessum ferðum. Þannig hafi þau sagt frá Hrafnkels sögu Freysgoða þegar farið var frá Fljótsdal og inn í Kárahjúka. Egils saga hafi verið sögð þegar farið var um Borgarbyggð, Laxdæla í Dölunum og Grettis saga fyrir norðan.

„En við byrjuðum alltaf á að segja söguna af landnámi Íslands," segir Sigríður. Það hafi verið nauðsynlegur grunnur til að erlendu gestirnir skildu Íslendingasögurnar. Þess vegna sé bæði sýning um landnám- id og Egils sögu í Landnámssetrinu í Borgarnesi sem var opnað 2006.

„Þegar við vorum að fara að opna í Borgarnesi hugsuðum við hvort það væri ekki sniðlað að það yrði gerð sýning fyrir hverja einustu sögu. Nýta alla þessa menningu í kringum þjóðveldið sem er eitt-hvað það glæsilegasta í okkar sjálfsvitund. Svona draumórar eru alltaf nauðsynlegir fyrst," segir Kjartan.

Nokkrum árum síðar fundu þau fyrir þörf á að taka hugmyndina lengra. Þau skrifuðu öllum sveitarfélögum á Vesturlandi og kynntu þeim hugmyndir sínar. Eina svarið sem barst kom frá Dalabyggð.

500 árum á undan Kólobusí

„Þarna vorum við búin að grunnhanna sýningu um þjóðveldis-tímamann sem þau í Dalabyggð voru áhugasöm um. Það var nýlega búin að gera upp húsið Leifsbúð en það hafði verið í einhverri biðstöðu. Þau veltu því fyrir sér hvort þessi sýning gæti passað þar inn," segir Kjartan.

Hann segir að sú saga gerist hins vegar að langmestu leyti á Þingvöllum. „Okkur fannst aftur á móti stórkostlegt að segja söguna um áframhaldandi landnám norrænna manna þarna. Þegar Ísland var fullnumið fara þeir og nema Grænland og í framhaldinu rekast þeir fyrir tilviljun lengra vestur. Þetta eru sögur af því að norrænir menn hafi verið í Ameríku 500 árum á undan Kólobusí," segir Kjartan.

Við tók hönnunarferli sem stóð yfir í árið á undan en ákveðið var að nýta reynsluna frá Landnámssetrinu og hafa veitingahús jafnframt í húsinu. Leikmyndasmiðurinn Axel Hallkell Jóhannesson hannar allt ytra útlit sýningarinnar eins og á sýningunum í Borgarnesi.

„Síðan höfum við fengið menn eins og Svavar Gestsson og Rögnvald Guðmundsson, sem er með Ólafsdal, í lið með okkur. Þeir eru báðir brottfluttir Dalamenn og hafa myndað sterkt teymi sem hefur ýtt þessu áfram og séð um fjármögnun," segir Sigríður.

Hjónin Bjarnheiður Jóhannsdóttir og Reynir Guðbrandsson munu sjá um rekstur sýningarinnar



Sigríður og Kjartan vona að tilkoma Vínlandsseturs muni hvetja fólk til koma og kynna dásamlegu umhverfi Dalanna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Leifur Eiríksson kaupir skip Bjarna Herjólfssonar í túlkun Aðalheiðar Eysteinsdóttur. MYNDIR/KJARTAN RAGNARSSON



Verk Helga Björnssonar sýnir Eirík rauða kanna Grænland.

vel saman og verða miðar á sýningarnar seldir saman.

„Við vonum bara að Íslendingar komi og kynnist líka Dölunum og þessu dásamlega umhverfi. Það er styttra í Búðardal frá Reykjavík en í Jökulsárlón," segir Sigríður.

Ekki heilagur sannleikur

Sýningin í Vínlandssetri er þannig uppbyggð að einn þriðji fjallar um rannsóknarsögu landnáms Grænlands og tilraunir til landnáms Ameríku. Svo eru Eiríks saga rauða og Grænlendinga saga raktar hlið við hlið og blandað saman.

„Þær eru auðvitað ekkert heilagur sannleikur þessar sögur. En við segjum oft að við séum leikhúsfólk sem búi til handrit. Hvort þetta söguprogramm er satt eða ekki er annað mál," segir Sigríður.

„Þetta er satt sem vitund íslensku þjóðarinnar um sjálfa sig í 700 ár, hvort sem þetta er helgisögn eða sagnfræði. Ég held að þetta sé blanda ef þessu tvennu af því þetta lifir í munnlegri geymd í 250 ár," segir Kjartan.

Hann bendir á að fræðimenn suður í Evrópu hafi lengi litið á landnám norrænna manna í Ameríku sem einhverjar helgisögur eða álfasögur þótt Íslendingar tryðu þeim. „En þegar húsin fundust í L'Anse aux Meadows á Nýfundna-

landi þá kom bara sönnun á því að norrænir menn hefðu verið í kringum árið þúsund á þessum slóðum."

Gera ekki upp á milli

Sjálf segjast þau ekki gera upp á milli Eiríks sögu og Grænlendinga sögu. „Það er svo mikið um Guðríði Þorbjarnardóttur í þessum sögum að maður leiðir að því líkur að þær hafi kannski lifað hjá fjölskyldu hennar. Það er svolítið magnað að nánað sama sagan sé til í tveimur bókum," segir Sigríður.

Kjartan segir sögurnar óvenju góða heimild um munnlega geymd. „Þetta er eina dæmið þar sem sama sagan er til í tveimur útgáfum. Engin af hinum Íslendingasögnum er svona tviuppskrifuð án vitundar um hina. Hér áður fyrr var mikið þrætt um það hvor væri eldri en ungir fræðimenn í dag eru helst á því að þær séu skrifaðar á mjög svipuðum tíma."

Tíu listamenn voru fengnir til að vinna verk á sýninguna en meðal þeirra er Helgi Þorgils Friðjónsson, enn einn brottflutti Dalamaðurinn.

„Listamennirnir taka ákveðna atburði úr sögunum og vinna úr þeim með sínum aðferðum. Það að leita til tíu ólíkra listamanna býr til ákveðinn fjölbreytileika en svo hangir þetta saman á því að þetta er línuleg saga," segir Sigríður.



**ÞETTA ER SATT SEM VIT-
UND ÍSLENSKU ÞJÓÐAR-
INNAR UM SJÁLFA SIG Í
700 ÁR, HVORT SEM ÞETTA
ER HELGISÖGN EÐA SAGN-
FRÆÐI.**

en önnur hjón, þau Anna Sigríður Grétarsdóttir og Pálmi Jóhannsson, munu reka veitingahúsið.

Höfði sterkt til ferðamanna

Upphaflega stóð til að opna Vínlandssetur vorið 2019 en það tafðist um ár vegna samninga um notkun á húsinu. COVID kom svo í veg fyrir opnun á sumardaginn fyrsta.

Kjartan segir að Dalirnir hafi

farið algjörlega varhluta af þeim uppgangi sem verið hafi í ferðapjónustu frá því að gaus í Eyjafjallajökli og þar til COVID skall á. „Fjölgun ferðamanna hefur alltaf meira og meira byggst á enskumælandi fólki. Þessar sögur sem við erum að segja í Vínlandssetrinu eru auðvitað mjög spennandi fyrir þann hóp."

„Þetta er svo mikið þeirra saga," bætir Sigríður við. „Ástæðan fyrir því að við veljum þessa sögu um Leif heppna, landnám Grænlands og fund Ameríku er líka sú að við teljum að hún höfði mjög sterkt til útlendinga ekki síður en Íslendinga. Það er auðvitað mikið markmið að búa til stað sem fær ferðamenn til að stoppa," segir Sigríður.

Á hönnunartíma sýningarinnar sögðu Kjartan og Sigríður enskumælandi hópum frá áætlanunum og viðbrögðin létu ekki á sér standa. „Þau tókust allveg á loft og við erum stundum skíthreidd um að við séum að taka viðskipti frá sjálfum okkur," segir Kjartan og hlær.

Hann segir að Vínlandssetrið og Landnámssetrið eigi að geta unnið

Ísland er landið

Velkomin í skála Ferðafélags Íslands



Ferðafélag Íslands og deildir
þess reka 40 fjallaskála á
hálendinu og í óbyggðum.
Sjá nánar á www.fi.is



TÍMAMÓT



Útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,
Jóns Halldórs Borgarssonar
áður til heimilis að Jaðri, Höfnum,
verður haldin í Keflavíkurkirkju,
fimmtudaginn 9. júlí kl. 13.

Borgar Jens Jónsson
Magnús Ingi Jónsson
Sveinbjörn Guðjón Jónsson
Rúnar Kjartan Jónsson
María Rós Newman

Eygló Breiðfjörð Einarsdóttir
Helga Jónína Guðmundsdóttir
Ingibjörg Guðjónsdóttir
Hallveig Fróadóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Merkisatburðir

1957 Hulda Jakobsdóttir er fyrst kvenna til að gegna embætti bæjarstjóra á Íslandi er hún tekur við af manni sínum, Finnþoga Rúti Valdimarssyni, að stýra Kópavogi.

1971 Safnahúsið í Borgarnesi er tekið í notkun.

1971 Michael S. Hart gefur út fyrstu rafróbók heims, Sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna, á tölvu University of Illinois at Urbana-Champaign.

1973 Margrét Danadrottning og eiginmaður hennar, Henrik prins, koma í opinbera heimsókn til Íslands.



1976 Ferjan Herjólfur kemur fyrst til Vestmannaeyja.

1977 Hreinn Halldórsson setur Íslandsmet í kúluvarpi, 21,09 m, og kemst með því í hóp bestu kúluvarpara í heimi.

1987 Allir hreppar í Austur-Barðastrandarsýslu: Geiraldshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Flateyjarhreppur, sameinast undir nafni Reykhólahrepps.

1990 Bandaríska kvikmyndin Die Hard 2 er frumsýnd.

1992 Steffi Graf og Andre Agassi sigra Wimbledon-mótið í einliðaleik kvenna og karla.

1997 Könnunarfar NASA, Mars Pathfinder, lendir á Mars.

2004 Pungarokksveitin Metallica spilar í Egilshöll fyrir um 18.000 manns.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

Finnþoga Sævars Kristjánssonar

Breiðalæk.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans við Hringbraut fyrir góða umönnun.

Ólöf Sigríður Pálsdóttir

Guðrún Finnbogadóttir
Páll Finnbogason
Kristján Finnbogason
Hafþór Finnbogason
Sesselja, Ólöf, Almar, Hafdís, Maren, Hafsteinn Finnbogi, Agnes Heiða og Guðmundur Ari
Kristján Pétur Þórðarson
Guðrún Jóna Jónsdóttir

Steinar Rikharðsson
Dagný Helga Ísleifsdóttir
Elin Eyjólfsdóttir
Ólöf Ósk Guðmundsdóttir
Margrét Ásta Guðjónsdóttir
Valgerður Kristjánsdóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Vid erum til stadar þegar þú þarft á okkur að halda

Helga Guðmundsdóttir, umsjón útfara

Útfararþjónusta
& lögræðisþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



Ástkær eiginmaður, faðir, afi og langafi,

Benedikt Hallgrímsson

sjómaður, til heimilis að Hrauni v/Langholt,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, 30. júní.

Útför fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir

Hallgrímur S. Benediktsson
Þorsteinn S. Benediktsson
Hafdís H. Benediktssdóttir
Eydis B. Benediktssdóttir
S. Sveindis Benediktssdóttir
Hólmús R. Benediktssdóttir
Kristbjörg Kolbeinsdóttir
Petrea Olsen Richards
Magnús Magnússon
Halldór Ólafur Halldórsson
Lárus Orri Sigurðsson
Ólafur Freyr Halldórsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Jónsdóttir

Lækjasmára 2, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut, 2. júní.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Teitur Simonarson

Anna Kr. Guðrún Magnea Teitsdóttir
Jón Ingi Teitsson
Ingvar Bragi Hjartarson
Hafþór Austfjörð Harðarson

barnabörn og barnabarnabörn.



Útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Þorsteins Péturssonar

tryggingasölumanns,

fer fram frá Vídalínskirkju, Garðabæ, þriðjudaginn 7. júlí, kl. 13.

Sveinfríður Ólafsdóttir

Björn Þór Þorsteinsson
Páll Jökull Þorsteinsson
Pétur Ómar Þorsteinsson
Arna Pétursdóttir
G. Agata Jakobsdóttir
Mikael Þór Björnsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

Hendriks Skúlasonar

úrsmíðs,

Víðigrund 13, Kópavogi,

sem lést 12 júní sl.

Íris Sigurjónsdóttir

Hjördis Hendriksdóttir
Anna Bryndis Hendriksdóttir
Agla Elisabet Hendriksdóttir
Sigurjón Hendriksson
Erla Hendriksdóttir
Jón Smári Úlfarsson
David Dominic Lynch
Sigurður Hafsteinsson
Jóhanna Bragadóttir
Bragi Jónsson

og barnabörn.



Ástkærir foreldrar okkar, tengdforeldrar, amma, afi, systkini, frændi, frænka og vinir,

Finnur Einarsson

og

Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir

létust 28. júní. Útför þeirra fer fram frá Lindakirkju, fimmtudaginn 9. júlí, klukkan 13.

Heiðrún Finnsdóttir
Eysteinn Finnsdóttir
Sigrún Júlía Finnsdóttir
Sigurður Fannar Finnsdóttir

Þórður Matthíasson
Þóra Þórðardóttir og
Matthías Tristan Þórðarson



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

Svava Guðjónsdóttir

áður að Melaheiði 19,

lést á hjúkrunarheimilinu

Skógarbæ í Reykjavík, 29. júní.

Útför hennar fer fram frá Hjallakirkju í

Kópavogi, fimmtudaginn 9. júlí, klukkan 11.

Fjölskyldan þakkar starfsfólki Skógarbæjar fyrir kærleiksrika umönnun.

Björgvin Þór Guðnason
Guðni Teitur Björgvinsson
Svava Dögg Björgvinsdóttir
Ásdís Sveinsdóttir
Sveinbjörn Guðjónsen



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Guðný Hildibórsdóttir

Hvassaleiti 16,

lést fimmtudaginn 25. júní.

Útförin fer fram frá Grensáskirkju, mánudaginn 6. júlí, kl. 13.00.

Sigurður Ármann Sigurjónsson
Kristín Júlía Sigurjónsdóttir
Aðalsteinn Þ. Sigurjónsson
Aðalheiður Sigurjónsdóttir
Lek Kaewphanna
Kristín G. Sigurðardóttir
Daniel H. Guðjónsson

barnabörn og langömmubörn.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkygningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Vikulegar blómasendingar – komdu og sjáðu úrvalið!



7.495.-

Blákorn, 25 kg

Klórnaður NPK-áburður með kalki, magnesíum, brennisteini og bór. Góður alhliða áburður fyrir grasflatir og skrudgarða. Ráðlagður skammtur er um 20 gr. á m².



995.-

Danmuld

gróðursetningarpoki, 40 l

Sér plöntunum fyrir bestu vaxtarskilyrðum allt vaxtartímabilið.



2.995.-

Útipottamold, 50 l

Blanda af grófum mosamór og viðarfíbrum. Sérstaklega góð mold í blómaker.

GERÐU GARÐINN FÍNAN MEÐ BAUHAUS!



49.995.-

Gardena Smart Water stýring fyrir Gardena Smart kerfi

Smart Water stýringin frá Gardena Smart kerfinu, stjórnar og stýrir allri vökvun í gegnum Gardena appið, þ.e. t.d. vökvun á garðflötinni þinni, jurtagarðinum eða beðunum. Þar fyrir utan er hægt að kaupa aukahluti í kerfið, sem geta hjálpað til við að halda utan um öll gögn varðandi umhugsun garðsins, garðsláttinn eða annað. Öllu er hægt að stjórna í gegnum appið.



5.495.-

Úðari

Vario er útbúið sérstökum dreifingarbúnaði sem tryggir jafna vökvun.

- Vökvunarsvæði: lág. 100 m² / há. 225 m²
- Bil: há. 8,5 m
- Efni: málmur/plas



5.995.-

Premium sprautubysa

Sprautubysan frá Gardena, hentar vel bæði til vökvunar beða og pottaplantna sem og einnig til ýmissa þrífverkefna.

- 2 mism. stútar
- Model: 18305-20

GARDENA



24.995.-

Gardena AquaRoll Easy slönguvagn

AquaRoll M Easy frá Gardena er slönguvagn með mörgum eiginleikum. Efni: málmur/plas - Lengd slöngu: 20 m - Pv. slöngu: 13 mm

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

KRAKKAR

Konráð ⁴¹⁰ og félagar á ferð og flugi

„Jæja þá, tvær nýjar sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Konráð. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði Kata montin. „Við getum byrjað á þessari léttari,“ sagði Lísaloppa. „Þeirri léttari fyrst,“ sagði Kata hneyksluð. „Ekki ég, ég byrja á þeirri erfiðari fyrst,“ sagði hún og glotti. „Ég yrði fljótari en þið bæði til samans þótt þær væru báðar þungar.“ Kata var orðin ansi klár. En skyldi hún vera svona klár?

6	9		5				
	4	8				5	2
	5	7	6	8	4	3	9
		5	8		7	9	
9	8		3	1			
	7						3
7	6	9		4			
		4	9	3			
5	1			7		4	8

	9	5		3	4			
	7		2	5		4		1
		1		6			5	8
9			7				1	
	2	4					6	
	6		5				4	
	1	2				9	8	
			6		2			
5	3	9	4	8		6		2

? Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata? ?



Lestrarhestur vikunnar Kjartan Pétur

Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar? Galdra-bækur, vísindabækur og geim-vísindabækur.

Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún? Ég er oft að lesa nokkrar bækur í einu. Til dæmis er ég að lesa Harry Potter og eldbikarinn, sem er um galdra og strák sem heitir Harry Potter. Svo er ég líka að lesa Ofurhetjuvíddina, sem er um strák sem heitir Ævar og hann flutti í nýtt hverfi og fór í nýjan skóla og þar voru krakkar sem voru alltaf að stríða honum. Einu sinni hrinti einn honum og hann var að fara að detta, en þá gafaði hann upp og fór í aðra vídd, ofurhetjuvídd. Svo er ég alltaf að lesa Andrésblöð.

Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún? Galdra, vísindi og geimvísindi. Það eru tvær manneskjur, ein var að gera



vísindi og hin var að gera galdra. Svo voru þau búin að gera þetta í mánuð og leiddist það, þá fóru þau út í geim og reyndu að finna vísindi þar, eins og geimverur og svarthol. Ég myndi samt ekki vilja finna svarthol því það myndi söga mann inn og ég kæmist aldrei út úr því aftur.

Ef þú mættir velja þér persónu úr bók til að ferðast um Ísland með, hver væri hún? Harry Potter!

Hvernig mynduð þið ferðast? Á þrumufleygnum, galdrakústinum hans.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í upphaldi hjá þér? Í búðinni hans Mústafa, það er ljóðabók sem pabbi las oft þegar við vorum að fara að sofa. Líka Börnin hans Loka eftir Ævar Þór Benediktsson.

Ferðu oft á bókasafnið? Já, bæði í skólanum og líka í Kringlunni.

Hver eru þín helstu áhugamál? Galdrar, geimurinn og vísindi. Körfubolti, badminton og lesa bækur. Mér finnst líka gaman að horfa á fótbolta, en ekki æfa fótbolta.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Bókabeitan efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi og takið þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



Viktori Víflí finnst gaman að vera einn og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Langar að verða stór, en samt krakki

Fullt nafn: Viktor Víflí Helgason
Aldur: 5 ára
Systkini: Ég á eina systur, hún heitir Áslaug Marta og verður tveggja ára í október.

Gæludýr? Ég á ekkert gæludýr en mig langar í litinn, sætan páfagauk og litinn, sætan fisk í fiskabúri. Mig langar líka í eina sæta mörgæs í búi.

Hvernig er lífið hjá þér þessa dagana, Viktor? Ég fer í leikskólann og á fótboltaæfingar. Ég er mjög góður í marki. En mig langar líka að fara í körfubolta.

Hver eru helstu áhugamálin þín? Álfar og huldufólk. Út af því að ég er að læra um þau á leikskólanum. Við á leikskólanum höldum sýningu á steinatröllum í Safnahúsinu. Mitt tröll heitir Sprengjuelska.

Með hvaða fótboltaliði heldurðu íslensku og erlendu? Val og Barcelona.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Að róla hátt út í geim. Mér finnst líka gaman að fara í Húsdýragarðinn með nesti.

En leiðinlegast? Að vera einmana. Það er líka leiðinlegt þegar fólk er að ríma nafnið mitt.

Hvað viltu helst gera þegar þú verður stór? Verða smiður og ruslamaður. Mig langar líka að verða alþingismaður sem stjórnar lögunum í landinu þegar ég verð stór. Mig langar líka að verða stór, en samt krakki.

MÉR FINNST GAMAN AÐ VERA FÍNN. MIG LANGAR LÍKA AÐ BÆTA VIÐ AÐ MIG LANGAR AÐ FARA ÚT Í GEIM. MIG LANGAR AÐ VERÐA OFURHETJUVELMENNI SEM ER MEÐ SKIKKJU.

Hvað ætlarðu að gera í sumar? Við förum ekki til útlanda en förum í sumarbústaðinn. Mig langar í rauðan sumarstuttermabol.

Hvað er það skemmtilegasta við sumarið? Að fara í sólbað og fá mér is.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Hafragrautur af því að hann er svo hollur. Mér finnst líka gott skyr.

Einhver matur sem þér finnst vondur? Mér finnst appelsínugul kartöflumús ekki góð.

Hver er uppáhalds tónlistarmaturinn þinn og af hverju? Það er Daði út af því að hann samdi uppáhaldslagið mitt.

Viltu bæta einhverju við í lokin? Mér finnst gaman að vera finn. Mig langar líka að bæta við að mig langar að fara út í geim. Mig langar að verða ofurhetjuvelmenni sem er með skikkju.

% %

% %

SUMARÚTSALAN ER HAFIN!

20-60%

AFSLÁTTUR

NÝR
BÆKLINGUR Á
WWW.RFL.IS

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS

OPÍÐ ALLAN
SÓLARHRINGINN

ÖLL BORDSTOFUBORÐ

20-40%



ALLIR BORDSTOFUSTÓLAR

20-40%



ALLAR BOX- OG
SPRINGDÝNUR

20-30%



GOLD T30 YFIRDÝNA

40%



WELLPUR
MEMORYFOAM

GOLD
EINSTÖK
GÆÐI

ALLAR
SUMARSÆNGUR

20-50%



VALDAR GARDÍNUR ALLT AÐ

50%



ALLIR PLASTKASSAR

20-30%



**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík



14 | 3
°C | ↘

Ísafjörður



9 | 5
°C | ↖

Akureyri



15 | 1
°C | ↙

Egilsstaðir



12 | 5
°C | ↖

Kirkjubæjarkl



10 | 5
°C | ↖

Hveravellir



8 | 3
°C | ↗

Austlæg eða breytileg átt 3-8 m/s, en 8-13 með suðurströndinni. Skýjað með köflum og stöku skúrir á Suður- og Vesturlandi, og sums staðar þokubakkar austantil, en bjartviðri norðanlands. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast í innsveitum fyrir norðan.

NÝBAKAÐ BRAUÐ ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Reykjavík



Sunnudagur



16 | 3
°C | ↓

Mánudagur



12 | 3
°C | ↘

Þriðjudagur



10 | 3
°C | ↘

Miðvikudagur



13 | 4
°C | ↘

Fimmtudagur



13 | 4
°C | ↘

Ísafjörður



7 | 3
°C | ↖



7 | 2
°C | ←



8 | 2
°C | ↘



10 | 3
°C | ↓



10 | 2
°C | ↘

Akureyri



11 | 5
°C | ↓



5 | 3
°C | ↘



11 | 2
°C | ↙



9 | 3
°C | ↘



10 | 4
°C | ↘

Egilsstaðir



8 | 6
°C | ↖



5 | 4
°C | ↘



10 | 0
°C | ○



10 | 4
°C | ↘



8 | 4
°C | ↘

Kirkjubæjarklaustur



12 | 4
°C | ↗



13 | 2
°C | ↑



14 | 3
°C | ↖



13 | 2
°C | ↑



16 | 3
°C | ↙

Hveravellir



12 | 6
°C | ↖



4 | 5
°C | ↓



11 | 4
°C | ↗




10 | 5
°C | ↘



10 | 6
°C | ↓

Pondus

Eftir Frade Øverli




Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!


93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.


Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var KYNÞÁTTAHATUR



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist tiltölulega nýtilkominn en þó hálfgamaldags auglýsingamiðill. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 9. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „4. júlí“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERDLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Blekkingaleikur** eftir **Kristínu Óhlsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ragnar H. Blöndal, Reykjavík**.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

- 1 Fá botn í botn? Þvilík þvæla (9)
- 8 Munt hljóma eins og bytta ef þú leggur það á þig (6)
- 11 Skaut og drap krákur frá Kraká (7)
- 12 Fersk fila ferskustu kúntina (9)
- 13 Sé þetta íþrótt vex mér þróttur (6)
- 14 Hanasöngur er síðastur á dagskrá (7)
- 15 Þótt þau segi allan varma úti blifur hlýjan (7)
- 16 Útsendari páfa varð uppvís að því að borða leiði (6)
- 17 Forðast Önnu amatör sem hugsar bara um mig (9)
- 19 Túlamáfur er með litinn gogg (9)

- 23 Saka svikara um að rjúka í brúsana (6)
- 27 Það er stefna hálfvita að stunda heimskupör (9)
- 31 Þessi drusla er einsog gamall karl (8)
- 32 Kom kolvitlaus að utan er kvæðið birtist (7)
- 33 Fjörgynsdóttir framleiðir sápu (5)
- 34 Mylja óstöðug hús undir hjólum vinnuvélanna (10)
- 35 Syrgjendur eru sjaldséðir iðnaðarmenn (7)
- 36 Þau fara fyrir sínu fúla liði (5)
- 37 Leiðsögn er brýn eftir siglingu um sagnahaf (8)
- 39 „Skadræðisrolla“ lýgur hann fyrir rétti (7)

- 40 Hverfur egg ef réttþyrningur ræður? (9)
- 44 Brenni spjör í brunagaddi birtist ríki (7)
- 47 Bæta má vígvelli með réttum söngvakosti (8)
- 51 Þetta er haförn – flóknara er það nú ekki (7)
- 52 Hækkandi hey við bakaða sneið (7)
- 53 Stólpakrakki fílar flöktið og músíkina (6)
- 54 Orsök æsings kallar á ókyrrð (7)
- 55 Dugar vitnið til að efla næmni fyrir því næsta? (9)
- 56 Soun vitjar oss úr vestri (6)
- 57 Fjör með félögum getur kostað árekstra (7)

LÓDRÉTT

- 1 Sérstök er bæði sver og þver (7)
- 2 Dveljast fjalla á milli með blómið sitt (7)
- 3 Skil sút og uppnám yfir því að þú lædist í felur (7)
- 4 Of mikill lestur getur þýtt yfirtöku (7)
- 5 Erlend fréttastofa leitar risatrés sökum elli (8)
- 6 Æða á ilm úrskurða (8)
- 7 Kirkja þrýðir hvílt og hæð (8)
- 8 Þessi óeirðalögregla er drykkfelldur hópur (9)
- 9 Bætum stríð með áhlaupum (7)
- 10 Of seint, Al, á kránni er ekkert sæti laust (7)

- 18 Langar nær miðju þessarar hrosshúðar (9)
- 20 Sé harðfenni hopa og fjallagarpa með (9)
- 21 Grunar að sú móða mási sem ekki er að renna (9)
- 22 Ættu að eiga átt til hlýrri laga (9)
- 24 Keyrði ruddalega kæpu sem vildi æða burt (9)
- 25 Má grilla á eldstó án grinda? (9)
- 26 Hinn er í leyfi þetta misserið (9)
- 28 Nei, sú leynda mun ekki marghækka tilboðið (7)
- 29 Leita stikils sem hefur klofnad (7)
- 30 Enn má heyra nið óbreyttra og illmálgra manna (8)

- 38 Tæpi á tilvist freistinga og þrauta (8)
- 41 Furða ágæts manns af finni ætt (7)
- 42 Brýnt er að ná svona gaurum í bernsku (7)
- 43 Geiflar sig í veislu þar sem lopi er á borðum (7)
- 44 Legg guðsorðabækur fyrir Heimi og Stefni (6)
- 45 Er rétt að skamma þau sem læðast? (6)
- 46 Læt bara vaða og fer um víðan völl (6)
- 48 Saur og skitur er það ég hef helst stært mig af (6)
- 49 Einhvern veginn hef ég færst að kvisti (6)
- 50 Föndrum á vöðlum (6)

LÉTT

5	7	9	8		2	6
6	9	5			4	
8	2	7	6		5	
				9	3	8
2	6			1	7	4
3	4			6		
	8			5	7	6
	5		2		3	1

MIDLUNGS

5	2		9	4		
3			2	6	8	4
		9				5
8	9	3		6		
	4			5		
			4	2		6
				1		6
1	5	3				
	3		8	9	5	7

PUNG

				7	8		2	
1							6	
			1				7	
7			4	6			9	3
8								
	6			9				2
	1	8	3					
4		6						5
		3				1		

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Ian Nepomniachtchi (2778) átti leik gegn Anish Giri (2731) á Chesstable Masters mótinu á Chess24.

Nepo lék 23. Kg1 og vann um síðar. Hins vegar hefði **23. Hh8+! Kxh8 24. Dh4+ Kg8 25. Dh7+ Kf8 26. Bc5+ Dxc5** (eftir 26...He7 eða 26...Be7 kemur 27. Dh8#). **27. Hxc5** unnið strax. Anish Giri vann þrátt fyrir þetta Nepo í undanúrslitum og mætir Magnúsi Carlsen í úrslitum sem klárast um helgina. www.skak.is: Hannes í Tékklandi.

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

6	1	4	8	2	9	5	7	3
8	2	5	7	3	6	9	4	1
3	7	9	4	1	5	2	6	8
1	4	7	5	6	8	3	2	9
9	8	6	2	7	3	4	1	5
5	3	2	1	9	4	6	8	7
4	5	1	9	8	2	7	3	6
7	9	3	6	4	1	8	5	2
2	6	8	3	5	7	1	9	4

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

DÝR ÁKVÖRDUN

Fyrsta umferð bikarkeppni Bridge-sambands Íslands hefur farið fram síðustu vikur og frestinum til að ljúka leikum lýkur 5. júlí. Margar viðureignirnar í fyrstu umferð voru athyglisverðar. Sveit Hermanns Friðrikssonar þurfti að eiga við sterka sveit Hótel Hamars í fyrstu umferð og náði að hafa betur með miklum endaspretti í lokatönnu, síðustu 10 spilunum (40 spila leikir). Lokatölur voru 87-82, en staðan var 31-60 fyrir

síðustu 10 spilin. Tapið er samt svo lítið, að sveit Hótel Hamars kemst sennilega í aðra umferð, því fjórar sveitir sem tapa með minnstum mun, komast áfram. Annar athyglisverður leikur var viðureign sveitar Jáverks við sveit Stalin er ekki hér. Hann fór 107-86 fyrir Jáverk, en var mjög sveiflukennður. Fyrsta lotan fór 62-0, en síðasta lotan 0-54. Spil dagsins er úr viðureign þeirra. Austur var gjafari og AV á hættu.

Norður

- ♠ 975
- ♥ 2
- ♦ ÁK954
- ♣ KD75

Vestur

- ♠ G9765
- ♥ K6
- ♦ -
- ♣ 1098632

Austur

- ♠ KD843
- ♥ 32
- ♦ G1073
- ♣ G4

Suður

- ♠ Á10
- ♥ ÁDG1084
- ♦ D862
- ♣ Á

Sveit Jáverks spilaði 4♥ í NS á sínu borði. Á hinu borðinu opnaði suður á 1♥, norður sagði 2♦ (geimkrafa), suður tók undir tigulinn með 3♦, norður stökk í 4♥ og suður spurði um ása með 4gröndum, af því hann var í slemmu-hugleiðingum. Þegar svarið var einn (af 5), skipti verulegu máli hvorn rauða litinn hann myndi velja sem tromp. Sex tiglur eru óhjákvæmilega niður vegna 4-0 legunnar, en sex hjörtu eru óhnekkjandi. Til allrar hamingju er útsparillinn í hjartaslemmu sá sem á tiguleyðuna, svo að háfsllemmu í hjarta er ekki hægt að bana. Sveit Stalin er ekki hér, græddi því 11 impa í stað þess að tapa 10 impum, ef tigulslemma er valin. Sagnhafi er hugsanlega hræddur um að tigulásinn vanti og það sé stunga í tigli í hjartaslemmu (þá er tigulslemma betri), en kilegra að norður sé með tigulás, heldur en hjartakóng (sem talinn er sem ás í ásaspurningunni) og það þarf að vera stunga í tigli og hún tekin.




Eitt af verkum Gunnhildar Þórðardóttur á sýningunni í SÍM-salnum.

Leysingar Gunnhildar

Gunnhildur Þórðardóttir myndlistarmaður sýnir verk á sýningunni Leysingar í SÍM-salnum. Á sýningunni eru ný verk unnin 2019-20 bæði tvi- og þrívíð. Sýningin stendur til 24. júlí og verður opin á skrifstofutíma SÍM milli klukkan 10-16 alla virka daga.

Gunnhildur lauk tvíhlíða BAnámi í listasögu og fagurlistum frá Listaháskólanum í Cambridge árið 2003 og MA í liststjórnun frá sama háskóla árið 2006 og lauk viðbótar- diplóma í listkennslu við LHÍ á haustönn 2019. Hún hefur haldið nokkrar einkasýningar auk þess að taka þátt í samsýningum í Listasafni Íslands, Hafnarborg, Listasafni Reykjanesbæjar, Norræna húsinu, 002 galleríi og Tate Britain.



Hanna myndar húsgögn og hluti.

Ljósmyndasýning Hönnu á Stokkseyri

Heima er yfirskrift ljósmyndasýningar í Gallery Stokki á Stokkseyri en þar sýnir Hanna Siv Bjarnardóttir. Hún heimsótti nokkra af eldri íbúum Stokkseyrar og myndaði þá og heimili þeirra. Heimilið endurspeglar persónuleika og sögu fólks og það vekur ekki síst áhuga hjá ljósmyndaranum Hönnu.

„Mér finnst áhugavert að sjá hvaða hlutum fólk safnar að sér í gegnum ævina. Í litlu samfélagi þekkjast allir og vita nokkurn veginn hvað er að gerast í lífi hvers og eins. Ég kannast við allt fólkið sem ég heimsótti en hafði komið heim til fæstra. Það er skemmtileg upplifun að koma í heimsókn til alls þessa fólks og sjá hvernig það hefur komið sér fyrir,“ segir Hanna.

Sýningunni lýkur sunnudaginn 26. júlí.

Hanna útskrifaðist úr Ljósmyndaskólanum árið 2017. Hún hefur haldið nokkrar sýningar og tekið þátt í samsýningum.



Gabriela Friðriksdóttir er sviðsmyndahönnuður sýningarinnar, þar sem rústir koma mjög við sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Heimspekilegt og ljóðrænt ferðalag

Nú á sunnudag, 5. júlí, verður sýningin Solastalgia opnuð í Listasafni Íslands og er hún fyrsta sýning í gagnaukunum veruleika hér á landi. Hún er eftir frönsku leikstjórana Antoine Viviani og Pierre-Alain Giraud. Gabriela Friðriksdóttir myndlistarmaður er sviðsmyndahönnuður sýningarinnar.

Sýningin er í sal 1 og tekur 10 manns í einu. Hún varir í um hálf tíma og hægt er að velja um þrjú mismunandi tungumál, íslensku, ensku og frönsku. Gestir ganga inn í innsetninguna með Hololens 2-höfuðbúnað og kanna jörðina við endalok mannkyns og sjá brak, rústir og vofur.

Eftir að öllu er lokið

„Við Pierre-Alain höfum unnið mikið saman, hann hefur gert með mér teiknimyndir og myndbönd. Fyrir rúmum tveimur árum byr-

uðum við, ásamt Antoine, að vinna við þetta verkefni. Ég sá fljótt að ég þyrfti að afmarka mig einvörðungu við innsetningu verksins vegna anna í myndlistinni og einnig vegna þess hversu verkefnið vatt upp á sig. Við dvöldum fyrst í bústað í Borgarfirðinum og prófuðum alls konar hugmyndir og veltum því fyrir okkur hvernig yrði umhorfs eftir að öllu væri lokið hér á jörðinni. Sýningin var síðan fullunnin í Frakklandi. Við fluttum flest varðandi innsetninguna hingað.

En sandurinn sem við notum hér er frá Steypustöðinni, tekinn úr Vatnskarðsnámu. Við notum þau jarðefni sem eru í löndunum þar sem við sýnum,“ segir Gabriela.

Hún segir samvinnuna hafa verið afar skemmtilega. „Mér finnst áhugavert að vinna með stórar innsetningar með fjölbreyttum hópi fólks og þar sem mikið er notað af náttúrulegum efnum. Þessi sýning fjallar um umbreytingar og hverfulleikann og ferðalagið í gegnum hana er bæði heimspekilegt og ljóðrænt.“

Í Listasafni Íslands er sýning í gagnaukunum veruleika. Gabriela Friðriksdóttir er sviðsmyndahönnuður sýningarinnar.

EYÐING EINS OG SÚ SEM VIÐ ERUM AÐ LÝSA GERIST MJÖG HRATT, SÓLIN HÆTTIR AÐ SKÍNA OG SKUGGI FELLUR Á ALLT.

Sálir á kreiki

Spurð hvernig hún hafi séð fyrir sér jörðina eftir endalokin segir hún: „Í byrjun vorum við að velja fyrir okkur að láta rústirnar í innsetningunni minna á fornminjar en hættum við það og færðum útlitið nær okkar tímum. Eyðing eins og sú sem við erum að lýsa gerist mjög hratt, sólin hættir að skína og skuggi fellur á allt. Ég sá fyrir mér að sálirnar söguðust inn í einhvers konar kubblaga gagnakúðung, samkvæmt hugmyndinni um að þó að líkamarnir hverfi séu sálirnar ennþá á kreiki.“

Sýningin var frumsýnd í Rennes í Frakklandi í fyrrahaust og auk Íslands er fyrirhugað að hún verði sýnd í Finnlandi, Suður-Kóreu og Bandaríkjunum, en af skiljanlegum ástæðum er þó ekki vitað nákvæmlega hvenær.

Ólafur Egill skrifar verk um Ástu Sigurðardóttur

Ólafur Egill Egilsson er nú að leggja lokahönd á leikrit sem byggir á höfundarverki og ævi listakonunnar Ástu Sigurðardóttur (1930-1971). Ásta var lifandi godsögn í bæjarlífi Reykjavíkur um miðbik síðustu aldar. Myndverk hennar, sögur, greinar og ljóð vöktu aðdáun og hneykslun, og oft urðu skilin á milli lífs hennar og höfundarverks óljós. Ólafur Egill gekk til liðs við Þjóðleikhúsið nú í vor og er hluti af nýju fastráðnu teymi listrænna stjórnenda við leikhúsið. Ásta er fyrsta verkið sem Ólafur Egill vinnur eftir að hann tók við nýrri stöðu í leikhúsinu. Fyrirhugað er að frumsýna verkið í Kassanum snemma á næsta ári.

Í þessu nýja verki bregður Ólafur upp svipmyndum af Ástu og skáld-



Ólafur Egill Egilsson fjallar um verk og ævi Ástu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



